



SKOÐUN Pawel Bartoszek vill ekki ókeypiss bílastæði. Hann vill fá að borga. **19**



MENNING Formaður Hönnunarmiðstöðvar, Borghildur Sturludóttir, harmar niðurskurð til Hönnunarsjóðs. **38**



SPORT Nokkur hundruð sæti verða auð á Laugardalsvelli á leik Íslands og Króatíu í kvöld. **40**



Whirlpool

PVOTTAVÉLAR

Heimilistæki ht.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

15. nóvember 2013
269. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

LÍFIÐ



Næsta skref er að leikstýra kvikmynd í fullri lengd

Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona í einlægu viðtali við Lífið um konur í leiklist, handritsgerð og leikstjórn.

FRÉTTIR

Bylting að hefjast Landslagið á fjarskiptamarkaði er að breytast hratt og 4G byltingin að hefjast. **4**

Hætta við að hækka Reykjavíkurborg hættir við 300 milljóna hækkanir á gjaldskrá. Taka frumkvæði í baráttu við verðbólguna. **6**

Jarðstrengir raunhæfir Niðurstöður kanadískra sérfræðinga sýna að jarðstrengir og loftflínur séu hvort tveggja raunhæfir kostir. **10**



SHALDOR
18

Bolungarvík	2°	SV	9
Akureyri	1°	S	8
Egilsstaðir	4°	SV	8
Kirkjubæjarkl.	4°	SV	5
Reykjavík	4°	V	8

Lægir með deginum en víða allhvasst í fyrstu. Úrkoma um S-vert landið og dálítill el fyrir norðan. Hiti frá frostmarki N-til að 8 stigum syðst yfir daginn. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Lífið | Jólaljör | Fólk



RELAMA KJÓLL 10.900

VILA
KRINGLAN / SMÁRALIND



ANDSTÆDINGARNIR MÆTTIR Króatíska landsliðið í knattspyrnu fékk ekki að æfa á keppnisvelli, Laugardalsvelli, í gær, eins og hefð er fyrir. Ákveðið var að hlífa vellið og lögðu Króatarnir því leið sína á Kópavogsvöll. Skærustu stjórnur Króata, framherjinn Mario Mandzukic hjá Bayern München (númer sautján), Luka Modric hjá Real Madrid (númer tíu), Eduardo da Silva (númer 22) og fyrirliðinn Dario Srna (númer ellefu) hjá Shakhtar Donetsk voru einbeittir í gær í upphitun með þjálfara sínum, Niko Kovac (dökkklæddur). Sæti á heimsmeistaramótinu í Brasilíu er í húfi þegar flautað verður til leiks í fyrri leik liðanna klukkan 19. Sjá síður 40 og 42. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sveppur ógnar velferð ráðuneytisstarfsfólks

Hluti starfsmanna í velferðarráðuneytinu hefur þurft að færa starfsstöð sína vegna myglusvepps sem grasserar á þriðju hæð ráðuneytisins. Sveppurinn kom upp í annað sinn í haust. Framkvæmdir nú ná til 16 skrifstofa og fundaaðstöðu.

HEILBRIGÐISMÁL Myglusveppur plagar hluta velferðarráðuneytisins, sem er til húsa í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík. Undir ráðuneytið heyrja bæði heilbrigðisráðherra og ráðherra félags- og húsnæðismála.

„Framkvæmdir vegna þessa standa yfir,“ segir Margrét Erlendsdóttir, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins. Hluti starfsfólks hefur á meðan verið fluttur og fengið aðstöðu í húsnæði stjórnarráðsins í Skuggasundi. Síðasta vor segir Margrét hafa þurft að taka í gegn skrifstofugang á þriðju hæð ráðuneytisins vegna myglusvepps. Á ganginum eru tólf skrifstofur og hafði hluti starfsfólks fundið fyrir óþægindum. Rannsókn staðfesti svo grun um myglusvepp. Þá tóku framkvæmdir tæpa þrjá mánuði.



MARGRÉT ERLENDSDÓTTIR

Sveppirnir fá yfirleitt ekki að grassera

Myglusveppur getur komið upp í húsnæði þar sem raki kemst inn eða vatn lekur. „Yfirleitt fær þetta ekki að grassera,“ segir Vigfús Halldórsson, forstöðumaður framkvæmda hjá Fasteignum ríkissjóðs.

Hann segir að svona mál geti þó ávallt komið upp í eldri húsum. „Fyrsta skrefið er að koma í veg fyrir lekann, hvort sem hann er í lögnum eða kemur að utan. Svo þarf að hreinsa upp þann svepp sem kominn er.“ Í slæmum tilfellum segir Vigfús að skipta þurfi um gólfefni þar sem sveppur hefur komist undir og eins sé slæmt ef smit hefur komist í gipsplötur í veggjum. Í heilu timbri sé hins vegar hægt að þússa sig niður úr sykingunni.

„Í haust vaknaði svo grunur um að myglusveppur leyndist víðar í skrifstofuhúsnæði á þriðju hæðinni og var það staðfest með frekari rannsókn,“ segir Margrét. Því hafi verið ráðist í úrbætur að nýju og taki framkvæmdirnar, sem séu í tveimur áföngum, til sextán skrifstofa auk fundaaðstöðu. „Fyrri hluti framkvæmdanna er langt kominn,“ segir Margrét. Faxaflóahafnir eiga húsið og annast framkvæmdir.

Að sögn Margrétar leiddi könn-

un í ljós að fjarvistir starfsfólks vegna veikinda væru ekki meiri en þær hefðu verið síðustu ár, en bornir voru saman veikindadagar frá hausti 2011 til 2012 og frá hausti 2012 til 2013. „Því er hins vegar vandsvarað hvaða áhrif myglusveppurinn hefur á heilsu fólks og fjöldi veikindadaga veitir ekki skýr svör við því.“ Margrét segir líka ljóst að fólk sé mismæmt fyrir sveppnum, meðan sumir finni fyrir einkennum kenni aðrir sér einskis meins.

Til Íslands frá Filippseyjum: Mismi frænkur í hamförunum

FILIPPSEYJAR „Við höfum aðeins heyrt í einni systur móður minnar, í aðeins örfáar sekúndur, og fengum ekki góðar fréttir. Hún er búin að missa tvær dætur sínar [...] og líkin hafa ekki fundist.“ Svona lýsir April Jane de Luna, sem flutti ásamt fjölskyldu sinni til Íslands frá Filippseyjum árið 2000, áhrifum hamfaranna þar á fjölskylduna.

- ebg / sjá síðu 12

GJAFABRÉF Í ÚRVALI

Gefðu ávísun á góða heilsu í jólagjöf



WorldClass ICELAND
LAGARSPA

SPURNING DAGSINS



Jónína, er betra að eiga gæðaskæði?

„Já, það er algjört æði!“

Jónína Sigurbjörnsdóttir skósmiður segir það borga sig að gera við dýra og vandaða skó.

Innanríkisráðherra sprengdi fyrstu formlegu sprengingu Norðfjarðaganga: Gangagröftur formlega hafinn

SAMGÖNGUR Fyrsta formlega sprenging Norðfjarðaganga fór fram í gær við gangamunnann Eskifjarðarmegin.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra ýtti á sprengjuhnappinn við mikil fagnadarlæti viðstaddra. „Þetta var mikil hátíðarstund fyrir íbúa hér á svæðinu. Það leyndi sér ekki að þeir hafa beðið lengi eftir þessari samgöngubót og eru fullvissir um að hún muni færa þeim ný tækifæri,“ segir Hanna Birna. - hg



SPRENGT Norðfjarðargöng munu tengja Eskifjörð og Neskaupstað saman og verða um 7,9 kílómetrar að lengd. Áætluð verklok eru haustið 2017. MYNDIAUSTURFRÉTT

Stefnt að stækkun hótelsins: Keypti 85% hlut í Hótel Borg

VIÐSKIPTI Fasteignasjóðurinn SRE II, sjóður á vegum sjóðastýringarfyrirtækisins Stefnis, hefur gengið frá kaupum á 85 prósent hlut í Hótel Borg.

„Keahótel ehf. er leigutaki og rekstraraðili Hótel Borgar og mun verða það áfram,“ segir Þórhallur Hinriksson, framkvæmdastjóri SRE II.

Þórhallur segir að sjóðurinn stefni að því að bæta 43 herbergjum við hótelið þar sem nú eru 56 herbergi. - hg



KLIPPT Á BORDA Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði, fékk aðstoð við að opna kaffihúsið formlega. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Kaffihús Hrafnistu í Hafnarfirði var formlega opnað í gær:

Bæjarstjórinn keypti fyrsta glasið

HAFNARFJÖRÐUR Kaffihornið, nýtt kaffihús á Hrafnistu í Hafnarfirði, var formlega opnað í gær. Kaffihúsið er opið almenningi og þar geta vistmenn og aðrir keypt léttvín og aðrar veitingar.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði, keypti fyrsta rauðvinsglasið. Hún drakk vínið þó ekki sjálf, enda bindindismanneskja og fyrrverandi forvarnfulltrúi Flensborgarskólans í Hafnarfirði.

„Ég drekk ekki áfengi en ég hellti víninu ekki niður eins og sumir höfðu haft áhyggjur af. En ég keypti líka bjór, sérrí og kaffi fyrir okkur sem komum að því að klippa á borðann og ég get vottað að kaffið þarna er mjög gott,“ segir Guðrún. - hg

Steingrímur Páll Kárasón:

Greiði Arion banka milljarð

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt Steingrím Pál Kárasón, fyrrverandi framkvæmdastjóra áhættustýringar Kaupþings, til að greiða Arion banka hf. rúman milljarð íslenskra króna með dráttarvöxtum.

Steingrímur tók lán hjá Kaupþingi til kaupa á hlutum í bankanum. Áður hafði forstjóri bankans rift persónulegum ábyrgðum starfsmanna Kaupþings á slíkum lánum en sú ráðstöfun var talin ólögæt. - fbj

Fulltrúar Sí og Glitnis funda:

Hitta kröfuhafa í næstu viku

VIÐSKIPTI Andrew Jent, forseti Hayman Capital Management LP sem er meðal kröfuhafa föllnu íslensku bankanna, segir í samtali við Bloomberg að kröfuhafar Glitnis hafi loksins fengið fund með Seðlabanka Íslands og slita-stjórn Glitnis. Fundurinn er fyrirhugaður þann 18. nóvember.

Jent segist þó ekki líta á þann fund sem upphaf formlegra samningaviðræðna en hægt hafi á uppgjörsferlinu eftir alþingiskosningar í vor. - fbj

Óskar lögfræðialits á biðlaunum sviðsstjóra

Bæjarfulltrúi í Kópavogi segir tólf mánaða biðlaun sviðsstjóra óeðlileg. Bæjarstjóri verði kærður fyrir að svara ekki fyrirspurnum um árangur af starfi sviðsstjórans. Þetta er snjóbolti sem bæjarfulltrúinn setti sjálfur af stað, ítrekar bæjarstjórinn.

SVEITARSTJÓRNIR „Nú mun ég senda innanríkisráðuneytinu kvörtun yfir því að bæjarstjórinn sinni ekki skyldum sínum og svari ekki kjörnum fulltrúa,“ segir Guðrjúður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs.

Guðrjúður hefur ítrekað spurt í bæjarráði um árangur af vinnu Guðrúnar Pálsdóttur, fyrrverandi bæjarstjóra, í starfi sviðsstjóra. Á þar síðasta bæjarráðsfundi boðaði hún kærna á hendur Ármanni Kr. Ólafssyni bæjarstjóra ef hann svaraði ekki á næsta bæjarráðsfundi. Sá fundur fór fram í gær. Svar var ekki lagt fram.

Ármann segir starfslýsingu Guðrúnar liggja fyrir. „Þá voru starfinu gerð skil í formlegu svari til Guðrúnar sem lagt var fram í bæjarráði í febrúar á þessu ári,“ segir bæjarstjórinn sem kveður blaðamann vera að upplýsa hann um að „Guðrjúður ætli að fylgja eftir hótun sinni“ um kærna. „Það verður vissulega forvitnilegt að sjá „kærna“ og ekki síður málsmeðferð ráðuneytisins.“

Guðrjúður segir að þó að Ármann vísi til starfslýsingar geti verið grundvallarmunur á því sem eigi að gera og því sem sé gert.

„Ég hef ekki séð að á þessum mánuðum sem liðin eru frá því að staðan var stofnuð hafi eitthvað verið í vinnslu sem tengdist þeim verkefnum sem viðkomandi átti að vinna. Áður en staðan var lögð niður óskaði ég ítrekað eftir að starfsmaðurinn mætti fyrir bæjarráð og gerði grein fyrir störfum sínum. Hann mætti ekki,“ segir Guðrjúður.

Þá vísar Guðrjúður til þess að

„Það verður vissulega forvitnilegt að sjá „kærna“ og ekki síður málsmeðferð ráðuneytisins.“

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi

sviðsstjórinn er á tólf mánaða biðlaunum. „Þetta er ný staða og þessi sami starfsmaður er áður búinn að vera á fimmtán mánaða starfslokasamningi. Þetta er fullkomlega óeðlilegt og ég mun óska eftir lögfræðilegu áliti á því hvort það var nauðsynlegt að leysa viðkomandi frá störfum á tólf mánaða starfslokasamningi,“ segir hún.

Ármann segir að mis-skilnings virðist gæta. Ekki sé um að ræða starfslokasamning við Guðrúnu heldur eigi hún rétt á biðlaunum samkvæmt almennum kjarasamningi. Lögfræðingar bæjarins hafi að sjálfsögðu farið yfir það.

„Þá vil ég ítreka að þessi snjóbolti fór af stað þegar Guðrjúður ákvað að reka þáverandi bæjarstjóra í upphafi árs 2012 án skýringa og enn í dag liggja ekki fyrir trúverðug svör. Svo virðist sem Guðrjúður sé enn að glíma við þær pólitísku afleiðingar sem það frumhlaup hafði á sínum tíma,“ segir bæjarstjórinn. gar@frettabladid.is

GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR Oddviti Samfylkingarinnar segir engin merki hafa sést um sviðsstjóra-störf fyrrverandi bæjarstjóra.



Saksóknari fellir niður rannsókn á fyrrverandi stjórnendum Landsbankans:

Málið ekki líklegt til sakfellis

DÓMSMÁL Sérstakur saksóknari hefur fellt niður rannsókn á hendur fimm fyrrverandi stjórnendum gamla Landsbankans.

Rannsóknin sneri að þremur málum, þar sem meðal annars voru millifærðir milljarðar króna af reikningi Landsbankans í Seðlabankanum inn á reikninga í eigu Straums og MP banka hinn 6. október 2008, sama dag og neyðarlögin voru sett. Daginn eftir tók skilanevnd yfir rekstur bankans. Þriðja málið snerist um millifærslu vegna kaupa Landsbankans á verðbréfum í sjóðum Landsvaka eftir lokun sjóðanna.

Mennirnir fimm eru Sigurjón Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, Hannes Júlíus Hafstein, fyrrverandi deildarstjóri fjárfestingabanka á lögfræðisviði bankans, Jón Þorsteinn Oddleifs-

„Rannsóknin var komin á endastöð.“

Arnþrúður Þórarinsdóttir, saksóknari hjá Embætti sérstaks saksóknara.

son, fyrrverandi forstöðumaður fjárfestingar, Stefán Héðinn Stefánsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri eignastýringar, og Þórir Örn Ingólfsson, fyrrverandi forstöðumaður áhættustýringar bankans.

„Rannsóknin var komin á endastöð,“ sagði Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari í samtali við Fréttablaðið. Hún sagði að embættinu bæri að meta hvort mál væru líkleg til sakfellis og í þessu tilfelli hefði svo ekki verið.

„Að öllu virtu í þessu máli töldum við skilyrði skilavikaákvæðis hegningarlaga til að einhver geti



LANDSBANKINN Rannsóknin beindist að millifærslum sem framkvæmdar voru daginn áður en neyðarlögin voru sett. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

borið refsíabyrgð, ekki uppfyllt, hvorki efnisleg né huglæg,“ sagði Arnþrúður. - fbj



Bætum Reykjavík með fagmannlegum rekstri!

Kjósundur Sigurjón Arnórsson í 4.-6. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins 16. nóvember

● Lækkum kostnað

● Hættum við gæluverkefni

● Stöðvum síhækkandi skatta og gjöld

● Fjárfestum í grunnþjónustu og viðhaldi

● Mótum framtíðarstefnu fyrir flugvöll í Vatnsmyri

● Bætum aðgang aldraðra að hjúkrunarheimilum

ROSSI HORNSÓFI
MEÐ TUNGU
Flottur tunguhornsófi
úr PELLISIMA leðri.
Stærð: B239 x H72,5 x
L203 sm.

VALTOR
KORTALÁN
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

HORNSÓFI MEÐ TUNGU



**NÝTT
KORTATÍMABIL**
VISA MasterCard
14.11.13

**SPARIÐ
80.000**

FULLT VERÐ: 279.950

199.950

**SPARIÐ
20.000**

Price
Star

SÆNG + KODDI

**SÆNG + KODDI
6.995**

**FRÁBÆRT
VERÐ**

BERGEN SÆNG OG KODDI

Góð sæng fyllt með 1000 gr. af polyesterholtrefjum.
Sængin er síkksakksaumuð. Stærð: 135 x 200 sm.

4 STAFIR 1.695
4 STAFIR
HOME / LOVE STAFIR
Flottir, hvítir stafir. 4 stk. í pakka.
Hægt að velja um HOME eða LOVE.

49.950
FULLT VERÐ: 69.950
GEGNHEIL EIK
ROYAL SKENKUR
Flottur skenkur í nútímalegum
stíl úr gegnheilli eik.
Stærð: B182,5 x H86 x D45 sm.



**MIKIÐ ÚRVAL AF
FLISTEPPUM**

VERÐ FRÁ:
595

FRÁBÆR TILBOÐ

**33%
AFSLÁTTUR**



LARES
FJARSTÝRÐ
ÞYRLA
Gengur fyrir 6 x
AA rafhlöðum.

FULLT VERÐ: 5995
3.995

**RAKEL
SÆNGURVERASETT**
Til í gráu, beige, bláu
og fjólubláu. Efni: 100%
bómull. Lokað með tölum.
Einnig fáanlegt í stærðum:
140 x 220 sm.
4.495 nú: **3.369**
200 x 220 sm.
6.995 nú: **5.239**

140 X 200 SM. FULLT VERÐ: 3.995

2.995

**25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM STÆRÐUM**


**GOLD
EINSTÖK
GÆÐI**



FULLT VERÐ: 3.895
3.195

NÁTTBUXUR
Þægilegar herra-
og dömunáttbuxur.
4 mismunandi litir
fáanlegir.
Stærðir: S-XL.
Vnr. RL-557PINK W,
RL-551GREY SR

**ALLT AÐ
20%
AFSLÁTTUR**



LJÓSATRÉ
5.995

ANTILA LJÓSATRÉ
Ljósatré með 140 ljósum. Hæð: 1 mtr.
Notast utandyra.



HYRROKIN ÚTISERÍA
Útisería með 180 LED
ljósum. Lengd: 3,5 mtr.

180 LED PERUR

3.995



**10 STK.
349**

JÓLAKORT
Falleg jólakort með íslenskum
texta. 2 gerðir í pakka. Stærð:
10 x 15 sm.



FULLT VERÐ: 2.895
2.295

BARNANÁTTBUXUR
Þægilegar barna-
náttbuxur sem fást í 4
mismunandi litum.
Stærðir: 4-14 ára.

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
Gildir til 17.11.13



VERÐ FRÁ:
295

JÓLAKERTI
Mikið úrval
af fallegum
jólakertum á
frábæru verði!

SVONA ERUM VIÐ



800 tonn af mandarínunum flutt inn til landsins á tímabilinu frá lokum nóvember og fram til áramóta árið 2012.

Hver íslendingur borðar að meðaltali 25 til 30 mandarínur í kringum jólin, sem gerir um níu milljónir þegar allt er talið.

Evrópusambandið gerir engar athugasemdir við sölu á ríkisborgararétti:

Malta reiknar með stórgróða

MALTA Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins segir að Evrópuþómsólinn hafi ítrekað staðfest að ríki ráði því sjálf hverjum þau veita ríkisborgararétt. Evrópusambandið (ESB) hafi því engan rétt til að koma í veg fyrir að Malta selji ríkisborgararétt sinn fyrir andvirði ríflega hundrað milljónir króna.

upp á allt að 300 milljónir evra á ári. Auk þess er vonast til að auðkífingar sjái sér nú hag í að setjast að á Möltu, fjárfesti þar og styrki efna-hagslífið með ríkulegri einkaneyslu. Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt þessi áform harðlega og heitir því að þegar hún komist til valda á ný muni hún svipta alla, sem keypt hafi ríkisborgararétt með þessum hætti, þeim rétti. Samkvæmt reglum ESB eru aðildarríkin sjálfráð um hverjum þau veita ríkisborgararétt. -gb



JOSEPH MUSCAT Hefur verið forsætisráðherra Möltu frá því í vor, þegar Verkamannaflokkur hans vann kosningasigur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða Læknir rekinn og hættir strax

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hefur sagt lækninum Tómasi Halldóri Þajdak upp störfum. Ekki var óskað eftir starfskröftum hans frá og með 12. nóvember, samkvæmt frétt bb.is. Miklar deilur hafa verið undanfarna mánuði um störf Þorsteins Jóhannssonar, yfirlæknis á stofnuninni, og var Tómas einn þeirra lækna sem gerðu athugasemdir við hæfi Þorsteins en máli hans eru nú á borði Landlæknisembættisins. -jme



UPPBOÐ Samkvæmt frumvarpi þriggja stjórnarandstöðuflokka verður Íbúðalánasjóði óheimilt að láta bjóða upp húsnæði fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tímabundin réttarvernd:

Uppboðum verði hætt í bili

ALPÍNGI Samkvæmt frumvarpi sem þingmenn Þjartrar framtíðar, Pírata og Samfylkingar hafa lagt fram á Alþingi verður Íbúðalánasjóði óheimilt að krefjast nauðungarsölu á fasteign vegna þeirrar óvissu sem enn ríkir í fjármálum skuldugra heimila.

Um tímabundið ákvæði er að ræða, eða til 1. október á næsta ári. Í greinargerð segir að ákvæðið eigi annars vegar að veita skuldugum fjölskyldum sérstaka tímabundna réttarvernd og hins vegar að veita stjórnvöldum svigrúm til að bregðast við erfiðleikum sem enn steðja að fjárhag heimila landsins. -jme

Ríkið borgar minna fyrir lyf:

Lækkar um milljarð króna

HEILBRIGÐISMÁL Áætlað er að verðendurskoðun lyfjagreiðslunefndar á apótekslyfjum og sjúkrahúslýfjum muni spara ríkinu um einn milljarð króna.

Lækkun á verði apótekslyfja í kjölfar endurskoðunarinnar tók gildi í maí og er áætlað að sparnaðurinn nemi um 430 milljónum króna á ári. Lækkun á sjúkrahúslýfjum tók gildi 1. nóvember og er áætlað að sparnaður þar verði um 525 milljónir króna á ári miðað við heildsölulverð með virðisaukaskatt þegar tillit hefur verið tekið til gildandi útboða. -jme

Ný bylting er rétt að hefjast

Skýrsla Póst- og fjarskiptastofnunar um íslenska fjarskiptamarkaðinn á fyrri helmingi ársins sýnir með skýrum hætti hvernig landslagið er að breytast. Framkvæmdastjóri Nova segir að ný bylting sé að hefjast með innreið 4G.



LIV BERGÞÓRSDÓTTIR


FJARSKIPTI Þrátt fyrir að fjarskiptamarkaðurinn hér á landi hafi breyst gríðarlega síðustu ár er stóra stökkið rétt að byrja með uppgangi 4G-farnetsins. Í tölfræðiúttekt Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) á íslenska fjarskiptamarkaðnum kemur meðal annars fram að hefðbundnum fastlínutengingum hefur fækkað um 24.000 frá árinu 2008 og fækkar enn. Til dæmis eru fastlínur á heimilum nú rúmlega 92.000 talsins samanborið við tæplega 99.000 á fyrri hluta ársins 2011, en besta dæmið er sennilega sú staðreynd að á fyrri helmingi þessa árs töluðu Íslendingar í um 4,3 milljónir klukkustunda í símann miðað við um fimm milljónir klukkustunda fyrri hluta 2011.

256 terabætum á fyrri helmingi þessa árs. Stærsta stökkið þegar litið er til símafélaga er hjá Nova, en í skýrslu PFS kemur fram að magn gagnaflutninga á farsímakerfi Nova fjórfaldaðist á fyrri helmingi ársins miðað við sama tíma í fyrra og er nú helmingurinn af markaðnum.


Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir að þessar tölur sýni að Nova sé að festa sig í sessi sem annað stærsta farsímayerfirrtæki landsins, en þær eigi sér líka einfalda skýringu. „Þetta sýnir einna helst hvað 4G-þjónustan hjá okkur hefur fengið góðar móttökur. Með slíkri þjónustu er hraðinn og upplifunin af netnotkun bara allt önnur.“ Liv segir að 3G-væðingin sem hófst árið 2007 hafi markað ákveðin tímamót.

„En nú er ný bylting að hefjast,“ segir hún og vísar í spá frá GSMA, alþjóðlegum hagsmunasamtökum farsímayerfirrtækja, þar sem fram kemur að á næstu fimm árum muni gagnauferð á alþjóðavísu sjöfaldast frá því sem nú er, ekki síst vegna þeirra möguleika sem 4G gefur til þess að njóta margiðlunarefnis á farnetum. thorgils@frettabladid.is

Heildarfjöldi farsímaáskrifta fyrri helming árs




Gagnanotkun á farsímaneti fyrri helming árs




Heimasímalínur á Íslandi



Fjöldi almenningssíma



Markaðshlutdeild fyrirtækja á farsímaþerri



Advertisement for Locobase REPAIR skin cream, featuring a product tube and descriptive text about its benefits for skin repair.

Weather forecast section including a map of Iceland with temperature and wind data, and a list of international weather reports.

BÖKUNARDAGAR 20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM MATVINNSLUVÉLUM, HRÆRIVÉLUM, BLÖNDURUM, TÖFRASPROTUM, HANDÞEYTURUM OG ELDHÚSVOGUM



TÖFRASPROTAR



MATVINNSLUVÉLAR



BLANDARAR



HRÆRIVÉLAR



HANDÞEYTARAR



ELDHÚSVOGIR

Allt vöruúrvalið fæst í Skeifunni, Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum. Gildir til 24. nóvember.



EINFALT AÐ
SKILA EÐA SKIPTA

Skilamið
Þessi vara er leyft
HAGKAUP og fer
skilad eða skipt.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir ísfrska nýsköpunarfyrirtækið sem hyggst selja lækingavörur úr þorskroði á Bandaríkjamarkaði?
2. Hver er formaður Skólameistarafélags Íslands?
3. Hvaða íslenski kór frumflytur verk eftir hinn nylátna John Tavener á tónleikum í London í dag?

SVÖR: Kammerker for Südurlands. 1. Kerels. 2. Ársell Guðmundsson. 3.

Talið auka umferðaröryggi á einum fjölfarnasta þjóðvegi landsins: Víravegrið á Reykjanesbrautina

SAMGÖNGUR Framkvæmdir eru langt komnar við uppsetningu víravegriðs milli akreina á tvöfalda kafla Reykjanesbrautar.

Verktakafyrirtækið Nortak sér þar um að setja upp 8,6 kílómetra vegrið og er gert ráð fyrir að framkvæmdum ljúki innan tveggja vikna nema eitthvað komi upp á. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni mun kostnaðurinn við verkið nema um 60 milljónum króna.

Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður hjá Vegagerðinni, segir að

vegriðið sé sett upp í öryggisskyni til að fyrirbyggja að bílar geti runnið af annarri akrein yfir á hina. Stefnt sé að því að setja upp vegrið á öllum tvöfalda kaflanum, en tímaþingning velti á fjármagni.

Aðspurð hvort öryggisskjórnarmíð eða sparnaður liggja á bak við ákvörðun um að setja upp víravegrið í stað stálriðs segir Auður að hvort tveggja hafi komið til greina. „Þetta er talið jafnöruggt en það skefur síður á víravegriðin og það skiptir ekki síst máli.“



Í ÖRYGGISSKYNI Stefnt er að því að ljúka þessum áfanga af uppsetningu víravegriðs á Reykjanesbrautinni á næstu tveimur vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Flylja úr landi í stórum stíl: 248 verkfræðingar í Noregi

ATVINNUMÁL Fjöldi íslenskra verkfræðinga sem starfa í Noregi hefur nær fjórfaldast frá árinu 2008 til 2012, samkvæmt samantekt norsku vefsíðunnar off-shore.no.

Árið 2008 voru 40 íslenskir verkfræðingar starfandi á almennum markaði í Noregi og 24 hjá hinu opinbera. Árið 2012 hafði þeim fjölgað í 150 á almennum markaði og 98 hjá hinu opinbera og því unnu 248 íslenskir verkfræðingar í Noregi í fyrra.

Íslensku markaðsverðlaunin: Domino's valið fyrirtæki ársins

VIÐSKIPTI Domino's var valið markaðsfyrirtæki ársins 2013 á hátíðarfundum ÍMARK, samtaka markaðsfólks á Íslandi, sem haldinn var á Reykjavík Hilton Nordica í gær.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Magnúsi Hafliðasyni, markaðsstjóra Domino's, Íslensku markaðsverðlaunin, sem ÍMARK hafa veitt frá árinu 1990.

Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins, var á sama fundi verðlaunadur fyrir markaðsstarf sitt og valinn markaðsmaður ársins.

Munnleg fyrirspurn á Alþingi Hver á gagnagrunninn?

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisráðherra er spurður hver eigi gagnagrunn á heilbrigðisviði og þær upplýsingar um Íslendinga sem þar sé að finna, í fyrirspurn Helga Hjörvar, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi.

Helgi spyr líka hvort gerðar hafi verið athugasemdir við bandarísk yfirvöld um yfirlýst eignarhald fyrirtækisins Amgen á gagnagrunninum. Þá vill hann fá að vita með hvaða hætti sé tryggt að meðferð upplýsinga úr gagnagrunninum fari eftir íslenskum lögum.

Hætt við 300 milljóna hækkunar gjaldskráa

Formaður borgarráðs segir að með því að hætta við hækkunar á gjaldskráum taki borgin frumkvæði í sameiginlegu átaki gegn verðbólgu. Hækkunar hefðu siglt í gegn óséðar ef sjálfstæðismenn hefðu ekki haldið vöku sinni, segir oddviti þeirra.

REYKJAVÍKURBORG „Við höfum rætt við verkalyðshreyfinguna og Samtök atvinnulífsins og metum það svo að það sé breið samstaða um að reyna að sporna við verðbólgu með samstilltu átaki,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, þar sem ákveðið var í gær að hætta við hækkunar á gjaldskráum.

Að sögn Dags verða stofnanir borgarinnar af um 300 milljóna króna tekjum vegna þessa. Þá upphæð verði að bæta þeim „miðlægt“ úr borgarsjóði.

„Við munum hafa óbreytta krónutölu í gjaldskránum,“ segir Dagur. Ekkert á að verða af áður áformuðum hækkunum á gjaldskráum vegna leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimila, bóka-safnsskírteina, sundlaugarkorta og vegna þjónustu sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir.

„Við fögnum því að nú sé hlustað á gagnrýni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í þessum efnum,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, oddviti sjálfstæðismanna. Hann hafi gagnrýnt gjaldskrárhækkunarinnar harðlega í borgarstjórn.

„Ég benti á þau efnahagslegu áhrif sem hækkunar myndu hafa, bæði fyrir verðlagsþróun og yfirstandandi kjarasamninga en einnig þau beinu áhrif sem þær myndu hafa fyrir fjárhag heimilanna í borginni. Undir okkar



FRÉTTABLAÐIÐ 30. OKTÓBER 2013 Til stóð að hækka gjaldskrá leikskóla um allt að 11 prósent um áramótin en ekkert verður af því.

Advertisement for 'Vissir þú að Ísland byggðist af ást?' featuring a couple in traditional Icelandic wedding attire. Text includes 'Lifandi og aðgengileg umfjöllun um ástir Íslendinga að fornu - um rétt þeirra til að elska, makaval, hjónaskilnaði, frillulíf og ást á eigin kyni.' and 'www.forlagid.is - alvöru bókaverslun á netinu'.

gagnrýni í borgarstjórn tóku aðilar vinnu- og fjármálaráðherra,“ segir Júlíus. Dagur segir fulltrúa meirihlutans hafa hlustað á gagnrýni. „Það eru útbreiddar áhyggjur af því að ef allir gera eins og venjulega, að taka hækkunar á verðlagi inn í sínar gjaldskráir, þá leiðir sú vanahugsun til sjálfkrafa verðbólgu,“ segir formaður borgarráðs og viðurkennir að þetta hafi einmitt verið gert í fjárhagsáætlun borgarinnar.

Júlíus segir meirihlutann hafa gert alvarleg mistök. „Ég er þess fullviss að ef sjálfstæðismenn hefðu ekki haldið vöku sinni og lagt fram útreikninga um áhrif þessara gjaldskrárhækkana á

heimilin í borginni þá hefði þetta siglt hjá án þess að það hefði vakið mikla athygli.“ Dagur segir að í baráttu við verðbólgu hafi allir svofliði verið að bíða eftir öllum. „Við tókum þá áhættu að taka frumkvæðið. Leiðangurinn lukkast ekki nema allir séu með. En einhver verður að byrja.“

Leidangurinn lukkast ekki nema allir séu með. Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs.

Advertisement for 'Ljós í myrkri' (Light in the dark) featuring various lighting products like lamps, spotlights, and projectors. Includes prices and the MURBÚÐIN logo.

Flestir veiða færri en 15 rjúpur fyrir jólin og veiða innan við fjóra daga: Sölubann skilað góðum árangri

UMHVERFISMÁL Náttúrufræðistofnun telur að sölubann á rjúpu og það að hvetja veiðmenn til að sýna höfsemi í veiðum hafi skilað mestum árangri varðandi verndun rjúpnastofnsins.

Sölubann var sett á 2005 og eftir það hafa veiðimenn að jafnaði veitt um 10 prósent áætlaðs veiðistofns óháð leyfilegum veiðidagafjölda. Áður en sölubann var sett á var hlutfallið 25 til 30 prósent. Veiðiskýrslur gefa enn fremur til kynna að höfsemi veiðimanna sé meiri þar sem hlutfall þeirra sem veiða færri en 15 rjúpur fer hækkandi.


Í gögnum Náttúrufræðistofnunar kemur fram að 70 til 80 prósent veiðimanna veiða innan við fjóra daga óháð því hvort leyfilegt er að veiða 47 eða 9 daga. Sóknardagafjöldinn breytist lítið á milli ára. Stofnunin telur því að fáir leyfilegir veiðidagar dragi ekki jafn mikið úr heildarveiðinni og talið var þegar þeim var fyrst fækkað verulega árið 2005.

Undanfarin ár hefur fyrst og fremst verið lögð áhersla á þrjú atriði í veiðistjórnun. Fækkun sóknardaga, sölubann og ósk um að veiðimenn sýni höfsemi.



SÖLUBANN Veiðimenn hafa farið að óskum Náttúrufræðistofnunar og nær eingöngu veitt fyrir sjálfa sig.

ÞÍN STUND ÞINN STAÐUR



TIMEOUT STÓLLINN
Hannaður með fagurfræði og þægindi að leiðarljósi.
Hönnuður: Jahn Aamodt



LEVANTO hægindastóll með skemli
VERÐ 139.800
Til í svörtu, gráu, brúnu, hvítu og rauðu leðri.
Einnig til í rauðu og gráu áklæði.



OPUS hægindastóll með skemli
VERÐ 219.800
Til í rauðu, svörtu og hvítu leðri.
Einnig til í orange og gráu áklæði.



TIMEOUT hægindastóll með skemli
VERÐ 379.980
Til í mörgum litum og útfærslum.



HJÓNAGJÖFIN YKKAR

C&J PLATINIUM heilsurúm



Charlotte S Julien
Dream your work!

Gafl er ekki innfalinn í verði.

C&J PLATINIUM heilsurúm
Dýna, Classic-botn og lappir
Verðdæmi 120x200 cm
Jólaverð kr. 99.900
Verðdæmi 160x200 cm
Jólaverð kr. 127.900
Verðdæmi 180x200 cm
Jólaverð kr. 134.900

Fæst í mörgum stærðum.



CHIRO DELUXE heilsurúm



Gafl er ekki innfalinn í verði.

CHIRO DELUXE heilsurúm
Dýna, Classic-botn og lappir
Verðdæmi 160x200 cm
Jólaverð kr. 256.000
Verðdæmi 180x200 cm
Jólaverð kr. 278.000

Fæst í mörgum stærðum.



C&J STILLANLEGT heilsurúm

með *Infinity* dýnu

Charlotte S Julien
Dream your work!



Práðlaus fjarstýring

C&J STILLANLEGT með *Infinity* heilsudýnu
Verðdæmi 2x90x200 cm
Verð kr. ~~581.800~~
Kr. 494.530
Á JÓLATILBOÐI
Þú sparar kr. 87.270

Fæst í mörgum stærðum.



* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.



Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

www.betrabak.is

Eyðilegging hluta lífríkis í höfunum blasir við heiminum á næstu áratugum:

Höfin súrna hraðar og hraðar

VÍSINDI Hafið súrnar hraðar en nokkru sinni, með fyrirsjáanlegum og afdrifaríkum afleiðingum fyrir lífríki hafsins.


Samkvæmt nýrri skýrslu, sem kynnt verður á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Póllandi í næstu viku, hefur hafið súrnað um 26 prósent frá upphafi iðnvæðingar. Súrnunin hefur ekki verið jafn hröð í 300 milljónir ára.

Búast má við að súrnun hafsins aukist um 170 prósent fram til ársins 2100. Um 30 prósent af tegund-

um lífríkisins í hafinu lifa þetta vart af.

Höfundar skýrslunnar segja augljóst að þarna sé útblæstri gróðurhúsalofttegunda um að kenna. Á hverjum einasta degi bætast 24 milljónir tonna af koltvísýringi út í höfin og allt er það af mannavöldum.

Eftir því sem súrnunin eykst dregur jafnframt úr getu hafsins til að draga í sig koltvísýring, þannig að mótvægisáhrif hafsins gegn loftslagsbreytingum minnka. -gb



VIÐ HAFIÐ Meðal fyrstu fórnarlamba súrnunar hafsins verða kóraldýr og skelfiskar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Áhrif súrnunar á lífríki hafsins

■ **Lindýr:** Skeldýr, sniglar, smokkfiskar
Áhrifin eru þegar byrjuð að sjást. Þau birtast til dæmis í lélegri kalkmyndun, vaxtartregðu og styttri líftíma. Sumar tegundir gætu dáið út.

■ **Skrápdýr:** Ígulker, sæbjúgu, krossfiskar
Áhrifin hafa ekki verið mikið rannsökuð, en þessar tegundir verða berskjaldaðri. Sumar tegundir gætu dáið út.

■ **Krabbadýr:** Rækjur, krabbar, humrar og fleira
Verða fyrir einna minnstum áhrifum. Sumar tegundir krabbadýra þola þó minni hita.

■ **Fiskar:** Síld, sardínur, ansjósur; túnfiskur, makrill, sverðfiskar; lúða, þorskur, ýsa og fleiri
Óbein áhrif eru líkleg vegna þess að fæða og búsvæði tapast. Bein áhrif á hegðun og heilsu hugsanleg.

■ **Kóraldýr**
Kalkmyndun minnkar, eyðing búsvæða, samvirk áhrif hlýnunar og súrnunar.



Sádi-Arabía rekur innflytjendur úr landi:

Hundruð þúsunda burt

SÁDI-ARABÍA, AP Hundruð þúsunda erlendra verkamanna í Sádi-Arabíu hafa verið fluttir úr landi á síðustu vikum og mánuðum. Tugir þúsunda hafa verið handteknir en margir eru farnir í felur af ótta við aðgerðir stjórnvalda. Afleiðingin er sú að stór hluti atvinnulífsins lamast, enda hafa innflytjendur sinnt mikilvægum láglauastörfum, sem heimamenn líta ekki við.

Áhrifin blasa við: Rusl er farið að safnast upp á götunum, matvöruverslanir eru margar lokaðar og smærri verktafyrirtæki sinna ekki lengur þeim byggingaframkvæmdum sem þau höfðu tekið að sér.

Atvinnuleysi hefur verið að aukast í Sádi-Arabíu undanfarið, var komið upp í 12,1 prósent í lok síðasta árs. Stjórnvöld virðast telja að lausnin sé fólgin í því að losna við innflytjendurna, þá losni um



BÍÐA BROTTFLUTNINGIS Hópur innflytjenda undir eftirliti lögreglu í einu úthverfa höfuðborgarinnar Ríad.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

störf sem atvinnulausir Sádur geti stökkið í. Vaxandi andúðar hefur hvort eð er gætt meðal heimamanna í garð útlendinga.

Því var gripið til þess ráðs að láta nú til skaras skriða gegn innflytjendunum, en óljóst er hversu hagstæðar afleiðingarnar af svo stórtækum aðgerðum verða fyrir efnahagslíf landsins. -gb

Persónuvernd í samstarfi

Alþjóðleg rannsókn á SWIFT

NEYTENDUR Persónuverndarstofnanir í Hollandi og Belgíu eru að vinna úttekt á alþjóðlega greiðslumiðlunarkerfinu SWIFT, í ljósi ábendinga um að erlendar leyniþjónustur, hugsanlega bandaríska þjóðaröryggisstofnunin, kunni að hafa öðlast ólögmatan aðgang að kerfinu.

SWIFT eru samtök í eigu fjármálastofnana um heim allan. Samtökin reka samskiptakerfi sem er notað til að millifæra fjármagn með öruggum hætti. Á Íslandi er SWIFT-kerfið notað til að millifæra peninga á reikninga í erlendum bönkum.

Persónuvernd og systurstofnanir hennar í öðrum Evrópuríkjum eiga með sér náið samstarf, einkum um álitafni sem varða vinnslu persónuupplýsinga í fleiri en einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. -jme



PÁLL GUNNAR PÁLSSON Viðskiptaráð, SA, ASÍ og Landssamtök lífeyrissjóða standa í dag fyrir fundi um stöðu lífeyrissjóða í atvinnulífinu, hluthafastefnu þeirra og mikilvægi góðra stjórnarháttá og virkrar samkeppni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samkeppnis- eftirlitið horfir til lífeyrissjóða

Stóraukið eignarhald lífeyrissjóða á fyrirtækjum, stundum með aðkomu banka, getur gert samkeppnisstöðu fyrirtækjanna óskýra. Eignarhald mikilvægra atvinnufyrirtækja getur orðið ógagnsætt þar sem óljóst er hver ráði ferð og hver eigendastefnan sé.

VIÐSKIPTI Samkeppniseftirlitið hefur að undanfögnu beint sjónum sínum að eignarhaldi lífeyrissjóða á atvinnufyrirtækjum, að sögn Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra Samkeppniseftirlitsins.

Á morgunverðarfundi um lífeyrissjóði og íslenskt atvinnulíf sem fram fer í dag segist Páll Gunnar munu leggja fram sjónarmið eftirlitsins um hvað beri að varast og segist vonast eftir gagnlegri umræðu. Að fundinum standa Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og Landssamtök lífeyrissjóða.

Páll Gunnar bendir á að í nýlegri skýrslu Samkeppniseftirlitsins, „Er týndi áratugurinn fram undan“, sé vakin athygli á því að hér sé að myndast óskýrt eignarhald á fyrirtækjum. „Við vísam til þess að þótt bankarnir hafi minnkað hlut sinn í fyrirtækjum eru þeir enn með mikil ítök. Samhliða hefur eignarhlutur lífeyrissjóða aukist,“ segir hann.

Þótt þátttaka lífeyrissjóða sé í sjálfu sér ekki óeðlileg liggja vandinn í gríðarlegu vægi þeirra í núverandi og fyrirsjáanlegu eignarhaldi á fyrirtækjum. „Í mörgum tilvikum munu nokkrir lífeyrissjóðir fara samanlagt með meirihluta hlutafjár í mikilvægum samkeppnisfyrirtækjum.“ Ekki liggja í eðli lífeyrissjóða að reka fyrirtæki og því sé eignarhald þeirra almennt áhrifalítið og eigendaáhd óskýrt. Staðan verði svo enn óskýrari þegar horft sé til þess að hluti fjárfestinga lífeyrissjóðanna sé í gegnum sjóði með aðkomu

„Þetta skapar hættu á því að atvinnufyrirtæki njóti ekki eigenda sem drífa áfram heilbrigðan rekstur og gera viðkomandi fyrirtæki að virkum keppinaut á markaði.“

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

viðskiptabanka, sem oft á tíðum eigi einnig sjálfir hlut í viðkomandi fyrirtæki og hafi þar að auki margs konar hagsmuni af rekstri þess.

„Afleiðingin af öllu þessu getur orðið sú að eignarhald mikilvægra atvinnufyrirtækja verði ógagnsætt, meðal annars að því leyti að það verður ekki ljóst hvort og þá hver fer með ferðina eða hvernig eigendaáhdali er beitt,“ segir Páll Gunnar. „Þetta skapar hættu á því að atvinnufyrirtæki njóti ekki eigenda sem drífa áfram heilbrigðan rekstur og gera viðkomandi fyrirtæki að virkum keppinaut á markaði.“ Allt geti þetta dregið úr samkeppni og þar með framleiðni í íslensku hagkerfi.

Aðalfyrirlesari á ráðstefnunni í dag er Peter Lundkvist, yfirmaður stjórnarháttá hjá lífeyrissjóðnum AP3.

Samkvæmt heimildum blaðsins hafa samtök viðskipta og atvinnulífs áhuga á því að lífeyrissjóðir setji sér reglur um stjórnarháttá og gagnsæi svipaðar og þeim sem eru í Svíþjóð og hjá Norska olufjóðnum.

olikk@frettabladid.is

Július Vífill

Reynsla og þekking til forystu

1. sæti í Reykjavík

Prófkjörið fer fram laugardaginn 16. nóvember



Framundan er tími tækifæra

- Taka þarf fjármál og rekstur borgarinnar föstum tókum svo hægt sé að lækka álögur á borgarbúa.
- Tryggja verður ungum fjölskyldum aðstöðu til uppbyggingar í borginni með nýju og framsýnu aðalskipulagi.
- Bæta verður umferðaröryggi og ráðast í nauðsynlegar samgönguframkvæmdir.
- Hefja þarf nýja sókn í skólamálu í samvinnu við foreldra, nemendur og skóla.

Julius Vífill

www.juliusvifill.is

netto

Kræsingar & kostakjör

Nýtt kortatímabil!

VILLIBRÁÐIN ER Í NETTÓ

SKOSK RJÚPA

1.398 kr/stk

ANDABRINGUR FROSNAR

3.196 kr/kg

DÁDÝRALUNDIR

4.997 kr/kg

ENDUR HEILAR 2,3 KG

1.698 kr/kg

ROASTED DUCK 625GR

2.099 kr/stk

KENGÚRU FILLE

3.499 kr/kg

ORA

HREINDÝRAPATE

225 gr

674 kr/stk

ORA

ANDAPATE

100gr.

449 kr/stk

ORA

FRÖNSK
SVEITAKÆFA

225gr.

517 kr/stk




www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

UPPBÝGGING FLUTNINGSKERFIS RAFORKU

FLUTNINGSKERFIÐ Á ÍSLANDI



Grafa þarf fyrir strengjunum, oft er notast við stokka sem strengir eru síðan lagðir í.

Kostnaður við 120 kílómetra langa línu í dreifbýli**

Voltage	Loftlína (milljónir evra)	Jarðstrengur (milljónir evra)	Dýrara
220 kV	96,8	116,0	20%
132 kV	67,6	70,3	4%

Loftlínur að meginhluta

Meginhluti flutningskerfisins er loftlínur en lítill hluti raforkuflutnings fer um háspennujarðstrengi. Stærsti hluti flutningskerfisins er á spennu sem er frá 30 til 220 kV.



Flutningskerfi Landsnets flytur rafmagn frá framleiðendum raforku til almenningsveitna og stórnotenda.

Flutningskerfinu tilheyrja ríflega

3.000 KM

af háspennulínu og um 70 tengivirki og spennustöðvar.

* Heimild: Landsnet
** Skýrsla Metsco

GRAFIK/JÓNAS

Telur jarðstrengi raunhæfan kost

Niðurstöður kanadísks ráðgjafafyrirtækis benda til að jarðstrengir og loftlínur séu hvort tveggja raunhæfur kostur við uppbyggingu flutningskerfis raforku. Kostnaðurinn sé ekki lengur fyrirstaða. Landsnet rengir forsendur útreikninganna í öllum meginatriðum.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Jarðstrengur er raunhæfur valkostur við uppbyggingu á flutningskerfi raforku hér á landi, að mati sérfræðings. Því verður að leggja jarðstreng að jöfnu við loftlínur þegar ákvörðun er tekin um einstök verkefni.

Þetta er meginniðurstaða Þórhalls Hjartarsonar, framkvæmdastjóra kanadíska ráðgjafafyrirtækisins Metsco Energy Solutions, sem gerði almennan samanburð á jarðstrengjum og loftlínunum að beiðni Landverndar.

Tilfni úttektarinnar eru verkefni í Evrópu þar sem jarðstrengir hafa verið lagðir, og kostnaðarmunur við loftlínulögn er minni en talið hefur verið hér á landi.

Tveir kostir

Þó svo að loftlínur séu ríkjandi í byggingu flutningskerfa í heiminum þegar á heildina er lítið, hafa tækninýjungar og lækkandi verðlag í framleiðslu jarðstrengja og búnaði þeim tengdum gert notkun þeirra sífellt vænlegri kost á síðustu áratugum. Þetta gildir um Ísland, sem önnur lönd. Útreikningar Þórhalls sýna að jarðstrengur er aðeins um 20% dýrari sé

miðað við 220 kílóvolta (kV) raflínu. Enginn munur er á 132kV spennu.

Viðmið Landsnets varðandi jarðstrengslagnir hefur verið að hann sé ekki tæknilega eða kostnaðarlega fýsilegur á háu spennustigi [220 kV], og kemur eingöngu til athugunar á styttri köflum og við mjög sérstakar aðstæður.

Þórhallur sagði að það sem helst mælti með notkun jarðstrengja er fagurfræði- og umhverfislegt gildi, minna orkutap, lægri rekstrarkostnaður og engin áhrif veðurs, seltu og ísingar. Hins vegar eru loftlínur ódýrari í byggingu, auðveldari að gera við og

veita meira svigrúm til aukningar á flutningsgetu.

Í máli hans kom fram að ný kynslóð jarðstrengja hefur lægri bilanatíðni og þeir endast langtum lengur en eldri strengir gerðu – sennilega jafn lengi og raflínur gera, eða í um 60 ár.

Tæknileg álitamál og ný kynslóð

Á fundi Landverndar var augljóst að fjölmörgum tæknilegum atriðum þarf að svara varðandi málið. Ekki síst þeim sem tengjast landfræðilegum mun hér á Íslandi og erlendis. Eins nefndi skýrsluhöfundur að hafa bæri hugfast hvort línuvirki fengju að standa óhreyfð í 60 ár eða lengur; nýjar kynslóðir gætu haft annað í huga, eða jarðstreng ein og umhverfisumræðan í landinu hefur þróast.

Sé einhver minnsti vafi á því sé loftlínur mjög vafasöm framkvæmd, enda er líftími þessara dýru mannvirkja lykilatriði þegar kostnaður, og aðrir þættir, eru metnir.

Í þessu samhengi sagði Þórhallur að mikilvægt væri að meta heildaráhrif á þjóðfélag þegar ákvarðanir eru teknar um uppbyggingu raforkukerfisins – kannski ekki síst í tilliti til vaxtar ferðaþjónustunnar og efnahagslegs mikilvægis hennar.

Afráttarlaus niðurstaða

Túlkun Landverndar á niðurstöðum Þórhalls er afráttarlaus.

HELSTU KOSTIR:

JARÐSTRENGJA

- Óveður, ísing, selta, öskufall hafa ekki áhrif
- Lægri bilanatíðni
- Minni sjónræn áhrif

LOFTLÍNA

- Mikil reynsla af rekstri
- Minni hætta frá jarðraski
- Meðfærilegri og styttri viðgerðartími
- Margfalt minni rýmdaráhrif á raforkukerfið

„Ekki verði lengur skorast undan því að skoða gaumgæfilega mismunandi kosti við framtíðarhönnun meginflutningskerfisins. [...] Með samanburði umhverfisáhrifa þessara tveggja kosta má lágmarka neikvæð áhrif raforkuflutningskerfisins á umhverfi og samfélag og taka upplýstari ákvarðanir um svo mikilvægt samfélagsmál. Niðurstöður Metsco sýna svo ekki verður um villst að jarðstrengslausnum á hærri spennustigum verður ekki lengur ýtt út af borðinu á grundvelli kostnaðarmunar við loftlínur. Hugmyndir um byggingu slíkra loftlína eru meðal annars í Skagafirði, Eyjafirði, Þingeyjarsýslum, á Reykjanesskaga og Sprengisandi,“ eins og segir í tilkynningu.

Hreyfing á ráðamönnum

Eins og Fréttablaðið greindi frá 21. október þá kallar Landsnet eftir stefnumótun stjórnvalda, enda séu hendur fyrirtækisins bundnar af lögum þangað til annað liggur fyrir. Löggin í landinu segja að fyrirtækið eigi að leita hagkvæmustu lausna við uppbyggingu.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, lagði í október fram skýrslu varðandi mótun stefnu um lagningu raflína í jörð. Þar kemur fram eindregin skoðun ráðherra um að nauðsynlegt sé að stjórnvöld móti skýra stefnu um framtíðaruppbyggingu.

„Afar frjálsglega farið með forsendur“

„Þær niðurstöður sem við stóldrum við er að ráðgjafi Landverndar tekur undir það með okkur að það sé mun dýrara að leggja jarðstrengi en reisa loftlínur, það er að segja að framkvæmdakostnaðurinn sé hærri. Hans tölur eru svipaðar og okkar hvað það varðar,“ segir Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets, spurður um hvort skýrsla Metsco renni ekki styrkum stöðum undir jarðstrengi sem kost við uppbyggingu raforkukerfisins.



Guðmundur rengir hins vegar svokallaða líftímaútreikninga sem liggja niðurstöðu Metsco til grundvallar.

„Hér snýst málið um hvernig menn túlka forsendur. Það sem við höfum lagt til grundvallar, öfugt við ráðgjafa Landverndar, er að hann gerir ekki ráð fyrir útfjöfnarstöðvum. Þær eru nauðsynlegar fyrir 120 kílómetra langan streng á 20-30 kílómetra fresti,“ segir Guðmundur. „Við gerum líka athugasemdir við að hann gefi sér að líftími jarðstrengsins sé 60 ár. Við gefum okkur að hann sé 35 ár. Það er ekki mikil reynsla komin á nýjustu strengina en framleiðendur gefa sér líftíma upp á 40 ár. Þarna munar gríðarlega miklu í útreikningum. Eins gerum við athugasemdir við að ráðgjafinn styttri líftíma loftlínanna niður í 60 ár. Til eru 80 ára gamlar loftlínur – og jafnvel eldri.“

Spurður hvort hann rengi niðurstöðu skýrslunnar í öllum aðalatriðum, segir Guðmundur: „Okkur greinir á. Við fáum út að jarðstrengir séu umtalsvert dýrari og okkur finnst hann fara afar frjálsglega með forsendur – og ekki hafa rök fyrir því.“

HILDUR SVERRIS

FYRSTA SÆTI



allt að vinna
í Reykjavík

& kl.19⁰⁰ í kvöld!

ný nálgun, ný tækifæri

www.hildursverris.is

Verður framtíðin án reiðufjár?

Landsbankinn stendur fyrir opinni ráðstefnu um framtíð reiðufjár í Silfurbergi, Hörpu, þriðjudaginn 19. nóvember kl. 8:30–11:00. Þar ræðir fjölbreyttur hópur sérfræðinga þróun greiðslumiðlunar og framtíð notkunar reiðufjár á Íslandi. Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Skráning á landsbankinn.is.

Dagskrá

- | | | |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| » Setning
Steinþór Pálsson
bankastjóri Landsbankans | » Öryggi í heimi án reiðufjár
Friðrik Þór Snorrason
forstjóri Reiknistofu bankanna | » Ríki án reiðufjár
Hörður Helgi Helgason
settur forstjóri Persónuverndar |
| » Hvað finnst Íslendingum um reiðufé?
Ása Karín Hólm
Capacent kynnir niðurstöður viðhorfskönnunar | » Íslensk greiðslumiðlun; hlutverk reiðufjár í nútímapjódfélagi
Guðmundur Kr. Tómasson
framkvæmdastjóri greiðslukerfa hjá Seðlabanka Íslands | » Er seðlaleysi raunhæfur kostur í verslun og þjónustu?
Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu |
| » The Future of Cash: Norway's Case
Kjetil Staalesen
Special Advisor to the Finance Sector Union of Norway | » Reiðufé eða rafrænt – skiptir það máli?
Daníel Svavarsson
forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans | Pallborðsumræður verða að erindum loknum |

Fundarstjóri er **Þóra Arnórsdóttir**. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



AFLEIÐINGAR HAMFARANNA Á FILIPPSEYJUM

Áhyggjurnar eru yfirþyrmandi

April Jane Deluna og fjölskylda hennar bíða eftir fréttum af ættingjum sínum í borginni Tacloban á Filippseyjum sem er í rúst eftir fellibylinn. Ekki er hægt að ná sambandi við neinn, upplýsingar eru af skornum skammti og einu fréttirnar sem þau hafa fengið voru hræðilegar.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erla@frettabladid.is



April Jane de Luna og fjölskylda hennar fluttu til Íslands frá Filippseyjum árið 2000. Þau eru frá Tacloban, þar sem fellibylurinn Haiyan hefur valdið mestu tjóni og mannfalli, og vita ekki um afdrif fjölmargra ástvina.

„Ég er fædd þarna og bjó í sjö ár. Báðir foreldrar mínir eru frá borginni, eru fædd þarna og uppalin. Þetta er heimabær okkar og margir nánir ættingjar okkar búa þarna. Við höfum aðeins heyrt í einni systur móður minnar, í aðeins örfáar sekúndur, og fengum ekki góðar fréttir. Hún er búin að missa tvær dætur sínar, þrjú ára og sex ára, en líkin hafa ekki fundist. Ég vona að líkin finnist svo við getum jarðað þær,“ segir April.

Þetta eru einu fréttirnar sem þau hafa fengið af fjölskyldu sinni. April segir skelfilega erfitt að vera

svona langt í burtu og fá engar upplýsingar.

„Allt sem við vitum um ástandið sjáum við í fjölmiðlum. Bræður pabba, sem búa á svæði sem slapp vel, ætluðu að kanna aðstæður og athuga með nokkra ættingja en það er ekki hægt að fá bensín á mótörhjólun og þeir komast ekkert. Það er ekkert sem við getum gert, bara vonað og beðið fyrir öryggi þeirra, að þau fái smámat og skjól til að sofa í.“

April segir að ef þau hefðu fjármagn til þess myndu þau fara út á mínúttunni og reyna að hjálpa til en það er óraunhæfur kostur. „Áhyggjurnar eru yfirþyrmandi og biðin er svo erfið. Svo er líka svo sorglegt að hugsa til þess að bærinn minn er farinn. Hann er bara horfinn. Það er nokkuð sem mjög erfitt er að sætta sig við.“

„Ég vona að líkin finnist svo við getum jarðað þær.“



FJÖLSKYLDAN BÍÐUR FREGNA April Jane de Luna (fyrir miðju) flutti til Íslands fyrir þrettán árum ásamt foreldrum sínum og þremur systkinum.



PYRLA FÆRIR VATN Íbúar í Tacloban fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/ÁP



95% HÚSA Á HAMFARASVÆÐUNUM ÖNYT

- **Fellibylurinn Haiyan**, sem heimamenn á Filippseyjum nefna Yolöndu, hafði áhrif á líf nærri 12 milljóna manna. Upphaflega var óttast að meira en tíu þúsund manns hefðu farist, en í gær var tala staðfestra dauðfalla komin upp í 4.460.
- **Nærri fjögur þúsund hlutu misalvarleg meiðsli**, en talið er að sú tala muni hækka nokkuð þegar hjálparstarfsfólk kemst til fleiri afskekktara svæða.
- **Á hamfarasvæðunum eyðilögðust 95 prósent allra húsa**, alls nærri 250 þúsund hús. Rúmlega 130 þúsund þeirra eru gjörónýt.
- **Afleiðingin af því er sú að rúmlega 900 þúsund hafa misst heimili sín**. Á 995 stöðum hefur verið komið upp neyðarskýlum. Þar búa nú 345 þúsund manns en 575 þúsund að auki hafa fengið húsaskjól á heimilum annarra.
- **Nærri 2,5 milljónir manna eru í þörf fyrir mataraðstoð.**
- **Rafmagn er víða niðri** og enn eru vegir þaktir braki sem torveldar alla umferð á milli svæða.
- **Sameinuðu þjóðirnar meta þörfina fyrir aðstoð** svo, að 301 milljón dala, eða 37 milljarða króna, þurfi til að standa straum af henni. Nú þegar hafa safnast 19 prósent af þeirri fjárhæð.



FÆRÐ Í ÖRUGGT SKJÓL Yngri börnin voru flutt með rútu til Calbayog á mánudaginn. Calbayog er í þrjú tíma fjarlægð en rútuferðin tekur nú tólf tíma vegna erfiðra aðstæðna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR GÍSLASON

Starfsmaður SOS-barnaþorps upplifir hörmungar:

Börnin sofa illa og kalla á hjálp í svefni

„Ég hef aldrei upplifað aðra eins hörmung og þegar ég kom til Tacloban síðastliðinn laugardag. Á öllum þeim 39 árum sem ég hef lifað hefur mér aldrei liðið jafn illa. Fellibylurinn lagði borgina í rúst,“ segir Emily Torculas, forstöðumaður SOS-barnaþorps í næstu borg við Tacloban, Calbayog.

Torculas kom til Tacloban til að sækja börn í SOS-barnaþorpinu þar og koma þeim í öruggt skjól. 101 barn og ungmenni biðu hennar skelfingu lostin.

„Þegar ég kom loksins að barnaþorpinu sá ég hvað það var illa farið. Klukkan var 11 um kvöld og það var mold út um allt og nokkur lík lágu á svæðinu. Mér leið hörmulega. Skyndilega komu nokkur börn hlaupandi að bílnum okkar. Mér leið strax aðeins betur þegar ég sá þessi fallegu og saklausu andlit.“

Yngstu börnin voru flutt síðastliðinn mánudag í barnaþorpið í Calbayog. Elstu börnin, mæður og starfsmenn urðu eftir.

„Í kvöld kemur önnur rúta og sækir þau. Eða ég vona svo sannarlega að rútan komi,“ segir Torculas en þegar blaðamaður náði í hana var klukkan átta um kvöld á Filippseyjum og hópurinn beiddi enn eftir rúttunni. Síðustu dagar hafa verið börnunum afar erfiðir og Torculas á erfitt með að hemja grátinn þegar hún lýsir andlegu ástandi barnanna. „Það er svo erfitt að sjá harminn

„Mér leið strax aðeins betur þegar ég sá þessi fallegu og saklausu andlit.“



Emily Torculas, forstöðumaður SOS-barnaþorps

og óttann í augum þeirra. Maður sér á augnaráðinu hvað þau hafa gengið í gegnum. Mörg barnanna sofa mjög órólega og kalla á hjálp í svefni. Það eina sem við getum gert núna er að einbeita okkur að því að tryggja öryggi barnanna og láta þau upplifa öryggið. Þau þurfa á því að halda. Við reynum líka að fá þau til þess að opna sig og hlustum vel á þau. En sum börnin vilja ekkert tala og hafa ekki sagt orð síðustu daga,“ segir Torculas.

Hún segir að börnunum hafi verið mjög létt að komast í öruggt skjól í Calbayog. Þar hafa þau komið sér vel fyrir í skólahúsnæðinu og starfsmenn reyna að hlúa að þeim eftir bestu getu.

Ellefu Íslendingar eru styrktarforeldrar barna sem búa í barnaþorpinu í Tacloban og hafa nokkrir óskað eftir því á síðustu dögum að gerast barnaþorpsvinir til að styrkja þorpið eftir hamfarirnar.

GUÐRÚN BERGMANN
hefur haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða og skrifað bækur um heilsu, náttúrulegæðingur og umhverfisvitund.

VILTU LOSNA VIÐ BÓLGUR OG LIÐVERKI Á NÁTTÚRULEGAN MÁTA?

fimmtudagur
21. nóv.
4.900 kr.

Á NÁMSKEIÐINU VERÐUR FARIÐ YFIR:

Hvernig þekkja má bólgueinkennin og finna leiðir til bata.	Hvaða fæðutegundir valda bólgueinkennum í líkamannum.	Hvaða fæðu, krydd og bætiefni má nota til að draga úr bólgum.
------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------

Nánari upplýsingar og skráning á ung@gudrunbergmann.is og www.ungaollumaldri.is

HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 18:30 - 21:00

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
—1979—



50% AFSLÁTTUR Jólatilboð á arineldstæðum



20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum



CLASSIC - rafstillanlegt

Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**



DRAUMEY

Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**



ROYAL - rafstillanlegt

Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM


Sérfræðingar í heilsurúmum

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing*
* Einungis er greitt 3,5% lántökugjald.

**Að vakna endurnærð/ur
eftir góðan svefn er ein
besta stund dagsins**

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGU- GREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu
legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf
um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



sabrino Ítölsk hönnun - hágæða sófasett

Kynningarverð



SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



Stór fjöl



MacBook Air

Alvöru afl, allan daginn

Verð frá: 189.990.-

Speck fartölvuhlífar
Verð: 6.990.-



MacBook Pro Retina

Ofurhröð ný tækni með skarpari skjá

Verð frá: 249.990.-

Knomo leður slíður
Verð frá: 11.990.-



MacBook Pro 13"

Verð: 219.990.-

Speck fartölvuhlífar
Verð: 6.990.-



skyldan

iMac

Bylting í hönnun,
framúrskarandi tækni

Verð frá: 249.990.-



Smáralind

Virka daga 11 - 19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

Laugavegi 182

Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300



MÓTMÆLI Vestmannaeyingar efndu á dögnum til mótmæla vegna skertrar þjónustu.

Engar skurðaðgerðir á skurðstofunni í Eyjum:

Reiði meðal bæjarbúa

Engar vaktir hafa verið á skurðstofunni á Heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum frá því um miðjan ágúst vegna niðurskurðar og skurðstofan þess vegna aðeins opin á daginn. Enginn svæfingarlæknir er þar við störf þannig að ekki er hægt að gera þar skurðaðgerðir.

„Það er ljósmæðraþjónusta hér en það er ekki möguleiki á inngripum ef með þarf,“ segir Gunnar K. Gunnarsson, framkvæmdastjóri stofnunarinnar.

Hann kveðst þó bjartsýnn á að breyting verði á. „Vinnuhópur á vegum heilbrigðisráðuneytisins og Vestmannaeyjabæjar skilar áliti á næstunni og ég hef heyrt að stefnt verði að fjárveitingum sem miði að því að skurðeildin verði opin. Það þýðir að þá verður hér fæðingarþjónusta.“

Drífa Björnsdóttir ljósmóðir segir eina og eina konu hafa verið að fæða í Eyjum frá miðjum ágúst. „Konur mega fæða hér ef þær hafa góða sögu á bakinu. Sextán konur hafa þurft að fara til Reykjavíkur til að fæða en fjórar hafa sjálfar



DRÍFA BJÖRNSDÓTTIR



GUNNAR K. GUNNARSSON

tekið ákvörðun um að fara.“

Að sögn Drífu hefur staða mála valdið titringi meðal bæjarbúa. „Okkur var uppálagt að segja konum að fara tveimur vikum fyrir áætlaðan tíma en það eru ekki allar jafnánægðar með að fara svona snemma. Konur sem eru skrifaðar um jólin eru líka óánægðar með að þurfa að bíða á beddum í Reykjavík yfir jólahátíðina. Svo má ekki gleyma því að fólk hér getur orðið alvarlega veikt. Þar sem hér er enginn svæfingarlæknir er enginn til að halda í því lífi þegar verið er að ferja það yfir. Svæfingarlæknirinn er lykilmáðurinn hér ef það koma upp svona tilfelli.“

Kostnaður við að fæða um 450 þúsund

Purfti að fara til Reykjavíkur til að fæða barn vegna skorts á þjónustu í Vestmannaeyjum. Vinnutap eiginmanns, gisting og annar kostnaður um hálf milljón.

Erna Sævarsdóttir skólaliði er ein þeirra kvenna sem þurft hafa að fara að heiman til þess að ala barn í Reykjavík þar sem engar skurðaðgerðir eru gerðar á skurðstofunni í Vestmannaeyjum þar sem hún býr. „Ég hafði ekkert val þar sem ég hafði áður farið í keisarskurð,“ segir Erna.

Hún telur að kostnaðurinn vegna þessa hafi numið um 450 þúsundum króna. „Ég fór 28. október í bæinn og það var viku fyrir settan dag. Við tókum á leigu íbúð á vegum stéttarfélags. Barnið kom ekki fyrr en 11. nóvember þannig að við greiddum fyrir tveggja vikna gistingu sem kostaði 40 þúsund krónur. Maðurinn minn, sem er sjómaður, kom með mér og okkur telst til að vinnutap hans hafi numið um 300 þúsundum króna fyrir þetta tímabil. Það var líka dýrara að kaupa í matinn þar sem ekki voru til grunnvörur eins og maður hefur heima hjá sér. Ferðin var að vísu niurgreidd af stéttarfélaginu, sem er kannski það minnsta sem maður er að elta við, en ýmis annar kostnaður tindist til vegna verunnar að heiman. Við tókum litla peyjann okkar, sem er 5 ára, með. Það var ekki hægt að skilja hann eftir í svona langan tíma á meðan mamma og pabbi voru að bíða eftir nýju barni,“ segir



ERNA SÆVARSDÓTTIR „Ég get nefnilega varla hugsað um hvernig hefði getað farið ef ég hefði ekki verið komin í tæka tíð til Reykjavíkur,“ segir Erna sem hér er með nýfæddan son sinn.

Erna. Hún tekur það fram að margir séu í verri stöðu en hún og hennar maður og hafi ekki tók á svona brólti, eins og hún orðar það. „Við erum bara venjulegt fólk og rúllum okkar batterí ágætlega. Við áttum svolítið sparifé.“

Erna segir kostnaðinn og óþægindin vegna ferðarinnar að heiman

þó ekki aðalatriðið. „Ég get nefnilega varla hugsað um hvernig hefði getað farið ef ég hefði ekki verið komin í tæka tíð til Reykjavíkur. Ég lenti í því að fylgjan kom ekki og fór beint í aðgerð og missti tvo lítra af blóði. Starfsfólkið á Landspítalanum var frábært.“

ibs@frettabladid.is

Frábært fjölskylduævintýri eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund Brynjólfsson

Sýningar

Sun: 17.nóv. kl. 13
Sun: 24. nóv. kl. 13



„Salurinn veltist um af hlátri. Gaman!!!“

E.B. Fréttablaðið.



J.V.J. DV.

„Skemmtileg tónlist, fallett mál, smekklegr umgjörð og góður leikur.“

S.G. Mbl.

Tónlist eftir Villa Naglbit!

GRÍMAN Barnasýning ársins 2010

miði.is

TJARNARBIÓ

Miðasala á miði.is og í miðasölu Tjarnarbiós í síma 527-2102

Miðasala er opin frá 15-18 frá þriðjudegi til föstudags, auk klukkutíma fyrir viðburð.

Viðvörðun sérfræðings í Kaupmannahöfn:

Of mikil saltneysla er lífshættuleg



BORÐSALT Saltið sem stendur á borðinu er bara lítil hluti alls salts sem neytt er.

Salt er lífsnauðsynlegt en of mikil saltneysla er lífshættuleg. Þetta hafa norrænir vefmiðlar eftir sérfræðingnum Ulla Toft sem starfar á rannsóknastofnun heilbrigðismála í Kaupmannahöfn.

Hún segir að nóg sé að neyta eins og háls grammis af salti á dag en nú neyti margir 10 gramma. Of hátt blóðþrýstingur, sem eykur hættu á hjarta- og æðasjúkdómum, er alvarlegasta afleiðing of mikillar saltneyslu.

Toft segir að magakrabbamein, beinþynning og nýrnasteinar, auk ofþyngdar og sykursýki, geti verið mögulegar afleiðingar of mikillar saltneyslu.

Hún hefur reiknað út að borði Danir þremur grömmum minna af salti á dag verði mögulega 400 þúsund færri einstaklingar með of háan blóðþrýsting, tilfellum hjarta- og æðasjúkdóma geti fækkað um 1.100 til 1.800, tilfelli vegna blóðtappa í heila geti orðið 600 til 1.000 færri og dauðsföllin að minnsta kosti 1.000 færri.

ibs

Handþvottur mikilvægasta vörnin

Handþvottur er mikilvægasta sýkingavörnin sem hægt er að viðhafa, að því er segir á vef Embættis landlæknis. Snerting, bein eða óbein, er langalgengasta smitleið sýkla milli manna. Bent er á að rannsóknir og athuganir sýni að almennt virðist fólk ekki þvo sér nægilega oft né nægilega vel um hendurnar. Nauðsynlegt er að taka af sér skartgrip áður en hendur eru þvegnar því undir þeim geta leynst mikil óhreinindi. Við handþvottinn sjálfan verður að muna að þvo öll svæði vel, t.d. á milli fingranna, fingurgóma og neglur.


Á vef landlæknis segir að vel útfærður handþvottur með fljótandi sápu og vatni fjarlægir 90 prósent af því smitefni sem maður getur haft á höndunum.



NÝTT KOLALAUSAR VÉLAR

DEWALT

- á heima hjá Sindra -



Hraðvirkari í notkun



Ný 13 mm stálpatróna



LED vinnuljós – engir skuggar



Nýjar 2Ah rafhlöður



BRUSHLESS

DCD795
höggborvél

**RUNTIME
THAT CANNOT BE
BEATEN**



DCD795M2

18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél m. höggi
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,88 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð

71.900 m/vsk.
Rétt verð 78.098



DC886M2

18V HERSLUVÉL

Öflug 18V kolalaus hersluvéll
Bitahaldari: 1/4"
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 165Nm
Afli: 260W
Þyngd: 1,57 kg
LEDljós

Kynningarverð

81.900 m/vsk.
Rétt verð 89.997



DCD790M2

18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,84 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð

69.900 m/vsk.
Rétt verð 75.987



DCD790D2

18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*2,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,62 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð

55.900 m/vsk.
Rétt verð 61.987

Áherzlumunur forstjóra Landsvirkjunar og ráðherra:

Óþreyjufulli eigandinn

Segja má að áherzlumunur varðandi hlutverk Landsvirkjunar hafi komið fram í máli forstjóra fyrirtækisins og iðnaðarráðherra á ársfundi Landsvirkjunar í fyrradag. Hördur Arnarson forstjóri ítrekaði stefnu sem stjórn fyrirtækisins hefur markað; „að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.“ Ragnheiður Elín Árnadóttir ráðherra rifjaði hins vegar upp að við stofnun Landsvirkjunar hefði fyrirtækinu verið falið

ad „framfylgja þeirri stefnu eigenda sinna að nýta orkuauðlindir landsins til atvinnuuppbyggingar og aukins hagvaxtar.“ Þessa skilgreiningu á hlutverki Landsvirkjunar setti ráðherrann síðan í samhengi við það sem ekki verður skilið öðruvísi en sem gagnrýni á stjórnendum fyrirtækisins; að ekki hafi gengið nógu hratt að gera raforkusamninga við erlend stóriðjufyrirtæki sem leitað hafa hófanna um að reisa hér verksmiðjur.

„Ég veit að mörg þessara fjárfestingaverkefna rata inn á borð Landsvirkjunar og sum eru þar til umfjöllunar. Í ljósi þess sem hér var sagt um brýna nauðsyn aukinnar fjárfestingar verð ég að viðurkenna að ég er orðin óþreyjufull og vil fara að sjá árangur og að verkefnið verði að veruleika,“ sagði Ragnheiður Elín. Hún nefndi sérstaklega álver Norðuráls í Helgúvík og að aðkoma Landsvirkjunar að samningum um það gæti „haft mikilvæga þýðingu, jafnvel úrslitaáhrif“.

Flestir sem vilja hraða því að íslenskt atvinnulíf rétti úr kútnum vilja sjá meiri fjárfestingar í landinu, ekki sízt erlendar. En stjórnmalámennt verða samt að standast þá freistingu að beita orkufyrirtæki í opinberri eigu þrýstingi að setja orkuna á útsölu til að tryggja framkvæmdir og atvinnuuppbyggingu til skemmri tíma lítið. Þetta þarf að fara hönd í hönd; atvinnuuppbyggingin og langtímaarðsemi orkufyrirtækjanna.

Fram hefur komið að Landsvirkjun sé í samningaviðræðum við ýmis iðnfyrirtæki. Fyrirtækið telur sig bjóða vel samkeppnishæft raforkuverð, þannig að það standi ekki í vegi fyrir því að þessi fyrirtæki taki ákvörðun. Við skulum hafa í huga að efnahagslífið er í lægð í flestum heimshlutum og alþjóðleg fyrirtæki varkárari en ella. Það borgar sig ekki að gripa til neinna örþrifaráða til að fá þau til að ákveða sig.

Svo er hollt fyrir fulltrúa ríkisvaldsins að rifja upp að undanfarin ár hafa stjórnvöld ekki beinlínis unnið nein afrek í að skapa erlendri fjárfestingu aðlaðandi umhverfi á Íslandi. Það hefur ekki breytt með stjórnarskiptum.

Vonandi beitir ríkið ekki eigendavaldi sínu til að fá Landsvirkjun til að taka ákvarðanir sem væru óskynsamlegar út frá langtímaarðsemi fyrirtækisins. Þessi umræða yfir þó við þeirri spurning, sem stundum hefur verið spurt, hvort ríkið sé endilega bezt eigandi Landsvirkjunar. Væri jafnvel betra að skammtímasjónarmið stjórnmalámennta og sjónarmið um langtímaarðsemi væru skilin alveg í sundur og inn í Landsvirkjun kæmi þolinmótt fjármagn, til dæmis frá lífeyrissjóðunum?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Verðmatsdagur í Gallerí Fold

Átt þú verðmæti sem þú vilt selja?



Gallerí Fold býður þér að koma með listmuni til verðmats, laugardaginn 16. nóvember kl. 11-16

Stærsta uppboð ársins fer fram í desember og munu sérfræðingar gallerisins verðmeta listmuni þína með sölu í huga.

GALLERÍ FOLD · Rauðarárstíg 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hraunið

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingar, deildi hart á iðnaðarráðherra á þingi í gær þar sem rætt var um sjálfstæði Landsvirkjunar. Var þar vikið að þeim orðum ráðherra að hún væri orðin óþreyjufull um að hreyfing komist á nýtingu orkuauðlinda til atvinnuuppbyggingar, og þau sögð grafa undan samningsstöðu fyrirtækisins gagnvart hugsanlegum orkukaupendum. Sagði Helgi það „hreina órvæntingu hjá hæstvortum iðnaðarráðherra að hrauna yfir stjórnendum Landsvirkjunar“. Þetta er athyglisverð orðanotkun þar sem margir telja líkast til að frasinna að „hrauna yfir“



Hraunavinir
Svo líður og

einhvern eigi vart að hljóma úr pontu hins háa Alþingis.

Stóra hraun

Þessi frasi, í þeirri merkingu að láta fólk heyra það, virðist eiga sér giska stutta sögu, þar sem leit á Tímarit. Ís leiðir í ljós að hann birtist fyrst á prenti árið 1998 í viðtali Skinfaxa við útvarpsmanninn Þór Bæring og í umfjöllun DV um landsleik í handbolta. Hann hefur þó komið alloft upp í ræðum á Alþingi síðustu ár, fyrst í ræðu Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um fjölmiðlalögin orlagaríku vorið 2004.



Þú og það er ekki fyrr en á síðasta þingi, árið 2009, sem frasinna birtist á ný og verður giska almennur þar sem gripið er til hans að minnsta kosti tíu sinnum. Tveir þingmenn notuðu hann tvisvar. Fyrst má telja Vigdís Hauksdóttur, sem sakaði þáverandi stjórnarlíða um að hrauna annars vegar yfir sig og hins vegar yfir Samfylkinguna, og svo var það flokksbróðir hennar, Birkir Jón Jónsson, sem vék fyrst að hraunasendingum innan stjórnarflokkanna og hins vegar frá stjórn yfir Alþingi sjálf. Þá sagði Helgi Hjörvar að Líú hraunaði yfir stjórnarfundum, en Helgi varð með hinum fyrstnefndu ummælum einmitt fyrstur, og hingað til einn, til að víkja orðum að yfirhrauninum á yfirstandandi þingi.

thorgils@frettabladid.is

HALLDÓR



Á flóttu undan eigin ákvörðunum

SAMFÉLAG



Júlíus Vífill Ingvarsson
frambjóðandi í 1. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna

Við sjálfstæðismenn í borgarstjórn höfum gagnrýnt harðlega áformaðar gjaldskrárhækkanir sem lagðar voru fram á borgarstjórnarfundi fyrir hálfum mánuði. Við höfum bent á að hækkanirnar myndu koma harðast niður á barnafjölskyldum og að þær væru í engu samræmi við verðlagsþróun.

Undir gagnrýni okkar var tekið á vettvangi landsmála og jafnframt hjá samtökum vinnuveitenda og launþega. Forseti ASÍ gekk svo langt að segja að gjaldskrárhækkanirnar væru algerlega galin aðgerð nú þegar viðkvæmar kjaraviðræður væru fram undan. Hækkanirnar myndu bitna sérstaklega á einstæðum foreldrum og öryrkjum.

Á borgarráðsfundi í gær var tilkynnt að gjaldskrárhækkanirnar væru dregnar til baka. Því ber að fagna að borgarfulltrúar Besta flokks og Samfylkingar hafi áttað sig á hversu alvarlegar afleiðingar ákvarðanir þeirra myndu hafa á fjárhag heimilanna og efnahagslíf þjóðarinnar. Með þeim hefði verið ýtt undir verðbólgu og ófrið á vinnumarkaði með

→ Undir gagnrýni okkar var tekið á vettvangi landsmála og jafnframt hjá samtökum vinnuveitenda og launþega. Forseti ASÍ gekk svo langt að segja að gjaldskrárhækkanirnar væru algerlega galin aðgerð...

ófyrrisjäänlegum afleiðingum. Heiðarlegast hefði verið af borgarfulltrúum meirihlutans að stíga fram og viðurkenna mistök. Þess í stað er reynt að varpa ábyrgð yfir á þá sem hafa lagt sig fram við að ná sátt á vinnumarkaði. Nú þegar tekist hefur að beygja meirihlutann af leið sinni er reynt að slá ryki í augu fólks.

Spuni þess efnis að meirihlutinn sé að leggja sitt af mörkum til að liðka fyrir kjarasamningum er ekki trúverðugur. Meirihlutinn er á flóttu undan eigin ákvörðunum og ekki í fyrsta skipti. Flaustursleg vinnubrögð í ráðhúsinu hafa skapað ólgu og óvissu.

Stæði fæst gefins

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Ég vinn í miðbænum. Ég kem stundum á bíl í vinnuna. Fyrir 300 krónur get ég lagt bílnum mínum í meira en sólarhring. Ef ég kaupi nokkra daga í senn lækkar gjaldið enn frekar. Þá er hægt að fá vikuna á undir 1.000 kr. Þúsundkall á viku... Getur einhver virkilega haldið því fram að það sé verið að refsa mér?

Nei, grínlaust. Þrjú hundruð krónur dagurinn. Hvað get ég fengið fyrir 300 kall? Nánast ekkert annað í miðbænum mun kosta mig svona lítið. Ekki kóflaska. Snobbað soja latte í götumáli? Tvöfalt meira. Hádegismatur? Fjórfalt meira. Klipping? Tuttugu sinnum meira. Að leggja í miðbæ Reykjavíkur er eiginlega einhver sú ódýrasta afþreying sem Ísland hefur upp á að bjóða.

Bílastæðaplanið sem ég legg á geymir að jafnaði svona tuttugu bíla. Ég mældi það í Borgarvefsjánni, það reyndist vera 1.400 fermetrar. Mér reiknast því til að borgin ávaxti hvern fermetra á þessari lóð sinni um heilar 4 krónur hvern virkan dag. Samt er eins og sumir segi: „Sveiattan! Fjórar krónur! Á ég að borga

þessar fjórar krónur á fermetra? Sjálfur? Með mínum eigin peningum? Nei, auðvitað eiga útsvarsgreiðendur í Reykjavík að borga þær!“

Leyfið mér að borga

Auðvitað er enginn að refsa mér. Með því að selja þetta verðmæta byggingarland, sem ég fæ nú að nota sem niðurgreitt einkabílastæði, gæti Reykjavíkurborg fengið margfalt hærrí ávöxtun en þessar 4 krónur á fermetra á dag. En nei, hún kys að leigja mér landið á þessu undirmálsverði. Þetta er engin refsing. Þetta eru fríðindi. Meðan ég man: Takk, skattgreiðendur í Reykjavík.

Ég er ekki bara að berjast gegn því að bílastæði í bænum séu ókeypis af einhverri hugsjón. Jú, ég vil að fólk borgi fyrir þá þjónustu sem það fær

og, jú, ég held að gjaldtakan hafi gríðarlega jákvæð áhrif á miðbæinn. En það er líka heilmikil eigingirni í þessari afstöðu minni. Ég gæti spurt mig: Væri það betra fyrir mig ef bílastæðið sem ég að jafnaði nota væri ókeypis? Nei, þá væri það síður laust. Væri betra ef ég fengi klukku í rúðuna og gæti lagt frítt í tvo tíma? Nei, því ég hef ekki áhuga á því að leggja í tvo tíma heldur að fá að leggja í heilan vinnudag. Það hentar mér bara betur að borga fyrir þessa þjónustu. Þannig að: Í guðanna bænum, leyfið mér bara að borga bílastæðið og látið vasa samskattborgara minna í friði.

Ein hugmynd væri auðvitað að selja þessi stæði á markaðsverði. Ef einhverjir kaupmenn vilja þá kaupa þau og leyfa sínum viðskiptavinum að leggja í þau frítt þá er ekkert að því.

Ef einhverjir aðrir vilja kaupa slík bílastæði í massavis og reka bílastæðapjónustu þá væri það líka hið besta mál. Loks, ef einhver vill kaupa lóð eins og þá sem ég fæ að leggja á og byggja þar hús þá ætti hann líka að fá gera það, í takt við lög og heilbrigða skynsemi.

Líklegast myndu mjög margir reyna það. Lóðir í miðbænum eru eftirsóttar. Stundum mætti halda að þétting byggðar væri drifin áfram af stjórnmálamönnum, þvert á strauma markaðarins. En hefur einhver heyrt um einkaaðila sem vildi byggja lágt hús í miðbænum en stjórnmálamennirnir gripu í taumana og létu hann hækka það? Nei, því það gerist aldrei.

Hægrimmenn eiga að rukka

Það er í raun alveg ótrúlegt hvað sumir eru tilbúnir að tala fyrir

Í guðanna bænum, leyfið mér bara að borga bílastæðið og látið vasa samskattborgara minna í friði.

frjálsum markaði í annarra manna garði en vilja samt bara hömlulausa ríkisstyrki þegar kemur að þeirra eigin. Er bílastæðin full? Byggjum fleiri. Er þau enn þá full? Láttum fólk keyra í hringi frekar en að láta það borga. Vantar skammtíma-stæði? Setjum hámark á það hvað hver má leggja lengi í einu. Sem sagt: Ríkisútgjöld, biðraðir, skömmun. Allt nema að láta fólk borga. Því það væri svo slæmt. Það væri svo mikill refsing. Það væri svo mikill kommúnismi.

Við borgum brúsann

Meirihluti Samfylkingar og Besta flokksins hefur sólundað útsvarsgreiðslum borgarbúa í gæluverkefni á meðan dregið er úr grunnþjónustu og gjöldin hækkuð á öllum sviðum.

Skrifstofa borgarstjóra er starfsvettvangur borgarstjórans sjálfs og ætti því að gefa góða mynd af afstöðu hans til ráðdeildarsemi og aðhalds í rekstri. Rekstrarkostnaður skrifstofu borgarstjóra hefur hækkað á þessu eina kjörtímabili úr 165 milljónum í 530 milljónir á ári. Og eftir höfðinu dansa limirnir.

Borgarsjóður var rekinn með afgangi allt síðasta kjörtímabil, þrátt fyrir efnahagsáfallin 2008. En á þessu kjörtímabili hefur borgarsjóður verið rekinn með tapi á hverju einasta ári. Á þessu kjörtímabili hafa hreinar skuldir borgarsjóðs meira en tvöfaldast, úr 23 milljörðum í 49 milljarða, þrátt fyrir skatta- og gjaldskrárhækkunir. Árlega greiðir því fjögurra manna fjölskylda í Reykjavík 440.000 krónum hærrí upphæð í skatta og gjöld til borgarinnar en hún gerði við upphaf kjörtímabilsins. Hvern einasta klukkutíma sem þessi meirihluti hefur haldið um taumana í borginni hafa skuldir aukist um 750.000 krónur.

Hverjir borga svo brúsann? Jú, auðvitað við útsvarsgreiðendur í Reykjavík. Þessari þróun þarf að snúa við og lækka álögur á borgarbúa og forgangsraða í þágu grunnþjónustu við íbúa borgarinnar í stað gæluverkefna.

→ Borgarsjóður var rekinn með afgangi allt síðasta kjörtímabil, þrátt fyrir efnahagsáfallin 2008. En á þessu kjörtímabili hefur borgarsjóður verið rekinn með tapi á hverju einasta ári.

STJÓRN MÁL



Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi og frambjóðandi í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins

HITTU OKKUR Í HR Á KAUPHALLARDEGINUM 16. NÓVEMBER

VÍB BÝÐUR UPP Á FRÓÐLEG ERINDI

Grunnánamskeið - hlutabréf: Fyrstu skref á markaði og gagnlegar þumalputtareglur.

Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB, fjallar um ávöxtun og hvernig sé best að bera sig að í fyrsta sinn við fjárfestingar á markaði.

Salur M101 kl. 14.00 og aftur kl. 15.20.

Efri árin: Ertu hætt/ur eða um það bil að hætta að vinna? Hvað svo?

Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB, fjallar um fjármál þeirra sem eru að ljúka störfum. Hvað gerist með fjárhaginn og hverjir eru möguleikarnir?

Salur V101 kl. 13.20 og aftur kl. 14.40.

- » Ráðgjöf og verðbréf
- » Lífeyrisþjónusta
- » Einkabankþjónusta
- » Fagfjárfestaþjónusta



Nýlega var VÍB valið besta íslenska eignastýringarfyrtækið af breska fjármálaritinu World Finance.

Horft var til margra þátta, s.s. árangurs síðasta árs, fjárfestingaraðferða, þjónustu og fræðslu. Við erum afar stolt af þessum verðlaunum og ekki síður ánægð með að Íslendingar segjast myndu leita fyrst til okkar ef þeir þyrftu á eignastýringarþjónustu að halda.* Kynntu þér árangurinn, aðferðirnar og fjárfestingarkostina sem öfluðu okkur viðurkenningar og trausts.

* Skv. netkönnun Capacent Gallup í maí 2013.

Nokkur orð um rannsóknir og samkeppnissjóði

VÍSINDI



Eiríkur Smári Sigurðarson



Ásta Sif Erlingsdóttir

fyrir hönd Félags rannsóknastjóra á Íslandi

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 blasir við sú stefna stjórnvalda að skera fjárframlög til rannsókna verulega niður. Harðast kemur niðurskurðurinn niður á samkeppnissjóðum eins og Rannsóknasjóði, Tæknipróunarsjóði og Markáætlun.

Það hefur komið skýrt fram í umfjöllun síðustu vikna hvað verkefni fjármögnuð af samkeppnissjóðum eru mikilvæg fyrir frangang vísinda og rannsóknarnáms

á Íslandi og hvað rannsóknir og nýsköpun eru mikilvæg fyrir farsæla þróun íslensks samfélags. Við ætlum ekki að endurtaka þau rök hér heldur benda á nokkrar staðreyndir um fjármögnun samkeppnissjóða með áherslu á Rannsóknasjóð Vísinda- og tækniráðs og hvernig hún hefur þróast undanfarnin tíu ár.

Rannsóknasjóður hóf starfsemi sína í núverandi mynd árið 2004. Fyrsta árið fékk hann 303 umsóknir upp á 827 milljónir og gat úthlutað 191 milljón (24,4%) til 74 verkefna (23%). Árið 2012 fékk hann 267 umsóknir upp á 1.800 milljónir og gat úthlutað 297 milljónum (17,6%) til 47 verkefna (16,5%). Með framlagi úr fjárfestingaáætlun síðustu ríkisstjórnar var sjóðnum gert kleift að mæta betur þörf fyrir styrki og við úthlutun 2013 gat hann veitt styrki sem jöfnuðust á við það sem var 2004. Þá fékk hann 236 umsóknir upp á 1.700 milljónir og gat úthlutað 416

milljónum (27,5%) til 65 verkefna (24,4%). Þessar tölur verður að skoða í ljósi þess að samanborið við samkeppnissjóði í löndum sem við almennt berum okkur saman við eru og voru styrkir til rannsókna á Íslandi allt of lágir. Það sem við viljum leggja áherslu á hér er að sjóðurinn var á þessu ári rétt að ná því bolmagni sem hann hafði fyrsta árið sem hann starfaði.

Tækifæri verulega skert

Við þetta þarf að bæta að við síðustu áramót sameinaðist Rannsóknarnámssjóður, sem styrkti doktorsnema, Rannsóknasjóði sem þar með hafði tæplega 100 milljónir aukalega til úthlutunar í ár, peninga sem áttu að fara sérstaklega í að styrkja doktorsnema. Fjölgun og hækkun styrkja árið 2013 verður að skoðast í þessu ljósi. Miðað við fjárlagafrumvarpið virðast örlög Rannsóknarnámssjóðs ráðin, sem mun verulega skaða uppbyggingu og gæði doktorsnáms á Íslandi.

Boðaður niðurskurður næstu þrjú árin fer, þegar Rannsóknarnámssjóður er tekinn með, úr 1,4 milljörðum í 850 milljónir. Árin 2012 og 2013 hafði Rannsóknasjóður að auki sérstaka fjármögnun úr rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun til að styrkja nýdöktora, en sú tímabundna fjármögnun er ekki lengur til staðar og mun draga enn frekar úr möguleikum sjóðsins til að styrkja verkefni.

Með því að draga fjárfestingaráætlunina til baka eru tækifæri sjóðsins til að styrkja ný verkefni á næstu árum verulega skert. Verst er þó að ekkert í frumvarpinu eða stefnu stjórnvalda gefur von um breytingar á næstu árum. Við sem störfum við uppbyggingu rannsókna og rannsóknarnáms við íslenskar rannsóknastofnanir og háskóla vitum vel hversu alvarlegar afleiðingar þetta mun hafa. Það verður erfiðara að koma nýjum rannsóknnum af stað þar

→ Það verður erfiðara að fá ungt og efnilegt fólk til að hasla sér völl í rannsóknnum og þekkingaröflun á Íslandi.

sem bestu nýju verkefni eru oftast fjármögnuð af samkeppnissjóðum; það verður erfitt að halda áfram með mikilvægar rannsóknir þar sem verulegur hluti fjármögnunar þeirra kemur úr samkeppnissjóðum; það verður mun erfiðara að sækja rannsóknastyrki til Norðurlanda, Evrópu, Bandaríkjanna og annað ef rannsóknnaumhverfið á Íslandi er ekki nógu sterkt; það verður erfiðara að fjármagna doktorsnám á landinu þar sem mjög stór hluti doktorsnema framfleytir sér með styrkjum úr samkeppnissjóðum; það verður erfiðara að fá ungt og efnilegt fólk til að hasla sér völl í rannsóknnum og þekkingaröflun á Íslandi af því að framtíðarhorfurnar eru daprar.

Koma þarf stefnumálum í framkvæmd

Viðfangsefnið við stjórnun Reykjavíkurborgar eru fjölmörg. Við sem bjóðum okkur fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins nk. laugardag tölum fyrir fjölbreyttum málefnum og höfum framtíðarsýn. Það er mikilvægt og gott. En eitt er að tala um málin og annað að koma þeim í framkvæmd í öflugum meirihluta. Talað er um að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki náð hreinum meirihluta í borginni lengi og að landslagið hafi breyst það mikið að það sé varla gerlegt lengur. Svona umræðu tek ég ekki undir vegna þess að árangur okkar í kosningum byggist á því hvernig okkur tekst til með uppstillingu framboðslistans. Það verkefni er í höndum sjálfstæðisfólks í borginni í alvöru persónukjöri.

Öflugur listi þarf svo að setja fram áhuga-

STJÓRN MÁL



Halldór Halldórsson

formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og frambjóðandi í 1. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna

verð og raunhæf stefnumál sem skipta borgarbúa máli. Það er okkar sem ætlum að vera í framboði fyrir borgarbúa að hafa sjálfstraust og skýra sýn á hvert við sjálf ætlum og að við stöndum fyrir breytingum sem stuðla að framförum og gera góða borg betri. Kjósendur fylgja þeim sem veit hvert hann ætlar og hvernig hann ætlar þangað.

Tímasett verkáætlun

Fái ég til þess umboð mun ég leggja fram tímasetta verkáætlun um hvernig koma skuli stefnumálum í framkvæmd og hvenær á kjörtímabilinu. Í forgangi verða:

- Rekstur borgarinnar sem er undirstaðan. Án heilbrigðs rekstrar eru kosningaloforð marklaus.
- Hlutverk höfuðborgarinnar sé rækt og

hagsmuna borgarbúa þannig gætt.

- Höfuðborgin hlúi að samgöngum, ekki síst innanlandsfluginu, og gæti þess að vera áfram samgöngumiðstöð landsins.
- Taka upp nýtt aðalskipulag vegna þéttningar byggðar og umferðarmála.
- Þetta byggð og bæta aðstöðu gangandi og hjólandi vegfaranda en ekki á kostnað þeirra sem vilja og þurfa að nota bílinn sem samgöngutæki.
- Auka enn frekar áherslu á vistvænar samgöngur, bæði einkabilinn og almenningsamgöngur. Tæknin leiðir okkur inn á nýjar brautir.
- Innleiða nýja hugsun í skólamállum.
- Öll félagsþjónusta á að miðast við að vernda og gæta og hjálpa fólki til sjálfs-hjálpar.
- Finna hagkvæmar leiðir til að nýta einkareksturinn og hræðast ekki breytingar.

→ Með tímasettri verkáætlun geta borgarbúar fylgst með hvernig gengur að vinna eftir slíkri áætlun og minnihlutinn hefur um leið ágætis verkferil til að vinna eftir og halda nýjum meirihluta við efnið.

Hér eru aðeins nokkur dæmi tekin. Með tímasettri verkáætlun geta borgarbúar fylgst með hvernig gengur að vinna eftir slíkri áætlun og minnihlutinn hefur um leið ágætis verkferil til að vinna eftir og halda nýjum meirihluta við efnið. Þannig skapast aðhald og eftirlit með því að við sem lofum að vinna verkin gerum það í raun. Ég mun leggja mig fram um að vinna þau verk, sem borgarbúar fela mér að vinna, af alúð og samviskusemi.

FRÉTTABLAÐIÐ ER HELGARBLAÐIÐ



KVENFYRIRLITNING ER EKKI BUNDIN VIÐ HIPPHOPPIÐ

Ragna Kjartansdóttir, eða Cell 7 úr Subterranean, rappar um allt milli himins og jarðar á fyrstu sólóplötunni sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | visir.is

Textagerðin leggst í ættina

Sem börn voru bræðurnir **Hugleikur og Pormóður Dagssynir** umkringdir hippum. Þeir segja það hafa verið gott og blessað nema þegar kom að flottum leikföngum, kókópuffsí eða Stöð 2.



Allir eftirlifendurnir héldu áfram að fljúga

35 ár eru liðin frá flugslysinu hræðilega á Srí Lanka þar sem átta Íslendingar fórust.

Langar stundum að komast í heimsborgaraskapið

Systa Björnsdóttir leikmyndahönnuður átti farsælan feril á Ítalíu en ákvað að flytja heim eftir 20 ára útivist og setja son sinn í fyrsta sæti.



HELGARBLAÐ
FRÉTTABLAÐSINS

Ómissandi hluti af góðri helgi



ÍSLAND - KRÓATÍA

ALLIR Í BLÁU Á VÖLLINN!

**30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLU BLÁU
Í VERSLUN**

Mynd úr myndasafni KSÍ.

Af tilefni landsleiks Íslands og Króatíu býður Ellingsen **30% afslátt** af öllum bláum vörum í versluninni í dag. Klæðum okkur vel og mætum í bláu á völinn!



BERGANS BODO DÚNÚLPA
Stærðir S-XL

55.993 KR.

Verð áður 79.990 kr.



MOUNTAIN HARDWEAR NITROUS
Stærðir M-XXL

55.993 KR.

Verð áður 79.990 kr.



DIDRIKSONS RONJA
Stærðir 36-46

20.293 KR.

Verð áður 28.990 kr.



COLUMBIA BUGABOO
Barnastærðir XXS-L

10.493 KR.

Verð áður 14.990 kr.



**MOUNTAIN HARDWEAR
PLASMIC**
Stærðir S-L

24.493 KR.

Verð áður 34.990 kr.



**DEVOLD MULTI
SPORT KRAGI**

2.793 KR.

Verð áður 3.990 kr.



**ZAMBERLAN PARROT
GÖNGUSKÓR**
Stærðir 37-48

15.393 KR.

Verð áður 21.990 kr.



COLUMBIA ALPINE
Barnastærðir XS-L

10.493 KR.

Verð áður 14.990 kr.



VARMA ULLARHÚFA

3.143 KR.

Verð áður 4.490 kr.



VIKING BEDROCK GTX
Gore Tex, stærðir 36-41

16.093 KR.

Verð áður 22.990 kr.



**COLUMBIA POWDER
LITE DÚNÚLPA**
Barnastærðir XXS-L

9.093 KR.

Verð áður 12.990 kr.



DIDRIKSONS CASCADE
Stærðir S-XXL

12.593 KR.

Verð áður 17.990 kr.



Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is

Ellingsen

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA



OSTAMEISTARI FRÁ AKUREYRI
kynnir Óðalsosta
Föstudaginn 15. nóvember
kynnir Óðalsosta
kl. 15-19 í Kringlunni

KYNNING
Laugardaginn 16. nóvember
kl. 13-17 í Garðbæ, Kringlunni,
Holtagörðum og Spöng

KYNNING
Föstudaginn 15. nóvember
kl. 15-19 í Skeifunni, Garðbæ,
Holtagörðum og
á Eiðistorgi.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



MJÓLKUR- & OSTADAGAR Í HAGKAUP

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



Ostakökur

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



Mccain franskar
5 tegundir

JÓLAKLEMENTÍNURNAR!



Robin klementínur
Einu sönnu jólaklementínur

KOMINN AFTUR!



Soja- og kókosís
Fyrir þá sem er með mjólkurþol og/eða ofnæmi.



Hatting Veggen Fuldkorn
lífrænt, 7 stk.



Odense
í jólabaksturinn



Katla piparkökumix
Einfaldar piparkökubaksturinn



Te&kaffi
Ljúffengt jólakaffi


Gildir til 17. nóvember á meðan birgðir endast.



GEITAOSTADAGAR
NÝ SENDING FRÁ FRAKKLANDI
Í SÆLKERABÖRÐI KRINGLUNNI



ÞÚ ÞEKKIR ÞAER
Á GULLINU---



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



Sérvalið þurrverkað kjöt

HÆGMEYRNAÐ

Kjötið er látið meyrna við kjöraðstæður í 4-6 vikur þannig næst einstakt bragð og mýkt í kjötið

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



ENTRECOTE
ÚR SPJALDHRYGG

3674 kr/kg
verð áður 4899



RIBEYE
ÚR FRAMHRYGG

3674 kr/kg
verð áður 4899



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



LAMBA-
RIBEYE
3299 kr/kg
verð áður 4399



KJÚKLINGA-
LÆRI ÚRBEINUÐ
1874 kr/kg
verð áður 2498



KJÚKLINGA-
LEGGIR
711 kr/kg
verð áður 889



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa



LAMBAFILE
FROSID
2999 kr/kg
verð áður 3899



HAGKAUPS
VEISLULÆRI
1819 kr/kg
verð áður 2598

TILBOÐ
50%
afsláttur á kassa



DR. OETKER
TRADIZIONALE PIZZUR

350 kr/pk
verð áður 699

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

✝

Okkar ástkæra móðir,
tengdamóðir og amma,
ANNA LÍSA JÓHANNESDÓTTIR
Hrafnistu, Reykjavík,
áður til heimilis að Efstasundi 28,
lést sunnudaginn 10. nóvember á
Landspítalanum í Fossvogi. Útförin verður
auglýst síðar.



Porkell P. Ólafsson **Margrét Elíasdóttir**
Ólafur H. Ólafsson **Jóhanna Arndal**
og barnabörn.

✝

Ástkær móðir okkar, amma,
langamma og langalangamma,
LÁRA J. ÁRNADÓTTIR
lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn
13. nóvember. Útför auglýst síðar.



Sigurjón Jóhannsson **Gyða Hauksdóttir**
Árni Jóhannsson **Dagfríður Jónsdóttir**
Magnús Finnur Jóhannsson
Margrét Nanna Jóhannsdóttir
Jóhann Jóhannsson **Karl Ísleifsson**
ömmubörn.

✝

Við sendum innilegar þakkir
öllum sem auðsýndu samúð
og hlýju við andlát og útför
PORSTEINS BJARNASONAR
bátsmanns,
Fornhaga 17, Reykjavík.



Guðrún G. Sæmundsdóttir **Svana Helen Björnsdóttir**
Sæmundur E. Þorsteinsson **Pórunn Harðardóttir**
Jón Viðar Þorsteinsson
Rakel Guðrún Óladóttir
Sólveig Nielsdóttir
Björn Orri, Sigurður Finnbofi og Þorsteinn Sæmundssynir
Þorsteinn Jakob og Guðmunda Jónsbörn

✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,
PRÁINN AGNARSSON
lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn
12. nóvember. Jarðarförin verður auglýst
síðar.



Guðlaug Bára Þráinsdóttir **Anna Guðmundsdóttir**
Óskar Þór Þráinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar
og systir,
SÚSANNA STEINÞÓRSDÓTTIR
Hlynskógum 2, Akranesi,
sem lést fimmtudaginn 7. nóvember, verður
jarðsöngin frá Akraneskirku mánudaginn
18. nóvember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast
afþökkuð. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Sveinúsjó
sumarbúðanna í Ölveri, Rn. 701-05-302000, kt. 420369-6119.



Jón Jóhannsson
Irena Rut Jónsdóttir
Guðjón Jónsson
Karitas Eva Jónsdóttir
Ingibjörg Steinþórsdóttir
Jónína Steinþórsdóttir
Sigurður Mýrdal Steinþórsson
og aðrir aðstandendur.

Haustútsala
20-30% afsláttur



Granithöllin
Legsteinar
Bæjarhrouni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 3888 - granithollin.is

PETTA GERÐIST: 15. NÓVEMBER 1920

Þjóðabandalagið fundaði í fyrsta sinn

Fyrsti fundur Þjóðabandalagsins var haldinn þennan dag árið 1920 í Genf í Sviss með þátttöku fulltrúa frá 41 ríki. Bandalagið var stofnað á friðarráðstefnu í París 1919 í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar, með það að markmiði að koma í veg fyrir styrjaldir, leysa úr milliríkja-deilum með samningaviðræðum og bæta velferð í heiminum. Wilson Bandaríkja-

forseti átti stóran þátt í stofnuninni en öldungadeild Bandaríkjanna vildi ekki ganga í bandalagið. Sú stefna í alþjóðastjórn málum sem lá á bak við bandalagið var gerólík þeirri sem ríkt hafði fram að því. Þjóðabandalagið bjó ekki yfir eigin her og treysti því á stórveldin við að tryggja framkvæmd ákvarðana þess.



EINN HÖFUNDANNA „Við einbeitum okkur að mannlegu hliðinni, að fólkinu og frásögunum tengdum kirkjunni, segir Jóhann Guðni um efni bókarinnar Loksins klukkna-hljómur.“
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Byggðu Fríkirkjuna á fjórum mánuðum

Hundrað ára saga Fríkirkjunnar í Hafnarfirði er komin út. Hún heitir Loksins klukkna-hljómur. Þar má lesa um afrek frumkvöðlanna sem stofnuðu söfnuð að vori og vígðu í lok árs fyrstu tvílofta timburkirkju landsins. Hún var raflýst á undan öðrum guðshúsum Íslands.

„Hvernig skrifar maður bók um kirkju? Maður skrifar bara um fólkið sem byggir hana og myndar kirkjustarfið gegnum tíðina,“ segir Jóhann Guðni Reynisson, einn þriggja höfundarinnar Loksins klukkna-hljómur sem rekur sögu Fríkirkjunnar í Hafnarfirði. Hinir eru Björn Pétursson bæjarminjavörður og Sigurður Valdimarsdóttir, kennari og djákni við kirkjuna.

Hópur Hafnirðinga klauf sig frá þjóðkirkjunni og stofnaði fríkirkjusöfnuð vorið 1913. Íbúar í firðinum voru þá komnir yfir þúsund en engin kirkja var í bænum. „Fólk var orðið þreytt á að labba út að Görðum á Álftanesi og burðast þangað með líkisturnar því aðeins einn bíll var í bænum á þessum tíma. Fannst þetta langt. Vildi fá kirkju,“ lýsir Jóhann Guðni sem er formaður safnaðarstjórnar Fríkirkjunnar. Hann segir söfnuðinn stofnaðan kringum sumar-daginn fyrsta 1913, byrjað hafi verið á kirkjunni í ágúst það ár og smíðinni

lokið í desember. Hvernig var þetta hægt?

„Þarna er maður sem heitir Jóhannes Reykdal, sá sem stofnar fyrstu almenningsrafveituna og fyrstu vélknúnu timburverksmiðjuna, sem síðar varð Dvergur. Jóhannes var framfaramaður og mikill frumkvöðull sem leiðir þessa kirkjubyggingu dálítið. Safnaðarstjórnin, þar sem Jóhannes var fomaður, var búin að ákveða að byggingin mætti kosta 8.000 krónur og hann gerir tilboð við fyrirtæki sitt upp á 7.900. Hann var alla tíð örlátur í garð kirkjunnar og þetta hefur örugglega verið hagstætt tilboð. Síðan gaf hann mikla vinnu eins og margir aðrir,“ segir Jóhann Guðni.

Nokkrum sinnum er búið að byggja við Fríkirkjuna í Hafnarfirði, síðast árið 1998. Henni er stöðugt haldið við og mikið unnið í sjálfboðavinnu að sögn Jóhannes Guðna sem segir góðan jarðveg í söfnuðinum fyrir fólk sem vill taka þátt í starfinu. „Kvenfélagið aflar mikilla tekna og bræðrafélagið



FRÍKIRKJAN Í HAFNARFIRÐI Kirkjan hefur gengið í gegnum ýmsar breytingar á hundrað árum. Svona er hún í dag. MYND/JÓHANN GUÐNI

leggur ómælda vinnu af mörkum við viðhald á kirkju, lóð og safnaðarheimili,“ segir hann. „Í bókinni einbeittum við okkur að mannlegu hliðinni, að fólkinu og frásögunum tengdum kirkjunni. Þetta ekki uppflettirit með tölu- legum fróðleik heldur áhugaverð saga.“

✝

Við þökkum öllum þeim sem sýnt hafa okkur hlýju og samúð vegna andláts og útfarar elsku pabba okkar, tengdafaður, afa og langafa,
RÖGNVALDAR BERGSSONAR
Viðihlíð, Austurbyggð 17,
áður til heimilis að Seljahlíð 11c,
Akureyri.



Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Viðihlíðar Dvalarheimilis Hlíðar fyrir hlýhug og yndislega umönnun.

Steinunn G. Rögnvaldsdóttir **Bjarni Baldursson**
Freyja Rögnvaldsdóttir **Hörður Benediktsson**
Edda B. Rögnvaldsdóttir **Sigurjón Sveinbjörnsson**
Sólveig Rögnvaldsdóttir **Fríðrik Sigurðsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

✝

Okkar ástkæra
ELÍN JÓNSDÓTTIR
Borgarholtsbraut 45, Kópavogi,
sem andaðist á hjúkrunarheimilinu
Sunnuhlíð 7. nóvember, verður jarðsöngin
frá Kópavogskirkju mánudaginn
18. nóvember kl. 13.00. Jarðsett verður
í Kópavogskirkjugarði. Þeim sem vildu
minnst hennar er bent á Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð.



Ragnar J. Lárusson
Lárus P. Ragnarsson **Karlotta B. Aðalsteinsdóttir**
Sigrún K. Ragnarsdóttir **Haraldur R. Gunnarsson**
Halldóra B. Ragnarsdóttir **Pórður S. Magnússon**
Ásdís L. Ragnarsdóttir **Sigurður P. Adólfsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



LISTASMIÐJUR FYRIR BÖRN

Í Norræna húsinu verða haldnar tvær listasmiðjur á sunnudaginn fyrir börn á aldrinum 6 til 12 ára. Þátttaka er ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig á nh@nordice.is.

Landsins mesta úrval af sófum og sófasettum



Mosel

Sófinn þinn útfærður eftir þínum óskum

Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Patti
HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

1 ár

Við höldum upp á eins árs afmæli.

Af því tilefni veitum við **20% afslátt** af öllum fatnaði í 2 daga, í dag föstudag og á morgun laugardag.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Nýtt Kortatímabil

Opið virka daga kl. 11-18.
Opið laugardaga kl. 11-16.

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

Klúbi á myndfr og verð á Facebook

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



ELDAÐ MEÐ HOLTA

HOLTA KYNNIR Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur, ásamt Kristínu Steinarsdóttur, yfirmatreiðslumanni Munnhörpunnar og næringarfræðingi, uppskrift að paleo-

vænum steinaldarkjúklingi með peru-valhnetusósu, marineruðu spergilkáli og rauðkálssalati. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

HOLLT OG GOTT
Bragðmikill og skemmtilegur réttur frá Úlfari og Kristínu hjá Munnhörpunni.
MYND/GVA

PALEO-VÆNN STEINALDARKJÚKLINUR MEÐ PERU-VALHNETUSÓSU, MARINERUÐU SPERGILKÁLI OG RAUÐKÁLSSALATI.

MARINERÐ SPERGILKÁL
1 spergilkálshaus skorinn í bita og settur í skál. Smá ólífuolíu hellt yfir og örtiltu sjávarsalti. Þessu er velt og nuddað vel inn í spergilkálið og geymt í kæli yfir nótt. Smá sitrónusafa ýrt yfir spergilkálið rétt áður en það er borið fram.

KJÚKLINGUR
600 g kjúklingabringur eða -lundir

SÓSAN
2 perur
Hálft búnt steinselja smá vatn

1 dl af valhnetum
Safi úr einni sitrónu
Smá salt

Perur eru þvegnaðar, skornar og settar í blandara eða matvinnsluvél. Gott er að setja smá vatn með til að hnifarnir nái að taka af stað. Látið perurnar maukast vel. Setjið afganginn út í og smakkið til með smá salti. Takið helming sósunnar til að bera fram með réttinum. Hinn helmingurinn er settur á kjúklingalundir eða -bringur sem eru skornar í bita. Kjúklingi velt vel upp úr sósunni. Best er að láta kjötið

marinerast yfir nótt en skemmri tími dugir vel. Setjið kjúkling inn í ofn á 160 gráður í u.þ.b. 15 mínútur.

SALAT
1/2 haus ferskt rauðkál
2 stönglar selleri
1 sitróna
1 epli
1/4 tsk. negull
1/2 tsk. sjávarsalt
1/2 dl ólífuolíu

Rauðkál rífið fint á mandólin-rifjárn eða skorið í þunnar ræmur. Sellið skorið á ská í langar ræmur og eplið skorið



í kubba. Gott er að rífa börk af appelsínu eða sitrónu út í ásamt því að kreista safann úr sitrónunni ofan á salatið. Hálfum desílítra af ólífuolíu hellt út á og öllu velt vel upp úr vökvanum. Smakkið til með salti og skreytið með valhnetum og sellerilaufum. Hellið afganginum af sósunni yfir kjúklinginn eftir eldun eða berið fram í skál.

www.nings.is



FYRIR PARTYIÐ

Sushi-, spjót- og smáréttabakkar

NINGS

Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899

Pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara



Öflug vörn gegn sveppasýkingum

„Ég mæli með Bio Kult Candéa fyrir skjólstæðinga mína. Síðustu ár hef ég lagt mikla áherslu á að vera í jafnvægi, með góða orku og einbeitingu í lífi og starfi. Ég hef lagt áherslu á að taka inn góða gerla til að viðhalda jafnvægi og orku og hef prófað þá allra bestu hér á markaðinum hverju sinni,“ segir Sigríður Jónsdóttir, ADHD markþjálfari og fíkniráðgjafi.

„Mér finnst Bio Kult Candéa vera skjótvirkasta varan sem ég hef prófað. Ég mæli með henni fyrir skjólstæðinga mína sem gjarnan eru að glíma við ójafnvægi í lífi sínu.“




GEÐVEIKAR PYLSUR

HEIMAGERT GÓÐGÆTI Á morgun verður opnaður „pop up“-veitingastaðurinn Pylsugerðin sem selur heimagerðar pylsur til styrktar Geðdeild Landspítalans.

Á morgun laugardag verður veitingastaðurinn Pylsugerðin opnaður. Matgæðingar landsins geta þó bara gætt sér á veitingum þar þennan eina dag því staðurinn er svokallaður „pop up“-veitingastaður. Eins og nafnið gefur til kynna verður boðið upp á heimagerðar pylsur og meðlæti við hæfi en allur ágóði dagsins rennur til Geðdeildar Landspítalans. Að sögn Þórunnar Hannesdóttur, eins aðstandenda veitingastaðarins, var ákveðið að hafa matseðilinn frekar einfaldan en um leið spennandi. „Við munum bjóða upp á tvær tegundir af ljúffengum pylsum, aðra úr nautakjöti og hina úr svínakjöti. Í þær verður síðan blandað ýmsu kryddi og fleira góðgæti. Auk þess verður boðið upp á heimagert hrásalat og kók í gleri með lakkrisróri.“ Tvær stærðir diska eru í boði, annar á 500 kr. og hinn á 1.000 kr. Auk þess verður styrktarbaukur á staðnum fyrir frjáls framlög.

Hópurinn sem stendur að veitingastaðnum kallar sig Pylsugerðina og í honum er fólk sem hittist reglulega til

þess að búa til eigin pylsur. „Kærasti minn er breskur og átti í erfiðleikum með að finna almennilegar pylsur hér á landi. Við ræddum við vini okkar og ákváðum að taka málin í okkar hendur og hefja eigin pylsugerð.“

Sem fyrr segir mun Geðdeild Landspítalans njóta alls ágóða dagsins. Þórunn segir að verið sé að vinna að endurbótum við deildina og hópurinn vilji styrkja það frábæra framtak. „Flestir tengjast geðdeildinni á einn eða annan máta og því er þetta málefni sem mikilvægt er að styðja vel við. Fjölmörg fyrirtæki hafa einnig komið að verkefninu með okkur og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir það. Við búumst við góðri aðsókn enda höfum við verið dugleg að bjóða vinum og kunningjum. Um leið höfum við hvatt þá alla til að bjóða fleirum með sér. Því fleiri sem koma, því meiri verður ágóði Geðdeildarinnar.“

Pylsugerðin verður til húsa á Ljós-vallagötu 8 í Reykjavík og verður opin milli kl. 15-17. Enginn posi verður á staðnum.

TIL Í SLAGINN!
Pylsugerðin opnar samnefndan veitingastað í einn dag á morgun. Tvö úr hópunum eru Þórunn Hannesdóttir og Unnsteyn Jóhannsson.
MYND/GVA



LJÚFFENGAR PYLSUR
Heimagerðar pylsur Pylsugerðarinnar bragðast vel.
MYND/ÚR EINKASAFNI

Bernharð Laxdal
Sung í 75 ár
75 ára Afmælisfagnaður-ýmsir afslættir og kaupaukar föstudag-miðvikud

NÝJAR VETRALÍNUR FRÁ GERRY WEBER OG TAIFUN –FRANK LYMAN
KJÓLAR BOLIR-PEYSUR OG BLÚSSUR

25% AFSLÁTTUR



Skóðið laxdal.is

Laugavegur 63
s: 551 4422
www.laxdal.is

Vertu vinur á 

Bernharð Laxdal
Stofnað 1938

FJÖR Í BREIÐHOLT

Breiðholtsdagar standa nú yfir og glæsileg dagskrá verður alla helgina í þessu hverfi sem er eitt það stærsta í borginni.

Dagskrá hinna árlegu Breiðholtsdaga er æði fjölbreytt. Í dag hefst dagurinn á hátíð í Fellaskóla á degi íslenskrar tungu.

Á laugardeginum má nefna flóamarkað í Gerðubergi og þar verður einnig hönnunarsýning fata- og textílbrautar FB. Á sýningunni verða búningar sögupersóna úr þekktum skáldverkum til sýnis. Sýningin og flóamarkaðurinn verður einnig á sunnudag.

Í A-sal Gerðubergs verður fjölbreytt og líflæg fjölskyldudagskrá þar sem börn troða upp og syngja lög á ýmsum tungumálum,

þá verður tombóla í anddyrinu. Á sunnudaginn hefst dagskráin á barokkguðsþjónustu í Fella- og Hólakirkju. Komið og dansið, í Drafnarfelli, verður með opið hús og listasmiðja fyrir alla fjölskylduna í Gerðubergi. Sýning verður á tréskurði í Gerðubergi og listamaðurinn Daníel Magnússon leiðir gesti um ljósmyndasýningu sína, Glossolalia. Þeir sem kunna mannganginn geta síðan skellt sér í Breiðholtslaug og teft við félagi úr Skákkfélaginu GM Helli í heita pottinum.

Nánari dagskrá má nálgast á breidholt.is.



BREIÐHOLT Breiðholtsdagar eru árlegur viðburður.



áfram Ísland!

áfram Ísland!

SPARAÐU PENING
OG PANTAÐU Á NETINU

WILSONS.IS



**Tvær pizzur
m/ 2 áleggjum,
ostabraudstangir
og 2l. Coke**

 **2990** kr.

 **3290** kr.
ef pantað er í síma

1000 kr. aukalega fyrir heimsendingu



581 15 15 wilsons.is



Ánanaustum

Gnodavogi 44

Eddufelli 6

Vesturlandsvegi

Brekkuhúsum 1

Bröns.

Í hádeginu
alla laugardaga
og sunnudaga

Diskur með beikoni, hrærðum eggjum, pylsum, pönnuköku, djúpsteiktum camembert, ristudu brauði, skinku, osti, ávöxtum og heimalöguðum skyrdrykk. Kaffi eða te fylgir með.

2.295,-

GEYSIR
Bistro

Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | Tel: +354 517 4300 | www.geysirbistro.is

Vissir þú að...



Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hetti



SJÓMENNASKAN Í HÁVEGUM HÖFÐ Á veggjunum hanga mannlífsmyndir frá Grindavík og allir munir minna á sjóinn.

VEIÐARFÆRI, HUMAR-SÚPA OG GOTT KAFFI

FYRSTI VIÐKOMUSTAÐUR Fjölmargir erlendir ferðamenn láta það verða sitt fyrsta verk við komuna til landsins að heimsækja kaffihúsið Bryggjuna í Grindavík en þar er hægt að virða fyrir sér ýmis veiðarfæri um leið og bragðað er á humarsúpu og öðrum kræsingum.

Kaffihúsið Bryggjan að Miðgarði 2 í Grindavík er gjarnan fyrsti viðkomustaður erlendra ferðamanna. Staðarinn er enda getið í ferðavísunum á borð við Trip Advisor og Lonely Planet og vel af honum látið. Bræðurnir og netagerðarmennirnir Kristinn og Aðalgeir Jóhannssynir hafa lengi rekið netagerð á staðnum en ákváðu árið 2009 að opna kaffihús í sama húsi og reka það samhliða. Gestir staðarins fá því nasasjón af starfi netagerðarmanna og geta virt fyrir sér ólík veiðarfæri. „Þó okkur þyki þetta ekki tiltökumál þá vekur þetta mikinn áhuga og þá sérstaklega hjá ferðamönnum sem koma frá löndum sem ekki liggja að sjó,“ segir Aðalgeir.

Á veggjum kaffihússins gefur svo að líta myndir af lífinu í Grindavík og þar hangir til að mynda listi yfir aflakóna í Grindavík frá árinu 1945 til 1984. „Þá ríkti mikil keppni á milli báta um það hver fiskaði mest yfir vertíðina. Stundum var það svo að eftir rúma hundrað róðra munaði kannski bara þrjátíu kílóum á milli báta. Við sem ólumst hérna upp bárum ómælda virðingu fyrir skipstjórunum. Þetta var okkar fótolti og minnir listinn áþreifanlega á það,“ segir Aðalgeir.

Á kaffihúsinu ríkir heimilisleg stemning. Boðið er upp á alls kyns gæðakaffi og hjá Kristni kraumar humarsúpa í potti. „Við erum alltaf með súpu en um tíma var humarsúpan aðeins á boðstólum á föstudögum. Hún þykir hins vegar svo góð að við urðum að bregðast við og nú getur fólk gengið að henni vísri á hverjum degi. Þá erum við með heimagerðar kökur sem konan mín, Sigurbjörg Róbertsdóttir, bakar svo



ÖVENJULEG BLANDA Bræðurnir Aðalgeir (til vinstri) og Kristinn Jóhannssynir ákváðu árið 2009 að opna kaffihús í netagerðinni sem þeir hafa rekið um árabíl.

þetta er eiginlega allt innan fjölskyldunnar,“ segir Aðalgeir. „Við hefðum þó aldrei getað komið þessu á fót án Sigurgeirs Sigurgeirssonar, fyrrverandi veitingamanns, enda kunnum við ekkert að fást við kaffihús þegar við fengum þá hugmynd að nota húsnæðið betur. Sigurgeir tók okkur að sér og leiddi okkur áfram eins og börn. Hann hvatti okkur til dáða og kenndi okkur meðal annars að búa til þessa fínu humarsúpu sem hefur slegið svona rækilega í gegn. Án hans hefði aldrei orðið neitt kaffihús.“

Staðurinn er opinn alla daga frá því eldsnemma á morgnana til ellefu á kvöldin. Þar er ýmiss konar dagskrá árið um kring og hefur fjölmargt tónlistar-, lista-, og áhrifafólk stigið þar á svið. „Í dag hefjum við á ný dagskrárlið sem við köllum

Milliliðalaust. Um er að ræða morgunverðarfundir þar sem gestum gefst kostur á að vera í milliliðalaus sambandi við fólk sem er ofarlega á baugi hverju sinni. Að þessu sinni fáum við til okkar Árna Pál Árnason en áður höfum við fengið Guðna Ágústsson, Bjarna Benediktsson, Styrmi Gunnarsson og Ara Trausta Guðmundsson, svo dæmi séu nefnd. Staðurinn er lítil og notalegur sem skapar mikla nánd og hefur þetta gefist afar vel.“

Fjölmargt listafólk hefur sem fyrr segir troðið upp á staðnum og kemur það úr ýmsum áttum. „Þá erum við reglulega með opið svið þar sem tónlistarfólki gefst kostur á að láta ljós sitt skína.“

Allar nánari upplýsingar er að finna á Facebook undir Bryggjan kaffihús.

Lífið

FÖSTUDAGUR
15. NÓVEMBER 2013

*Katrín María Kára-
dóttir fatahönnuður*
**HLAUT INDRÍÐA-
VERÐLAUNIN
2013 4**

*Helga Marín
Bergsteinsdóttir*
**NÁMSKEIÐIÐ
ORKA, HREYSTI
OG VELLÍÐAN 12**

*Ósk Ágústsdóttir
snyrtifræðingur*
**LENGIR
OG ÞYKKIR
AUGNHÁRIN 14**

Nanna Kristín Magnúsdóttir

**ÞAÐ SKORTIR KONUR
Í KVIKMYNDAGERÐ**

FRÉTTABLAÐIÐ

► visir.is/lifid

HVERJIR HVAR?

Það ríkti mikil gleði á barnum á 101 hóteli um síðastliðna helgi og var fullt út úr dyrum. Á laugardagskvöldið mátti sjá tónlistarkonuna **Björk Guðmundsdóttur** ásamt vinkonu sinni til margra ára, listakonunni **Gabrielu Friðriks-**



dóttur, í góðu yfirlæti. Auk þeirra voru þar þau **Svava Johansen**, oftast kennd við tiskuvöruverslunina Sautján, og sambylismaður hennar, Björn Sveinbjörnsson, ásamt vinum sínum, meðal annarra einkapjálffaranum Lóló Rósenkranz. Þá mátti einnig sjá Önnu Marsibil Clausen, ritstjóra Monitor, í sínu finasta þússi.



Lífið

Hamingja, fólk og annað frábært

Umsjón blaðsins
Marín Manda Magnúsdóttir
marinmanda@frettabladid.is

Umsjón Lífsins á Vísir.is
Elly Ármann
elly@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.

Forsíðumynd
Stefán Karlsson

Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

Lífið
Skafthlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
www.visir.is/lifid



Katrín María Káradóttir handhafi Indriðaverðlaunanna 2013 og **Steinunn Sigurðardóttir** verðlaunahafi 2011.

HÁTÍÐ INDRÍÐA-VERÐLAUNIN VEITT

Uppskeruhátíð haldin í annað sinn hjá Fatahönnunarfélagi Íslands við mikinn fögnuð.

Uppskeruhátíð Fatahönnunarfélags Íslands var haldin í annað sinn síðastliðinn laugardag en markmið hennar er að efla samheldni innan fagsins og skapa vettvang fyrir faglega umræðu.

Dagskráin var fjölbreytt og voru fyrirlesarar kvöldsins þeir Michael H. Berkowitz og Ingvar Helgason. Michael vann í 15 ár sem listrænn stjórnandi undirfatarlínna hjá Calvin Klein en hann deildi reynslu sinni um vörubrúun, hönnun og alþjóðlega markaðssetningu. Hann starfar nú sem hönnunarráðgjafi fyrir fyrirtæki á borð við Nike, Tom Ford, Bruce Weber, Gap og Narciso Rodriguez. Ingvar Helgason er annar fatahönnuður tvíeykisins Oswald Helgason, sem hann

stofnaði ásamt Susanne Oswald árið 2008 í London. Ingvar ræddi meðal annars um uppbyggingu hönnunarfyrirtækis á alþjóðlegum markaði.

Indriðaverðlaunin voru einnig veitt þeim fatahönnuði sem þykir hafa skarað fram úr á árunum 2011-2012. Verðlaunin eru kennd við klæðskerann Indriða Guðmundsson, heitinn, sem þekktur var fyrst og fremst fyrir gæði og fagmennsku. Dómnefnd ákvað að veita Katrínu Maríu Káradóttur verðlaunin í ár fyrir framlag hennar til íslenskrar fatahönnunar og störf í faginu bæði hér á landi, erlendis og fyrir kennslu við fatahönnunardeild LHÍ.

Í dómnefnd sátu Halla Helgadóttir, Eyjólfur Pálsson, Erna Bergmann, Steinunn Sigurðardóttir og Linda Björg Árnadóttir.



Halla Helgadóttir og Harpa Þórsdóttir.



Anna Clausen og Eygló Margrét Lárusdóttir.



Hjördís, Sigga og Erna Bergmann.



Michael Berkowitz og Ingvar Helgason.



Greipur Gíslason og Ragnheiður Axel.



Algjört undraefni

Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaaldri. „Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrravetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægu sinni með vöruna. Ég var að byrja á breytingaaldrinum en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum,“ segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun voru öll einkennin horfin.



„Nú sef ég samfelldan svefn, finn ekki fyrir hitakófum eða fótaóeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamanum. Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna fyrir breytingaaldrinum. Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér líði í dag ef ég hefði ekki kynnst Femarelle, þvílíkt undraefni.“



TÖLVAN ÞARF FARTÖLVAN ÞÍN NÝJA BLÚSSU?

Fartölvan er orðin algengur fylgihlutur og því mikilvægt að hún sé varin fyrir hnjaski í daglegu amstri og passi vel við klæðnaðinn. Hulstur fyrir fartölvur eru því orðin vinsæl viðbót við línur vöru- og fatahönnuða og verður það sífellt algengara að fólk eigi fleira en eitt slíkt til skiptanna. Þegar velja á hulstur er því gott að hafa í huga að það verndi tölvuna nægilega vel, að efnið sé nægilega þykkt og svo auðvitað að útlit þess gleðji augað.

1. Handgert tölvuhulstur frá Reykjavík Trading Co. úr íslenski ull og kálfsleðri. Einnig til fyrir íþad. Fæst í Aurum, Bankastræti 4.
2. Tölvuhulstur úr bómull og leðri með handprentuðu munstri frá Collina Strada. Fæst í Gloríu, Laugavegi 37.
3. Brúnt tölvuhulstur úr leðri. Fæst í Maclandi, Laugavegi 17.



SPORT MARKAÐUR

OPNAR Í MÖRKINNI 6

MERKJAVARA Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

MIKIÐ ÚRVAL AF
ÍPRÓTTAFATNAÐI, SUNDFATNAÐI,
HLAUPASKÓM, GÖNGUSKÓM,
TÖSKUM O.M.FL.

casall[®]  **TEVA**  **asics**[®]



SEAFOLLY



SPORTÍs

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S: 520-1000 | SPORTIS.IS



ÞVERSLAUFUR OG HÁRSKRAUT FYRIR BÖRN

Sara Lárusdóttir förðunarfræðingur byrjaði að hanna og sauma slaufurnar SL-slaufur í fæðingarorlofi sínu.

Víðtökurnar eru mjög góðar og ég er búin að hafa meira en nóg að gera. Hugmyndin fæddist þegar ég var að vinna í barnafataversluninni Name it. Viðskiptavinir spurðu mikið eftir barnslaufum allan ársins hring og mér fannst vanta meira úrval,“ segir Sara Lárusdóttir. Fyrsta slaufan varð að veruleika þegar manningu hennar vantaði gyllta slaufu vegna þema í vinnunni en svoleiðis slaufa var hvergi fáanleg í versluninum. Hún segist þá hafa tekið málin í sínar hendur, verslað efni og sest fyrir framan saumavélina. „Þegar ég var í fæð-

ingarorlofi með seinni son minn langaði mig að einblína á barnslaufur þrátt fyrir að ég hafi gert einstaka sérpantanir fyrir herra,“ útskýrir hún. Fyrir jólin segir hún vinsælustu slaufurnar vera köflóttar og satín slaufur. Slaufurnar fást í stærðunum 0-1 árs, 1-3 ára, 3-6 ára og 6-12 ára og hægt er að panta þær og hárskraut í gegnum facebook síðuna SL-slaufur.

Framundan er flutningur til Svíþjóðar þar sem hún mun halda áfram að sinna eftirspurninni og senda pantanir til Íslands en einnig er hægt að versla slaufurnar í versluninni Þumalína.



Slaufurnar eru litríkar og fást í ýmsum gerðum og stærðum.



Katrín María Káradóttir. Gerð verðlaunagripsins er styrkt af Epal og hann er smíðaður af Helgu í Gullkúnst.

VERÐLAUN HVATNING TIL AÐ GERA ENN BETUR

Katrín María Káradóttir fatahönnuður tók við Indriðaverðlauninum um helgina en verðlaunin voru veitt af Fatahönnunarfélagi Íslands í annað sinn fyrir framúrskarandi hönnun.

Þetta var gaman og mér þótti nú bara verulega vænt um þetta, Indriði var nú kennarinn minn á sínum tíma og ég sakna hans mjög,“ segir Katrín María Káradóttir, klæðskeri og fatahönnuður, sem að tók við Indriðaverðlauninum á uppskeruhátíð Fatahönnunarfélags Íslands um síðastliðna helgi.

Indriðaverðlaunin eru veitt þeim hönnuði sem þykir hafa skarað fram úr á árunum 2011-2012 og er þetta í annað sinn sem verðlaunin eru veitt. Við val á hönnuði er litið til þeirra fatahönnuða sem hannað hafa heilsteypur fatalínur, verið virkir á árunum 2011 og 2012 og þykja hafa skarað fram úr á sínu sviði. Verðlaunin eru innblásin af starfi

Indriða Guðmundssonar og því eru gæði og fagmennska lykilorð við val hönnuðar, hvort sem kemur að hugmyndum eða frágangi.

„Ég lít á þetta sem viðurkenningu á mínum störfum í gegnum tíðina og ekki síst núna undanfarin ár, eða þann tíma sem ég hef hvað mest starfað fyrir Ellu, þannig að eitthvað hljótum við að vera að gera rétt þar,“ segir

Katrín María hefur verið yfirhönnuður Ellu frá upphafi en einnig starfað erlendis fyrir John Galliano, Lutz, Thomas Engelhart, Bali Barette og Martine Sitbon. „Ég sé fyrir mér að þetta verði stærri viðburður með tímanum og vona að þetta muni auka veg fatahönnunarinnar almennt og sýni mikilvægi þess að þetta fag sé tekið alvarlega.“



SALON REYKJAVÍK

KYNNIR HÁRLIT ÁN AMMONÍAKS, PARABENS, FORMALDEHYDE, RECORCINOL EÐA PLASTS

organic color systems

- PEKUR GRÁTT HÁR 100%
- FALLEGUR LITUR
- SKEMMIR EKKI HÁRIÐ
- FRÁBÆR GLANS
- ENDINGAGÓÐUR
- LÍFRÆNT VOTTUÐ INNIHALDSEFNI* (SOIL ASSOCIATION)
- STENST KRÖFUR UM VEGAN (PETA VOTTAD)
- EKKI PRÓFAD Á DÝRUM (PETA VOTTAD)

*(SUM EFNI)

SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐI 5 101 REYKJAVÍK
OPÍÐ MÁN-FÖS: 9-18 LAU: 10-13 SÍMI: 56 85 305

KVENNASKÓLINN Í SIGURVÍMU EFTIR HUGVITSKEPPNINA

Framkvæmdakeppnin Boxið fór fram um síðustu helgi í Háskólanum í Reykjavík.

„Það var svo gaman að fylgjast með hvornig þau unnu saman en þau stóðu sig svo vel og það var svo mikill keppnisandi í liðunum. Liðsheldin hafði jafnvel mest að segja um hvaða árangri þau náðu,“ segir Guðrún Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík.

Um síðastliðna helgi fór fram úrslitakeppni framkvæmdakeppninnar Boxið en þar var keppt í hugvitssemi og verkviti. Samtök iðnaðarins, Háskólinn í Reykjavík og Samband íslenskra framhaldsskólanema stóðu að keppninni. Guðrún segir að mikill skortur sé á starfsfólki í iðnaði og tækni þrátt fyrir verulegt atvinnuleysi og bendir á að Boxið sé fjölbreyttari en flestar aðrar keppnir sem endurspeglar atvinnulífið.

Hvert lið var skipað fimm einstaklingum sem fengu hálf tíma til að leysa hverja þraut sem hönnuð var af fyrirtækjum úr ólíkum greinum atvinnulífsins með aðstoð fræðimanna Háskólans í Reykjavík. „Þessi keppni reynir á útsjónarsemi, hæfileikann til að greina vandamálið, hópvinnu og færni í mannlegum samskiptum en á allt þetta reynir þegar þú kemur út á vinnumarkaðinn,“ útskýrir Guðrún. Í úrslitum voru Menntaskólinn í Reykjavík, Verslunarskóli Íslands, Tækniskólinn, Menntaskólinn við Sund, Fjölbrotaskóli Suðurlands, Flensborgarskóli, Kvennaskólinn og Menntaskólinn við Hamrahlíð. Á síðasta ári sigraði Menntaskólinn í Reykjavík í Boxinu en í þetta sinn var það Kvennaskólinn sem bar sigur úr býtum. Í öðru sæti var Menntaskólinn í Reykjavík og í þriðja sæti var Fjölbrotaskóli Suðurlands.

Liðsstjóri Kvennaskólans, Ólöf Svafarsdóttir, segir sigurinn hafa komið skemmtilega á óvart þar sem hópurinn hafi farið inn í keppnina með engar væntingar. „Við unnum rosalega vel saman og fengum öll Ípad Mini og gjafabréf í Lasertag í verðlaun svo við erum í sigurvímu,“ segir Ólöf glöð í bragði.



Kvennaskólinn bar sigur úr býtum.

Íslenska teiknibókin

Fyrstu 25 seldum bókum fylgir endurgerð upprunalegs handrits Íslensku teiknibókarinnar.
Fullt verð: 16.900 verð nú: 12.900

Tilboðið gildir til og með 21. nóvember



Lækjargata 2a og Vesturgata 2a 101 Reykjavík. Ópið frá 9 - 22 alla daga



ÓLÖF RAGNA ÁRNADÓTTIR

Varir og glossáferð var áberandi í þessari förðun. Húðin er létt og ljómandi. Á augnlokunum er brúnn krem-augnskuggi. Því næst var settur steinefnaugnskuggi í fjólubláum lit, mikill maskari á augnhárin og í lokin hellingur af glæru varaglossi yfir augnlokun til þess að láta augun poppa enn meira út. Á húðina var notaður steinefnaugnskuggi til að lýsa upp svæði til að fá húðina til að ljóma. Á vörnum er dökkfjólublár varalit-ur og rauður kremgloss yfir.



MAC Mineralize Eyeshadow
Centre Of Attention



MAC Nocturnals Mini Pigments

MAC CREMESHEEN GLASS



KRISTÍN LEA SIGRÍDARDÓTTIR

Augnskugginn er úr brún-blátóna pallettunni. Því næst er svartur eye liner, Full Exposure-maskari og gerviaugnhár til að fá dramatískara útlit. Primer var settur undir Liquid Halo-andlitsfarðann. Til að birta augnsvæðið var settur Under Eye Primer og Photo Op. Þar eftir var púðrað yfir með Halo-steinefnapúðri og skyggt með Halo bronzer. Á kinnbeinin var settur Halo Warm glow og highlightað með Gold Highlighting Wand efst á kinnbein og undir augabrúnnir.



ÚTLIT HÁTÍÐAR- FÖRÐUN FYRIR JÓLIN

Harpa Káradóttir og Kamilla Ösp Guðjónsdóttir förðunarfræðingar farða með jólalínunum Mac og Smashbox en Jónína Sigríður Grímsdóttir frá Mojo sá um hárið.

Divine night colour collection er Jólaínan hjá MAC og er hún mjög faguð í ár. Línan einkennist af seventís-lúxusrokkpartíþema og inniheldur fjölbreytt úrval af steinefnaugnskuggum og eyelinerum, cremesheenglossum og steinefnakinnalitum.

Wondervision-línan frá Smashbox höfðar til allra með augnskuggapallettum í brúnum, bláum, brons, ferskju, túrk-

is, gráum og fjólubláum tónum. Smashbox eru einna frægastir fyrir þræmerana sína sem slétta húðina og gera hana lýtalausa. Liquid Halo-farðinn frá Smashbox er fyrstur sinnar tegundar og gefur hann miðlungsþekju á sama tíma og hann dregur fram náttúrulegan húðtón og inniheldur gelhúðuð litarefni sem gefa húðinni fallega áferð og náttúrulegan ljóma.

SIGRÍÐUR HRÖNN GUÐMUNDSDÓTTIR

Mikil áhersla er lögð á augum í þessari förðun. Plómuliturinn dregur fram augnlitinn, þykkur 60' eyeliner í svargráum lit, mikill maskari og gerviaugnhár til þess að toppa lúkkið. Á húðina var notaður léttur farði og steinefnavörur hér og þar til þess að gefa húðinni ljóma. Til að skyggja kinnbeinin var notaður kaldur brúnn kinnalit. Varirnar voru farðar í beige tóni.



FIG Varalitur

LIV ELISABET FRÍÐRIKSDÓTTIR

Aðalfókussinn í þessari förðun er á að hafa húðina glóandi og sem náttúrulegasta. Hún er með þræmer og Liquid Halo-farða. Púðrað yfir með Halo-steinefnapúðri og skyggt létt með Suntan Matte. Ljóminn er gefinn með Pearl Highlighting Wand. Brons-, ferskju- og brúntóna-augnskuggapallettan var notuð á augun til að ýta undir fallega rauða hárlitinn. Full Exposure-maskarinn til að lengja og þykkja augnhárin. Plómulit aði varaliturinn heitir Fig.



HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.

Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

Marta Jonsson
er þekkt fyrir hönnun sína
á hágæða leðurtöskum og
skóm, á frábæru verði!

MJ
MARTA
JONSSON

LAUGAVEGI 51,
101 REYKJAVÍK
SÍMI: 553 0816
PÓSTSENDUM



www.martajonsson.com

NANNA KRISTÍN NÆSTA SKREF ER AÐ LEIKSTÝRA KVIKMYND Í FULLRI LENGD

Nanna Kristín Magnúsdóttir hefur verið viðloðandi leiklistina í áraraðir, Hún hlaut Edduverðlaunin sem besta leikkona í aðalhlutverki og handritshöfundur fyrir Foreldra. Lífið ræddi við hana um heimflutninginn frá Kanada, tækifærin í leiklistinni á Íslandi og drauminn um að skrifa sjónvarpsþátt og leikstýra kvikmynd í fullri lengd.

NAFN

Nanna Kristín Magnúsdóttir

ALDUR 39 ára

STARF

Leikkona og handritshöfundur

HJÚSKAPARSTAÐA

Í sambúð

BÖRN Þrjú

Nanna Kristín Magnúsdóttir er ein af stofnendum Vesturports. Hún útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands árið 1999 og hefur leikið í fjölda sjónvarpsþátta, stutt- og kvikmynda ásamt leikkonum. Hún hlaut Edduverðlaunin árið 2007 sem leikkona ársins í aðalhlutverki og handritshöfundur fyrir kvikmyndina Foreldra. Undanfarin ár hefur hugur hennar sótt meira í átt að leikstjórn og handritsskrifum en þó segist hún eiga erfitt með að slíta sig frá leiklistinni þegar spennandi hlutverk ber á góma.

Hvað dreymdi þig um að verða þegar þú varst lítil stelpa? „Ég fór í gegnum alls kyns þælingar með það. Ég man að mig langaði á einhverjum tímum að verða gjaldkeri í banka og varð ég mér þá úti um eyðublöð sem þá voru notuð og æfði mig í að fylla þau samviskusamlega út. Hélt sem sagt bókhald og raðaði öllu í möppu.“

Eftir að hafa útskrifast úr MR forstu beint í Leiklistarskóla Íslands. Hvenær forstu að hafa áhuga á leiklist? „Örugglega þegar ég var að stúdera bankastarfsmennina í Búnaðarbankanum á Vesturgötu til að geta náð tökum á gjaldkerastarfinu. Eða jafnvel þegar ég var enn yngri. Ég man þegar ég var lítil að mér fannst oft skemmtilegra að horfa og hlusta á krakka leika heldur en að taka þátt í leikjunum. Það er samt kannski ekki eðlilegt ef ég hugsa út í það en allavega nýtist það mér núna sem leikkona, þó að ég hafi verið krípí barn.“

Verður alltaf Vesturportari

Þú varst ein af stofnendum Vesturports árið 2001. Hvernig kom það til? „Þá vorum við ung

MATUR?

Þessa dagana er það su-Zushi í Kringlunni.

DRYKKUR?

Ferskir safar á Joe and the Juice

HÖNNUÐUR?

Breki Design

VEITINGAHÚS?

Dill

HLJÓMSVEIT?

Siðrof

VEFSÍÐA?

facebook.com/foxfindericeland

DEKUR?

Nordica Spa, Sóley Natúra Spa, Blue Lagoon og allur pakkinn.

HREYFING?

Fjarþjálfun hjá Heiðrúnu fitness og World Class á Seltjarnarnesi, virkar vel saman.

og nýútskrifuð. Þetta var tækifæri til að gera eitthvað sjálf og vinahópur minn var tilbúinn að gera það. Síðan þá hef ég verið viðloðandi eina og eina sýningu því ég var fastráðin hjá Þjóðleikhúsinu og var mjög upptekin þar. Að sjálfsögðu sáum við ekki fyrir þessa sprengju sem þetta svo varð. Ég lít á sjálfa mig sem Vesturportara þrátt fyrir að ég taki ekki þátt í daglegum rekstri. Við hittumst oft og ég er stolt af því að vera hluti af þessum hópi. Það er þó Gísli Örn sem á þessa útrás og hann er alveg einbeittur í því.“

Leikarabransinn hlýtur að vera stundum svolítið harður á Íslandi, er jafnvel slegist um hlutverkin? „Þetta er aldrei persónulegt. Í bíómyndum eru leikstjórar oft að velja fólk sem þeir vilja vinna með. Samskiptin skipta ótrúlega miklu máli í listum, bæði í leikhúsum og kvikmyndum. Oft er fastur kjarni í leikhúsum þannig að leikstjórinn fær að velja innan þess hóps. Það er oft valið út frá því hvaða fólki er gott að vinna með og auðvitað er gaman að vinna



IDA-bókakaffi Vesturgata 2a 101 Rvk.
opið til 22 alla daga.

JÓLABJÓR

FÖSTUDAGUR 15. NÓVEMBER 2013

Kynningarblað Bruggmeistarar, öl, humlar, lager, þéttleiki og bragð



Baldur Kárason er bruggmeistari hjá Vífilfelli. Hér lýkur hann við bruggun og átöppun á Einstök Doppel Bock sem kom fyrst á markað 2011 og hefur fengið frábæra dóma hérlendis og erlendis.

MYND/AUBUNN

Víking konungur jólabjóranna

Jólin eru komin hjá Vífilfelli sem teflir fram fimm svalandi jólabjörum fyrir þessi jól. Þar á meðal er Víking Jólabjór, sá vinsælasti á Íslandi í 23 ár, splunkunýr Thule-jólabjór og glænýr jólabjór frá Carlsberg.

Jólabjór er oftast dekkri og með margslungnari karakter en venjulegur bjór. Í hann eru notuð jólaleg krydd og jafnvel sælgæti til að fá í hann mýkt og fyllingu og gera bjórinn að enn skemmtilegri bragðupplifun," segir Baldur Kárason, bruggmeistari Vífilfells á Akureyri.

Baldur á heiðurinn af Víking-jólabjór sem hefur verið vinsælasti jólabjór á Íslandi í árafjöld. Hann er órjúfanlegur partur af jólahaldi Íslendinga og kemur nú í sölu fyrir hátíðirnar í 23. sinn.

„Víking-jólabjór er flóknasti bjór sem framleiddur er á Íslandi og alltaf bruggaður eftir sömu uppskrift," útskýrir Baldur. „Það tekur rúmar fimm vikur að framleiða jólabjórinn á móti tveimur vikum með annan bjór. Það er vegna eftirgerjunar við lágt hitastig sem gefur bjórnum náttúrulega kolsýru, þétt og mjúkt bragð, mikla fyllingu og góða froðu."

Víking Jólabjór er millidökkur og með meiri fyllingu en hefðbundinn lagerbjór. Í hann eru notaðar nokkrar gerðir af malti til að fá fram rétt bragð og lit, og af honum er ljúffengur keimur af brenndum sykri, kaffi og karamellu.

Baldur hefur í nógu að snúast fyrir jólin því hann bruggar einnig þrjá aðra jólabjóra Vífilfells; Thule, Víking Jóna Bock og Einstök Doppel Bock.

„Fyrir þessi jól ákváðum við að brugga í fyrsta sinn Thule-jólabjór í tilefni þess að nú eru liðin tuttugu ár síðan Thule kom aftur á markað í núverandi mynd. Thule er þekkt fyrir bragðgóðan bjór og mikla gleði og jólabjórinn sker sig úr öðrum með því að vera örlítið skemmtilegri á bragðið. Auk bragðs af karamellu og súkkulaði er líka vottur af lakkrís í eftirbragðinu, sem gerir Thule-jólabjórinn að sannköluluðu sælgæti," segir Baldur og brosir í brugghúsinu þar sem verið er að tappa á Einstök Doppel Bock.

„Bock er þýskur bjórstíll sem einkennist af miklu maltbragði. Fyrir hátíðarnar bruggum við Víking Jóna Bock sem sló í gegn 2010 og fær yfirleitt hæstu einkunn bjórsérfræðinga í samanburði við annan jólabjór. Jóna Bock er bruggaður í stíl hefðbundinna Bock-bjóra og í réttu ljósi kemur skemmtilegur rauðbrúnn litur fram. München-malt gefur ríkulegt maltbragð og í eftirbragðinu kemur fram karamellu- og súkkulaðikeimur. Jóna Bock er gríðarlega góður með sölt-

um, íslenskum jólamat og frábær með villibráðinni," upplýsir Baldur.

Einstök Doppel Bock er stóra systir Jóna Bocks og enn sterkari og bragðmeiri.

„Einstök Doppel Bock er af tegund sterkari Bock-bjóra og bragðið margslungið. Af bjórnum leggur mikinn ilm af karamellu, malti og greni ásamt tónum af súkkulaði og sítrónum. Bjórinn er í virkilega góðu jafnvægi og með skemmtilega sætu sem leikur um munninn í hverjum sopa," segir Baldur, sem kemst snemma í jólskap þegar bruggun á Víking-jólabjór hefst í september. Hann á erfitt með að gera upp á milli jólabjóranna sinna.

„Jólabjórarnir eru allir gómsætir og gaman að smakka þá alla."



Thule-jólabjór er bragðgóður og skemmtilegur eins og fyrirrennari hans. Alkóhól 5,4%.

Víking Jóna Bock passar vel með íslenskum jólamat og villibráð. Alkóhól 6,2%.

Carl's Jul er fyrsti jólabjórinn frá Carlsberg á Íslandi. Hann er skemmtileg nýjung á markaðinum; mjúkur og millidökkur lagerbjór með sætum karamellukeim, kandís, kanil og þægilegum biturleika. Alkóhól 5,6%.

Víking-jólabjór hentar vel með mat og því tilvalinn í veislu og á hlaðborðið. Alkóhól er 5%.

Hvernig á að njóta jólabjórins

Á aðventunni safnast fólk gjarnan saman og kaupir nokkrar tegundir af jólabjór til að smakka í góðra vina hópi. En skiptir einhverju máli hvernig bjórinn er drukkinn? Í hvaða röð er til dæmis best að smakka ólíkar tegundir til að njóta bragðsins sem best?

Kennarar Bjórskólans hafa síðustu fjögur ár frætt fólk um bjórmenningu og haldið námskeið þar sem farið er yfir sögu bjórsins, hráefnin og bruggferlið.

Eftirfarandi ráðleggingar við smökkun á hátíðabjór eru fengnar hjá kennurum Bjórskólans en á Youtube.com er að finna myndbönd frá skólanum þar sem Stefán Pálsson sagnfræðingur fer ásamt fleirum yfir röðun á bjór við smökkun og við hvaða hitastig bjórinn bragðast best.

Hvað á að smakka fyrst?

Þumalputtareglan segir að raða skuli bjórnum upp eftir áfengismagni. Smakka veikasta bjórinn fyrst og halda svo áfram koll af kalli. Þetta er þó ekki algild regla því bjórar sem innihalda sama áfengismagn geta haft gjörólíkan styrkleika í bragði. Dökkur maltbjór með ríkum karamellukeim getur verið mun bragðmeiri en ljósari lagerbjór með sama áfengisstyrk. Þá er sniðugt að smakka ljósari bjórinn á undan þeim dekkri.

Við hvaða hitastig er bjórinn bestur?

Þumalputtareglan segir tvær gráður ofan á þá áfengisprósentu sem bjórinn inniheldur. Þá ætti að drekka bjór sem inniheldur fimm prósent áfengismagn um fjö gráðu heitan. Þó má benda á að kaldur drykkur deyfir bragðlaukana og því finnum við minna bragð, auk þess sem áfengisbragðið verður áberandi. Léttari og mildari lagerbjórar þola það því mun betur að fólk drekki þá kalda. Þegar komið er að sterkari og bragðmeiri bjór með allt að tólf prósent áfengismagn ætti að drekka hann volgan.

Þó er mjög skemmtilegt að byrja að drekka sterka bjórinn í kaldari kantinum og leyfa bjórnum að volgna á meðan hann er sötraður. Þannig má finna hvernig bragðið þróast og umbreytist með meiri hita.



Sveinn Waage, Höskuldur Sæmundsson og Stefán Pálsson kenna allir við Bjórskólann.

MYND/BJÓRSKÓLIN

Jólastjarna Artois bruggmeistara

Stella Artois er mest seldi flöskubjór á Íslandi. Hann hefur verið framleiddur eftir rótgrónum hefðum frá árinu 1366 í Belgíu sem er mekka bjórgerðarinnar. Nafnið Stella vísaði í jólastjörnuna þegar bjórinn var fyrst bruggaður fyrir jólin 1926 og fyrir hátíðirnar fer Stella í sparibúning með kampavinstappa.

Stella Artois er ferskur bjór með spennandi sögu sem spannar meira en 640 ár,“ segir Halldór Ægir Halldórsson hjá Haugen-Gruppen og vörumerkjastjóri Stella Artois á Íslandi.

„Íslendingar kalla bjórinn Stellu sín á milli vegna tengingar við íslenska kvenmannsnafnið Stellu en Stella þýðir stjarna á latínu. Bjórinn hlaut það nafn þegar hann var fyrst bruggaður sem jólabjór árið 1926 og Artois er virðingavottur við Sebastian Artois, sem var bruggmeistari og eigandi brugghússins við upphaf 18. aldar. Stella Artois þýðir því Jólastjarna Artois með tilvísun í Betlehemsstjörnuna og átti gullinn litur bjórsins að endurspeglar gyllt stjörnunublik hennar,“ útskýrir Halldór.

Jólastjarna Artois var brugguð sem jólagjöf til bæjarbúa Leuven, heimabæjar Stella Artois í Belgíu.

„Bæjarbúar tóku jólabjórnum fagnandi og eftir jólin 1926 var ákveðið að halda framleiðslu hans áfram. Vinsældir Stella Artois uxu fljótt út fyrir bæjarmörkin og síðar landsteinana og er bjórinn nú fáanlegur í yfir áttatíu löndum. Bjórinn er því löngu orðinn heimsþekktur og stendur enn fyrir rótgróinni brugghefð frá árinu 1366, miklum gæðum og einstaklega ljúffengu bragði,“ segir Halldór.

Fyrir jólin er Stella Artois fáanlegur í sérstakri hátíðarútgáfu til að fagna hátíðunum og minnst uppruna Stella Artois sem jólabjór.

„Hátíðarútgáfan kemur í 750 millilítra flösku með kampavinstappa og því tilvalin á hátíðarborðið eða í áramótapartíði til að skjóta tappa á loft og skála fyrir nýju ári. Flaskan er líka hugsuð í sönnum jólaanda til að deila í hópi góðra vina eða fjölskyldu. Margir virðast upplifa Stellu á nýjan hátt í aðdraganda jóla en það gæti verið samspil tilfinninga og andrúmslofts á aðventunni sem svo enn eykur á upplifunina,“ segir Halldór.



Stella Artois þýðir Jólastjarna Artois, með tilvísun í Betlehemsstjörnuna,“ segir Halldór Ægir Halldórsson, vörumerkjastjóri Stella Artois á Íslandi.

MYND/GVA

Taðreyktur Stúfur með piparkökum og einiberjum úr Aðaldal



Stekkjastaur kom fyrstur, Giljagaur var annar en Stúfur hét sá þriðji en það er einmitt nafn jólabjórins frá Borg Brugghúsi fyrir jólin 2013. Stúfur er líklega eini bjórinn sem bruggaður er með taðreyktu malti í dag, að sögn bruggmeistaranna Sturlaugs Jóns Björnssonar og Valgeirs Valgeirssonar.

Borg Brugghús gerir íslensku jólasveinunum hátt undir höfði með jólabjórnum sínum. Fyrsti jólabjór Borgar kom fyrir jólin 2011 og bar nafnið Stekkjastaur Nr. 7. Í fyrra var það Giljagaur Nr. 17 og getspakir geta líklega giskað á hvað jólabjórinn heitir í ár. Sjálfur Stúfur.

Þrettán jólasveinar

„Við höfum sérstaklega gaman af því að setja okkur ákveðnar skorður og takast á við áskoranir þannig að við ákváðum strax að festa nöfn fyrstu 13 jólabjóranna og byrja að gerja hugmyndir,“ segir Valgeir Valgeirsson bruggmeistari. „Við leitumst alltaf við að byggja ákveðin konsept í kringum alla okkar bjóra og látum nöfn þeirra vísa með einhverjum hætti til bjórins, eða öfugt. Í tilfelli árstíðabundinna bjóra drögum við tilefnið einnig inn þannig að þetta geta orðið heilmiklar æfingar,“ lýsir Valgeir. Stúfur sé til að mynda jólasveinn sem bruggmeistararnir túlka sem stóra persónu í stuttum skrokki.

„Það var því mikilvægt að ná fram einhvers konar þversögn með hann og freistandi að fara annaðhvort í mjög sterkan eða mjög léttan bjór sem væri ekki allur þar sem hann er séður, við völdum seinni kostinn,“ segir Sturlaugur Jón bruggmeistari og Valgeir heldur áfram; „Við höfum einmitt tvisvar bruggað sterkasta bjór sem komið hefur á markað hér, fyrst 12% og svo 13% og gjarnan fengið þau viðbrögð frá fólki að þeir væru ótrúlega auð-drekkanlegir miðað við áfengisprósentu. Nú var því kjörið að snúa þessu við og framleiða óvenju léttan bjór með miklu bragði. Stúfur Nr. 21 er þannig ein allra mesta áskoran sem við höfum tekist á við.“

Taðreyktur sveinn

Stúfur er líklega eini bjórinn á markaði í heiminum í dag sem bruggaður er með taðreyktu byggi og innihaldslistinn er afar langur. „Til að ná þéttleika í 2,26% bjór var ljóst að tefla þyrfti fram samsuðu af ýmsum bragðeiginleikum og tók þróun samsetningarinnar okkur einungis sjö mánuði eða svo,“ segir Valgeir hlæjandi en bruggmeistarar Borgar hafa brallað með tilraunir við að brugga úr taðreyktu byggi í þó nokkurn tíma. „Benedikt Kristjánsson, eða Bensi, bóndi á Hólmavaði í Aðaldal, reykti fyrir okkur bygg sem við notuðum í nokkrar tilraunir síðustu ár en svo var það Kjötismiðjan sem reykti fyrir okkur byggð í Stúfinn. Reykingin liggur vel til baka og passar skemmtilega inn í bragðið,“ segir Sturlaugur og bætir við; „Bergsveinn Ári-lússon, söngvari og bakaradrengr, henti svo í mun meira en aðeins bara kíló af piparkökum fyrir okkur og kunnum við þessum aðilum auðvitað bestu þakkir fyrir aðkomu þeirra að bjórnum,“ segir Sturlaugur.

Fjölbreytt innihald

Eins og áður sagði er innihaldslisti bjórins yfirgripsmikill. Stúfur inniheldur: Kakónibbur sem eru ristaðar skeljar utan af kakóbaunum, vatn, maltað bygg, taðreykt bygg, einivið, hafra, piparkökur (hveiti, sykur, mjólk, smjör, síróp, kanil, negul, engifer, hvítan pipar), humla, ölger, lakkrís og einiber. Þess má geta að einiviðurinn og einiberin eru tínd í Aðaldal.

Stúfur Nr. 21 er grófsíað hátíðaröl sem passar vel með piparkökunum, hangikjötinu og hinu og þessu. Alkóhólinnihaldið er 2,26% af rúmmáli og bjórinn er því aðeins 0,01% yfir léttölmörkum. Af hverju var Stúfur þá ekki bruggaður með 0,01% minna alkóhóli svo hægt væri að auglýsa hann og fá meiri dreifingu? „Bara. Stúfur er ekkert léttöl,“ segir Sturlaugur ákveðinn.



Bruggmeistararnir Sturlaugur og Valgeir eru í jólaskapi þessa dagana enda er Stúfur vel heppnaður og jólalegur.

MYND/VILHELM

SVEINN ANDSTÆÐNA

Stúfur er sveinn mikilla andstæðna. Lágur vexti en rándýr í rekstri. Stúfur Nr. 21 kemur taðreyktur til byggða en ilm og bragð af einiberjarunna sem hann flæktist í daglangt, má auðveldlega nema. Það var og þá sem hann dró fram piparkökurnar og brytjaði ofan í sig svo mylsnan gústar enn af honum. Stúfur er afburðagott öl með jólamatnum. Áfengisprósentan er aðeins 0,01% frá því að hann sé flokkaður sem léttöl en engu að síður er um bragðmikið og margslungið öl að ræða.

Stúfur heitir sá þriðji. Stubburinn sá arkar ölværum skrefum til byggða en undir niðri krauma taðreyktar tiktúrur svo af leggur kjafthýran ilm af piparkökum og einiberjum.

Stúfur hét sá þriðji,
stubburinn sá.
Hann krækti sér í pönnu,
þegar kostur var á.
Hann hljóp með hana í burtu
og hirti agnirnar,
sem brunnu stundum fastar
við barminn hér og þar.
- Jóhannes úr Kötlum



Þurrhumlað og metnaðarfullt öl

Ölgerðin Egill Skallagrímsson kynnti Jólagnull til leiks fyrir þremur árum og fyllti hann skarð Egils jólabbjórins sem hvarf af markaði á sama tíma. Þetta er því þriðja árið sem Jólagnull kemur í hillur vínbúðanna en nú kveður við nýjan tón í bjórnum sjálfum.

Víð ákváðum að tappa aðeins inn á þann vaxandi áhuga sem myndast hefur undanfarin misseri fyrir svolítið fram-sæknari bjórnum en þekkst hafa hér á landi til þessa, sérstaklega árstíðabundnum. Áhugi fyrir yfirgerjuðu öli hefur til að mynda vaxið gríðarlega síðustu ár og ákváðum við því að skipta úr lager-stíl yfir í ölið þetta árið," segir Guðmundur Mar, betur þekktur sem Gummi Brugg, bruggmeistari hjá Ölgerðinni. „Til að krydda hann aðeins til og bæta enn frekar á bragðupplifunina þurrhumlum við ölið með breskum East Kent Goldings-humlum sem í bland við ölgerið gefa ríkan ávaxta-keim með ögn af appelsínu- og fleiri ávaxtatónum. Bjórinn er síðan ríkur af maltsætu með ögn af ristun sem spilar á skemmtilegan hátt með lakkrískryddun og mildri beiskju," segir Gummi og bætir við að jólaöl-ið sé þægilega rauðbrúnt og jólalegt á litinn.



Jólagnull kemur nú í hillur vínbúðanna í þriðja sinn.

Til heiðurs íslensku jólaveinum

Umbúðir Jólagnullsins verða að teljast óvenju ágengar miðað við hefðbundnar jólavörur. Þær eru hannaðar af Finni Malmquist og er innblásturinn að karakternum sóttur í íslenska jólaveininum. „Það er eitthvað sem við lögðum upp með í upphafi og má segja að bjórinn sjálfur passi nú nokkuð vel við sveininn sem þrýðir umbúðirnar. Ýmsar tákmyndir erlendra jóla hafa að mestu kaffært gömlu góðu íslensku hefðirnar en ef horft er í andlit Jólagnull-sveinsins fer einbeittur brotavilji hans ekki milli mála og ljóst að um hrekkjótt íslenskt eintak er þar að ræða," segir Gummi glettinn.

Þróaður með aðstoð bjórunnenda

„Þegar uppskriftin að nýja Jólagnullinu var í þróun fengum við í lið með okkur hóp bjórunnenda sem hafði bæði að geyma áhugamenn um sér-bjóra, eða svokallaða bjórnrörda, og einstaklinga sem hafa frekar sér-hæft sig í auðdrekkalegri bjórnum. Hópurinn var látinn blindsmakka mismunandi uppskriftir án nokkurra upplýsinga. Það sem var sérstaklega skemmtilegt var að þessir tveir hópar voru sammála um hver væri þeirra uppáhaldsprufa og þannig var grunnurinn lagður að bjórnum," segir Gummi og bendir á að þar liggja sérstaða Jólagnullsins í ár. „Því þrátt fyrir að vera áhuga-vert og spennandi öl er Jólagnull ekki síður einstaklega ferskur, ljúfur og mjúkur drykkur.“



Guðmundur Mar Magnússon, kallaður Gummi brugg, er bruggmeistari Ölgerðarinnar. Hann hefur þróað Jólagnull undanfarin ár en bjórinn er nú þurrhumlaður með breskum East Kent Goldings-humlum.

MYND/VILHELM

HVAÐ ER ÞURRHUMLUN?

Humlur eru blóm og eitt af grunnhræfnum bjórs.

Helst má finna fyrir þeim sem beiskjunn í hefðbundnari bjórnum. Þurrhumlun kallast það hins vegar þegar humlum er bætt inn í seinni hluta bruggferilsins og með þeim hætti skila humlarnir fyrst og fremst frá sér blómlegum keim í lykt og bragði en minniháttar beiskju. Bjórinn Brío er dæmi þar sem þurrhumlun er einkennandi en einnig IPA-bjór.

HVER ER MUNURINN Á ÖLI OG LAGER?

Munurinn á öli og lager liggur fyrst og fremst í því að ölger hefur hærra kjörhitastig en lagerger.

Lagerar eru gerðir með geri sem líður best í kringum 10°C en öl er dæmigert í bestu formi við um 20°C auk þess sem lager-ger sest á botninn í tanknum að lokinni gerjun en ölgerið leitar frekar upp á við. Vegna gerjunarhitans þá er öl yfirleitt með flókna og ávaxta-kenndari lykt meðan lagerar eru hlutlausari og oft ögn brennisteinskenndir.

Partur af íslensku jólahaldi

Egils Malt-jólabbjórinn var fyrst bruggaður árið 2002. Bjórinn er nátengdur gamla góða Egils Maltinu, sem gefur hraustlegt og gott útlit en á auk þess ættir að rekja til hins sígilda þýska Dunkel-bjórstíls.

Sú staðreynd að Egils Malt-jólabbjórinn er tengdur bæði Egils Maltinu og Dunkel-bjórstílnum gerir að verkum að bjórinn er bæði öl og lager. Þetta þykir fremur sérstakt enda fágætt að bjór tilheyrir þessum tveimur flokkum.

Mikill vöxtur undanfarin ár

Vinsældir Egils Malt-jólabbjórins hafa vaxið gríðarlega með aukinni bjórmenningu Íslendinga undanfarin ár. „Malt-bjórinn hefur alltaf verið vinsæll en það má segja að hann hafi komið inn sem eins konar sérbjór á sínum tíma þegar bjórflóra landsins var fremur einsleit en átti sér strax fastan aðdáendahóp. Eftir því sem bjórmenningin hefur eflst hefur hóp-urinn stækkað til muna og undanfarin ár hefur hann selst upp á örfáum vikum, þrátt fyrir aukið framboð árlega," segir Guðmundur Mar Magnússon bruggmeistari. Til að mæta þessum aukna áhuga mun Ölgerðin bæta áfram í auk þess sem einnig verður boðið upp á Egils Malt-jólabbjór í 33cl dósum þetta árið.

Með mat og í blöndu

Guðmundur, eða Gummi



brugg, segir Egils Malt-jólabbjórinn meðal annars passa vel við sætu kartöflurnar á kalkúnadiskinum, súkkulaði, crème brûlée auk þess sem hann má nota í staðinn fyrir glöggid með piparkökunum. „Enn fremur gefur augaleið að Egils Malt-jólabbjór blandaður í appelsín ætti að vera eitthvað sem fer vel í landann. Þetta er klárlega eitthvað sem óhætt er að mæla með, fyrir þá sem hafa aldur til. Það má kannski segja að þetta sé pabbaútgáfan af „blandan mín og blandan þín, Egils Malt-jólabbjór og appelsín," segir Gummi brugg.



Viðhafnarútgáfan Giljagaur Nr. 14.1 er eikarþroskuð útgáfa af Giljagaur Nr. 14.

Jólagnullin í ár

Stúfur kemur ekki einn síns liðs til byggða að þessu sinni. „Um síðustu jóla sendi Borg Brugghús frá sér jólabbjórinn Giljagaur Nr. 14 Barleywine sem sló í gegn, sigraði hjá flestum bragðdómnefndum og seldist upp á örfáum dögum," segir Valgeir, bruggmeistari Borgar Brugghúss, og bendir á að fyrir þessi jóla verði í boði viðhafnarútgáfa af bjórnum í gjafaöskjum. „Giljagaur Nr. 14.1 er eikarþroskuð útgáfa af Giljagaur Nr. 14, sem fengið hefur að þroskast á ferski eik. Giljagaur er af ætt sterkustu bjóra heims, sem kallast Barleywine. Eikarþroskunin gefur mildan vanillutón, eykur fyllingu enn frekar og læðir í bakgrunninn negul-kaffi- og súkkulaðikeim sem spilar á spennandi hátt með hinum flókna ávaxta- og kryddtónum sem þrír mismunandi gerstofnar bjórsins mynda," útskýrir Valgeir.

Hann segir Giljagaur Nr. 14.1 vera gjöf sem haldi áfram að gefa. „Því bjórinn verður betri með hverjum jóla, næstu tuttugu jóla eða svo. Sannkallað jólahlaðborð í flösku," segir Valgeir glaðlega. „Þetta er svona bjór til að eiga inni í skáp og þroska næstu 10-15 árin allavega og því tilvalin jólagnull. Við hengdum meira að segja merki-miða með „til" og „frá" á gjafaöskjuna þannig að restin ætti ekki að vefjast fyrir mörgum," segir Valgeir.



Fyrsta föstudag í nóvember er J-dagurinn. Þá er farin skrudganga niður Laugaveg til að fagna komu Tuborg jólabjórins.

Langvinsælasti jólabjórinn

Mest seldi jólabjór á Íslandi er Tuborg-jólabjórinn. Sérstök stemning fylgir bjórnum og því hátíð hjá mörgum þegar hann kemur á bari bæjarins. Tuborg-jólabjórinn er bruggaður hér af Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni.

Tuborg-jólabjórinn er lager í Vínarstíl. Í honum er bragðkeimur af karamellu og enskum lakkris. Bjórinn er dökkgullinn og með sterkri angan af karamellu, korni, lakkris og sólberjum. Hann passar einstaklega vel með jólamat, reykту og óreyktu svínakjöti, önd, síld og hangikjöti.

Bestur með íslenska vatninu

„Það má segja að algjör sprenging hafi orðið í sölu á Tuborg-jólabjór þegar við tókum al-

farið við framleiðslu á honum fyrir nokkrum árum en áður fyrr fluttum við hann inn í tönkum og töppuðum á hér,“ segir bruggmeistarinn Gummi brugg. Hann segir íslenska vatnið líklega fara svona vel með þennan vinsæla bjór. „Hann virðist víst hvergi bragðast betur og höfum við ekki undan að framleiða.“

Bærinn á hliðina

Mikil eftirvænting magnast árlega þegar

Tuborg-jólabjórinn fer í sölu á helstu börum bæjarins klukkan 20.59, fyrsta föstudag í nóvember ár hvert. „Dagurinn hefur fengið nafnið J-dagurinn og sérstök skrudganga með lúðrasveit röltir niður Laugavegin með viðkomu á völdum börum sem hafa hafið sölu á bjórnum. Þetta er orðin mikil veisla og skemmtileg hefð hefur skapast í kringum þetta,“ segir Gummi brugg en í ár voru á milli 500 og 600 manns mættir í skrudgönguna til að fagna komu bjórins.



J-dagurinn er hápunktur ársins

Koma Tuborg-jólabjórins hefur löngum verið haldin hátíðleg í Danmörku en J-dagurinn hefur einnig rutt sér til rúms á Íslandi og er orðinn fastur liður í skemmtanahaldi borgarinnar. Danska kráin við Ingólfsstræti tekur J-daginn alla leið með skreytingum og almennri gleði.

Danskt þema er einkennismerki Dönsku kráarinnar. „Þetta er mjög heimilislegur staður en við viljum búa til svipaða stemningu og í Danmörku þar sem fólk kemur og fær sér bjór eftir vinnu,“ segir Sverrir Guðmundsson, vaktstjóri á Dönsku kránni. Öll umgjörð staðarins er í dönskum stíl. „Stíllinn á húsgögnunum og skreytingum er danskur og mikið gert út á rauða litinn,“ lýsir Sverrir en auk þess er lögð áhersla á að bjóða upp á danskan bjór, til dæmis Tuborg.

J-dagurinn er því vitanlega einn af hápunktum Dönsku kráarinnar. „Síðustu tvö ár höfum við farið út í Tuborg-verksmiðjuna til að kaupa jólaskraut og fyrir J-daginn skreytum við staðinn hátt og lágt. Nákvæmleag eina mínútu fyrir níu byrjum við að dæla jólabjórnum og raðirnar ná þá oft út á götu,“ segir Sverrir og segir marga bíða mjög spennu eftir þessum degi. Hann segir það ekki aðeins eiga við þá Íslendinga sem búið hafa í Danmörku og eru vanir J-deginum og Tuborg-jólabjórnum. „Íslendingar eru allir að koma til. Bjórmenningin hefur þróast mikið hér og Íslendingar eru farnir að meta bjór og fá sér hann til að njóta en ekki til að verða drukknir.“

J-dagurinn er haldinn fyrsta föstudag í nóvember og bar því upp á 1. nóvember þetta árið. Stemningin var engri lík að sögn Sverris. „Ég get ekki ímyndað mér fjöldann sem leit hér inn til að fá sér bjór en það gekk allavega vel á birgðirnar,“ segir hann. Stuðinu var haldið uppi af góðum skemmtikröftum. „Við vorum með lúðrasveit, Magni og Pétur Jesús spiluðu til miðnættis og síðan tóku Sverrir Bergmann og Halldór Gunnar Pálsson Fjallabróðir við og spiluðu fram á rauða nótt.“



Lúðrasveit hélt uppi fjörinu.



Danska kráin heldur J-daginn með pomp og prakt. Staðurinn er skreyttur í hólf og gólf og starfsfólkið klæðist sérstökum Tuborg-búningum. Lúðrasveit gefur tóninn og jólabjórinn rennur út eins og heitar lummur.

Kryddaður jólabjór úr Flóahreppi

Undanfarin ár hefur Ölvisholt Brugghús sent frá sér vinsælan jólabjór. Hann er mismunandi eftir árum og yfirleitt kryddaður með jólalegu kryddi. Stór hluti framleiðslunnar er fluttur út til Svíþjóðar þar sem jólabjórinn hefur fengið frábærar viðtökur.

Ölvisholt Brugghús var sett á fót árið 2008 og er til húsa í Ölvisholti í Flóahreppi. Brugghúsið hefur ávallt haft það markmið að leiðarljósi að framleiða metnaðarfullri bjór en venja hefur verið hérlendis. Fyrirtækið hefur öll árin framleitt sérstakan jólabjór og er árið í ár engin undantekning að sögn Árna Theodórs Long, bruggmeistarara Ölvisholts. „Þær tegundir jólabjóra sem við höfum framleitt undanfarin ár eiga það sameiginlegt að vera kryddaðar með sérstökum kryddum. Fyrstu árin nýttum við kryddjurtir sem við tíndum hér í sveitinni en síðustu árin höfum við notast við klassísk jólakrydd eins og engifer, negul, kanil og appelsínubörk.“

Jólabjórinn í ár er kryddaður bjór með engifer, appelsínu, negul og kanil og er það sem kallað er toppgerjaður bjór en þá er bjórinn gerjaður við hærra hitastig heldur en lagerbjór. „Jólabjórinn í ár er djúpraður og þannig gerður að hann passar sérstaklega vel með eftirréttum, jólakökum og jafnvel smákökum.“

Viðtökur við jólabjór Ölvisholts hafa verið mjög góðar undanfarin ár að sögn Árna. „Við höfum alltaf selt alla jólabjórframleiðslu okkar. Reyndar eru Íslendingar mjög æstir í jólabjórinn, þetta er tímabil sem flestir virðast vilja eiga bjór heima hjá sér. Sala á öllum íslenskum jólabjór hefur verið vaxandi síðustu ár.“

Mikill útflutningar til Svíþjóðar

Síðustu jól fékk jólabjór Ölvisholts sérstaklega góðar viðtökur að sögn Árna. „Við breytum yfirleitt uppskriftinni milli



„Jólabjórinn í ár er djúpraður og þannig gerður að hann passar sérstaklega vel með eftirréttum, jólakökum og jafnvel smákökum,“ segir Árni Theodór Long, bruggmeistari Ölvisholts.

MYND/GUÐMUNDUR KARL

ára en bjórinn í fyrra fékk svo góð viðbrögð að við ákváðum að breyta honum lítið í ár.“

Jólabjórinn fer í sölu í dag, föstudag, og er seldur í 30 vínbúðum ÁTVR eða öllum stærstu og meðalstórum versl-

unum þeirra. Auk þess er hann seldur á kút á nokkrum veitingahúsum og börum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Staðir með kúta eru K-bar, Microbar, Næsti bar, Scandinavian, Tryggvaskáli, Hótel Rangá, Hótel Anna, Hótel Aldan og Rauða húsið.

Af öðrum afurðum brugghússins bendir Árni einnig á Lava-bjórinn sem að hans sögn hentar sérstaklega vel með ýmsum jólamat, til dæmis reyktum mat eins og hangikjöti. „Hann passar líka vel með eftirréttum sem innihalda súkkulaði. Þótt hann sé ekki formlegur jólabjór er hann ekki síður hátíðlegur.“

Frá upphafi hefur Ölvisholt Brugghús flutt út sérstakan jólabjór til Svíþjóðar. „Við prófuðum að flytja út sendingu til Svíþjóðar í upphafi og henni var tekið svo vel að við höfum framleitt sama jólabjórinn fyrir þá öll þessi ár. Jólabjórinn okkar fékk hæstu einkunn í úttekt sem var gerð þar í landi í fyrra og er seldur í um 100 áfengisverslunum um land allt. Við framleiðum nánast jafnmikið af jólabjór fyrir Svía og fyrir Íslendinga. Þetta magn er svo svakalegt að við byrjum að framleiða þetta í ágúst.“

Allar upplýsingar um Jólabjórinn má finna á www.brugghus.is og á Facebook undir Ölvisholt Brugghús.



Kemur út
26. nóvember

JÓLAGJAFAHANDBÓK FRÉTTABLAÐSINS

Meðal efnis í blaðinu: Jólaljósín, kökur, sætindi, skraut, fönður, matur, borðhald, jólasiðir, jólagjafir og venjur.

Bókið auglýsingar
tímanlega:

Bryndís Hauksdóttir
bryndis@365.is
S. 512 5434
695 4999

Ívar Örn Hansen
ivarorn@365.is
S. 512 5429
615 4349

Kolbeinn Kolbeinsson
kollib@365.is
S. 512 5447
663 4055

Atli Bergmann
atlib@365.is
S. 512 5457
897 9144

Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
S. 512 5432
694 9150



Bruggsmiðjan á Árskógssandi framleiðir átta gerðir af bjórnum Kalda. Jóna Kaldi er einn þeirra og hefur hann notið mikilla vinsælda.

MYNDRÚNAR ÞÓR BJÖRNSSON

Smellpassar við íslenska jólahefð

Bruggsmiðjan á Árskógssandi setur Jóna Kalda á markað fyrir hver jól. Bjórinn nýtur mikilla vinsælda meðal viðskiptavina brugghússins enda bjór með mikinn karakter. Jóna Kaldi hentar vel með flestum jólamat og er einnig frábær einn og sér.

Jóna Kaldi er hágæða íslenskur jólabjór og er sérstakur að mörgu leyti. Hann er eingöngu fáanlegur í mjög afmarkaðan tíma kringum jólahátíðina og í hann eru eingöngu notuð þau fjögur grunnhráefni sem skilgreina bjór; vatn, malt, humlar og ger, en bjórinn er framleiddur af Bruggsmiðjunni á Árskógssandi. Það er alltaf mikil tilhlökkun meðal íslenskra bjórunnenda eftir Jóna Kalda að sögn Agnesar Önnu Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Bruggsmiðjunnar. „Maltið, gerið og humlarnir sem við notum í Jóna Kalda koma frá Tékklandi en humlarnir sem notaðir eru í bjórinn eru hinir frægu tékknesku Saaz-humlar. Í bjórinn er notað mikið af svokölluðu caramelmalti sem gefur bjórnum mikinn karamellukarakter. Það eru að sjálfsögðu engin rotvarnar-efni í bjórnum, enginn viðbættur sykur og jólabjórinn er ekki gerilsneyddur sem veldur því að hann er eins ferskur og hollur og hann getur orðið, eins og aðrir bjórar frá Bruggsmiðjunni.“

Hentar vel með flestum mat

Jóna Kaldi er koparrauður lagerbjór og alkóhólmagníð er 5,4%. Bjórinn hefur mikla og góða fyllingu að sögn Agnesar. „Maltið gefur bjórnum þennan mjúka karamellukeim og hann er miðlungs beiskur með mikinn humlailm.“

Jóna Kaldi fellur einstaklega vel að jólunum og matarhefðum Íslendinga að sögn Agnesar. „Jóna Kaldi hentar sérstaklega vel með öllum jólamat, eins og svínakjöti, rjúpu, hangikjöti og lambi. Auk þess er hann að sjálfsögðu einstaklega góður einn og sér og einnig með ýmsu léttu meðlæti. Í raun má segja að Jóna Kaldi henti flestum við ýmis tækifæri.“

Naut strax vinsælda

Bruggsmiðjan setti Jóna Kalda fyrst á markað fyrir jólin árið 2008. Bruggmeistari Bruggsmiðjunnar á þeim tíma var hinn tékkneski David Masa sem á heiðurinn af uppskriftinni. „Jóna Kaldi naut strax mikilla vinsælda og þess vegna hefur verið reynt að halda sömu uppskrift í gegnum árin með smávægilegum lagfæringum milli ára. Hann hefur alltaf selst upp fyrir jól og var tæp 20% af ársframleiðslunni hjá okkur í fyrra.“

Jóna Kaldi er seldur í öllum vínbúðum á landinu og hann er seldur á mörgum börum og veitingahúsum um land allt.

Nánari upplýsingar má finna á www.bruggsmidjan.is og á Facebook undir Bruggsmiðjan Kaldi.



Það er alltaf mikil tilhlökkun meðal íslenskra bjórunnenda eftir Jóna Kalda að sögn Agnesar Önnu Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Bruggsmiðjunnar.

MYNDRÚNAR ÞÓR BJÖRNSSON



„Maltið gefur bjórnum þennan mjúka karamellukeim og hann er miðlungs beiskur með mikinn humlailm“

Skál fyrir þér!



Léttöl

MJÚKUR OG ÞÉTTUR

×
- Akureyri -
ÍSLAND



Nanna Kristín leikstýrir Kristbjörgu Kjeld við tókur á myndinni Tvíliða-leikur. Árni Filippusson tók stuttmyndina. Mynd/Mathilde Schmidt.



Nanna Kristín í verkinu Refurinn sem frumsýnt er í Borgarleikhúsinu um helgina. Mynd/Grimur Bjarnason.

Sem leikkona er ég mjög þakklát fyrir að fá að fara í svona rússíbanaferð svo vonandi skila ég þessu almennilega frá mér. Þetta hlutverk er mjög mikil áskorun.

með reyndu fólki en það er einnig innblástur að vinna með nýju fólki í faginu.“

Oftast fleiri karlhlutverk í boði

Finnst þér halla á hlut kvenna í leiklistinni eða er jafnvægi á milli kynjanna? „Í leikhúsinu eru oft skrifuð karlhlutverk og í kvikmyndum væri gaman að sjá fleiri kvenhlutverk. Í stuttmyndinni minni var ég einungis með eitt karlkynshlutverk sem Jóhann Sigurðsson leikur en hann er náttúrulega karlmaður fyrir allan peninginn. Þar var ég einnig að skrifa fyrir eldri leikkonur. Mig langar að skrifa fyrir konur en það er ekki nóg eitt og sér. Það þarf að vera einhver saga og sögurnar eru þarna því konur eru svo spennandi.“

Hvort heillar meira, sviðið eða kvikmyndir? „Þetta er eiginlega eins og að spyrja hvort elskarðu meira mómmu þína eða pabba. Ég elska starf mitt sem leikkona, hvort sem það er á sviði, í sjónvarpi, útvarpi, á hvíta tjaldinu eða hvaða miðli sem er. Þetta er ekki bara vinnan mín heldur einnig ástríða mín. Þar liggur metnaður minn og mínum frítíma eyði ég mikið í leikhúsi eða kvikmyndahúsum bæði til afþreyingar og að ná mér í innblástur. Hins vegar hef ég áhuga á og vinn markvisst að því að bæta við mig reynslu og fara í nám til að breikka mitt starfssvið.“

Handritshöfundar þurfa að vera sjálfsgagnrýnir

Nú ertu tiltölulega nýkomin heim frá Kanada þar sem þú varst að læra handritsgerð fyrir sjónvarp og kvikmyndir við Vancouver Film School? Hvað varð til þess? „Draumur minn er að skrifa sjónvarpsþátt um karakter sem þróast og breytist. Svo langar mig að leikstýra en mér fannst ég þurfa að læra meira í handritsgerð því það er flókið. Ég hef leikstýrt heimildarmynd og stuttmynd og stefni á að leikstýra kvikmynd í fullri lengd.“

Nanna Kristín er fjölskyldumanneskja og segir eina af ástæðum þess að hún fór í námið hafi verið að hana langaði að eyða fleiri kvöldstundum með fjölskyldunni en ekki vera að leika á hverju kvöldi. „Mig langaði að vera sjálfstæðari í minni vinnu. Handritshöfundar geta unnið hvar sem er í heiminum og þegar maður er kominn með fjölskyldu þá er ekki sérlega fjölskylduvænt að vera að leika á hverju kvöldi.“

Eru margar konur á Íslandi búnar að læra handritsgerð? „Ef ég á að segja alveg eins og er þá veit ég ekki um neina konu og það eru heldur ekki margir karlmenn hér heima sem hafa lært handritsgerð. Þetta er þó hluti af öðru námi eins og leikstjórn og kvikmyndagerð. Margir íslenskir leikstjórnar semja handritin sín sjálfir en ég hef líka mikinn áhuga á að skrifa handrit sem aðrir leikstýra.“

Mætti því segja að þú sért að vissu leyti brautryðjandi kvenna í handritsgerð fyrir kvikmyndir og sjónvarp? Það kemur hik á Nönnu Kristínu ▶



SMOKING HOT

Nýr Smokey Eye maskari og Smokey Eye augnblyantar

15% afsláttur af öllum vörum frá Bobbi Brown, föstudag, laugardag og sunnudag - 15.-17. nóvember.

BOBBI BROWN

bobbibrown.com | everythingbobbi.com

 Lyf & heilsa
Kringlunni



Það sem kom mér hvað mest á óvart var hvað mér þótti eðlilegt að leikstýra en ég bjóst við óöryggi eða stressi en það kom aldrei. Boltinn byrjaði bara að rúlla og þetta gekk allt saman.

► og það lifnar yfir henni áður en hún svarar: „Ég hafði nú ekki hugsað út í það á þennan hátt en jú, takk fyrir að segja þetta. Handritsgerð tekur langan tíma því maður þarf að melta hlutina, skrifa og koma að þessu aftur seinna. Maður þarf að vera mjög sjálfsgagnrýnn og vanda sig. Það er ekki leyfilegt að sleppa öllu í gegn. Oft er maður með öðru fólki að skrifa og þá getur fólk unnið saman og þróað hugmyndir án þess að vera á sama stað. Það er margt í gangi og það tekur allt sinn tíma. Maður

lærir einfaldlega mest af reynslunni.“

Hvernig var svo að koma heim aftur? Ég kom heim í ágúst og var að leika í kvikmyndinni París norðursins þar sem ég leik á móti Birni Thors og Helga Björns en Hafsteinn Gunnar leikstýrði. Þá var ég á Flateyri í mánuð sem var frekar gaman. Mig langaði ekkert mikið heim en þegar ég var komin aftur þá fann ég hvað það var gott fyrir börnin. Ég er auðvitað ánægð í því sem ég er að gera en ég finn hins vegar fyrir þessu mikla áreiti hér heima. Það er svo mikill asi en ég er sjálf að reyna að kúpla mig aðeins út úr því. Maður gæti verið alls staðar öllum stundum.“

Ekki hægt að neita hlutverkinu

Nú ferð þú með hlutverk í nýju verki, Refnum, sem sýnt er í Borgarleikhúsinu. Segðu örlítið frá því. „Refurinn er svo spennandi verkefni að ég gat ekki sagt nei. Þetta er magnþrunginn þriller. Þessi persóna sem ég leik hefur rosalega flotta brú sem byrjar á forvitni, verður síðan sterk, verður fyrir áfalli og endar brotin. Sem leikkona er ég mjög þakklát fyrir að fá að fara í svona rússbanaferð svo vonandi skila ég þessu almennilega frá mér. Þetta hlutverk er mjög mikil áskorun. Ég hef aldrei unnið með neinum af leikhópnum áður sem er líka gaman.“

Þegar stífar æfingar byrjuðu á verkinu Refnum segist hún hafa þurft að fara til nuddara og hnykkjara því líkaminn hafi brugðist harkalega við. „Ég var komin með allt í mjaðmirnar á mér þangað sem allar tilfinningar fara,“ segir hún hlæjandi og heldur áfram: „Ég var ekki búin að leika í einhvern tíma og ég var svo opin og líkaminn var ekkert tilbúinn í þetta. Þá fann ég það, já alveg rétt, þetta er það sem leiklistin snýst um.“

Fyrsta stuttmyndin

Þú varst einnig að leikstýra þinni fyrstu stuttmynd, Tvíliðaleik, þar sem þú skrifaðir handritið sjálf. Varstu einnig með hlutverk í myndinni? „Ég ákvað að einbeita mér eingöngu að því að leikstýra en ég var með þrusuflottar leikkonur á borð við Kristbjörgu Kjeld, Margréti Helgu Jóhannsdóttur, Guðrúnu Gísladóttur, Svandís Dóru Einaradóttur og svo Jóhann Sigurðarson. Valdís Óskarsdóttir og Sigurður Eypórs-son eru að klippa hana. Myndin er í eftirvinnslu núna og ég er aðallega að gera þetta fyrir mig til að æfa mig og læra af þessu til að fara á næsta stig. Ég framleiði myndina sjálf og þá var maður í því að innkalla alla greiða og nýta tengslanetið sitt. Það nýttist mér vel að ég fór í endurmenntun í Háskóla Íslands í markaðsfræði og alþjóðavíðskipti á sínum tíma. Það sem kom mér hvað mest á óvart var hvað mér þótti eðlilegt að leikstýra en ég bjóst við óöryggi eða stressi en það kom aldrei. Boltinn byrjaði bara að rúlla og þetta gekk allt saman. Fólk hlustaði á mig og ég þurfti ekki að hafa mikið fyrir því.“

Hvað er síðan fram undan? „Eftir áramót tekur við annað hlutverk í Borgarleikhúsinu í verkinu Óskasteinar eftir Ragnar Bragason. Stefnan er svo tekin á að leikstýra kvikmynd í fullri lengd. Það hefur verið mikið í umræðunni að það hreinlega skorti konur í kvikmyndagerð á Íslandi þannig að ég geri ráð fyrir að ég fái mikinn meðbyr. En svo er annað mál að Kvikmyndamiðstöð Íslands (KMÍ) hefur ekki nægilegt fjármagn til ráðstöfunar og þar ríkir óvissa um styrki til íslenskrar kvikmyndagerðar. Ég fer í röðina eins og aðrir og bíð eftir breytingum þar á.“

20-40%

afsláttur af öllum vörum *aðeins þessa helgi*



2 fyrir 1

Kaupir eina peysu
færð aðra fría
Yfir 20 tegundir
Nýtt kortatímabil



VILKO

-einfaldara
getur það
ekki verið!

Hrökkbrauð

Ótrúlega
einföld
trefjarík
purrefnablanda

Bakaðu þitt eigið
hrökkbrauð
hollt og ljúffengt

NÝTT
FRÁ VILKO
Hreint hrökkbrauð
og hrökkbrauð með
trönuberjum

SPELT
HÖRFRÆ
SÓLBLÓMAFRÆ
SESAMFRÆ
HAFRAMJÖL
GRASKERSFRÆ
TRÖNUBER

Vilko hrökkbrauð er mjög
einfalt í bakstri og bragðast vel
með allskyns ostum og áleggi
eða bara eitt og sér sem snakk.



VILKO

-einfaldara
getur það
ekki verið!

NÁMSKEIÐ VERTU BESTA ÚTGÁFAN AF SJÁLFRI ÞÉR

Sex fyrirlesarar halda námskeiðið Orka, hreysti og vellíðan fyrir konuna sem vill lifa lífinu til fullnustu.

Ég hef unnið með konum frá öllum hornum heimsins og mér finnst áberandi hve íslenskar konur eru öflugri en flestar þær sem ég hef hitt annars staðar. Þær gera sér kannski ekki grein fyrir því sjálfar en eru með ótrúlegan kraft sem þær ná stundum ekki að virkja að fullu," segir Helga Marín Bergsteinsdóttir, sem er menntuð sem íþrótafræðingur og markþjálfari. Helga Marín býr í Dubai og rekur sitt eigið fyrirtæki, Health, Mind and Body. Í þessari heimsókn sinni til Íslands ákvað hún ásamt fimm öðrum reynsluríkum konum að halda námskeið til að efla konuna ásamt því að láta gott af sér leiða. Námskeiðið nefnist Orka, hreysti og vellíðan og er haldið til styrktar Ljósínu. „Ég lærði fyrir nokkrum árum að tengjast innsæi mínu en þá koma ótrúlegir hlutir upp í hendurnar á manni. Á yngri árum var ég með bæði brotna sjálfmynd og lélegt sjálfstraust en með réttum verkfærum hefur það leitt

Svörin gætu legið nær þér en þú heldur

mig í ýmis verkefni sem mig hafði aldrei grunað. Það er sorglegt hve mikil verðmæti fara til spillis þegar sjálfstraustið vantar," segir Helga Marín og heldur áfram: „Svörin gætu legið nær þér en þú heldur því flestar okkar eiga sér drauma en fæstar okkar láta þá rætast.“ Aðrir fyrirlesarar sjálfsefningarnámskeiðsins eru þær Guðrún Bergmann, Ingrid Kuhlman, Lukka Pálsdóttir, Bjargey Aðalsteinsdóttir og Edda Björgvins.

Námskeiðið fer fram á Happi laugardaginn 16. nóvember frá kl. 10-16 en hægt að kaupa miða á midi.is

Nánari upplýsingar er að finna á healthingmindbody.net



Helga Marín Bergsteinsdóttir býr í Dubai og heldur námskeið á meðan hún er á Íslandi í heimsókn.








Námskeiðið fer fram á Happi laugardaginn 16. nóvember frá kl. 10-16 en hægt að kaupa miða á midi.is

MAKE UP FOR EVER

PROFESSIONAL - PARIS

FASHION ACADEMY

REYKJAVÍK



Nám í snyrtifræði

Eins árs nám í snyrtifræði á framhaldskólastigi

Allir kennarar eru faglærðir

Tækjakostur skólans er glænýr

Námið er lánshæft hjá LÍN

Skólinn býður nemendum upp á fjármögnun skólagjalda

„Áður en ég hóf nám í snyrtifræði skoðaði ég vel þá valkosti sem voru í boði. Fashion Academy varð fyrir valinu og stóð undir öllum mínum væntingum. Aðbúnaður er til fyrirmyndar og aðstaðan glæsileg. Skipulag, námsefni og kennsla er með besta móti. Ég mæli 100% með Fashion Academy Reykjavík.“

Ágústa Árnadóttir, útskrifuð úr snyrtifræði frá Fashion Academy mars 2013

50% AFSLÁTTUR

NEMENDUR SEM STUNDA NÁM Í SNYRTIFRÆÐI Í ÖÐRUM SKÓLUM ERU VELKOMNIR OG BOÐIN 50% AFSLÁTTUR AF NÁMSGJÖLDUM Á NÓVEMBERÖNN (AÐEINS 2 LAUS PLÁSS Á 2. ÖNN OG NOKKUR Á 3. ÖNN)



AÐFERÐIN LÍKAMSKRÚBBUR TILVALIN TÆKIFÆRISGJÖF.

Búðu til þína eigin náttúrulegu blöndu og skrúbbaðu húðina silkimjúka.

Á þessum tíma árs kljást margir við húðvandamál sem eru ekki sjáanleg á sumrin. Þá er um að gera að dekra við þetta stóra líffæri og búa til náttúrulegan skrúbb, sem er án allra aukefna og ilmar eins og jólin. Skrúbbinn er best að nota á þurra húð rétt fyrir sturtu, hann hreinsar burt dauðar húðfrumur og húðin verður silkimjúk!

Það sem til þarf:

- Ólífuolía
- Hrásýkur
- Kanill
- Krukka
- Snæri



1 Blandaðu ólífuolíu og hrásýkri saman í skál í jöfnum hlutföllum.

2 Bættu við 2-3 teskeiðum af kanil og hræðu vel.

3 Helltu blöndunni í krukku sem lokast vel.

4 Skreyttu krukuna með snæri til skrauts.

5 Hristu krukuna vel fyrir notkun.

NÝJAR ANNIR HEFJAST Í NÓVEMBER - MARS - ÁGÚST

WWW.FASHIONACADEMY.IS - INFO@FASHIONACADEMY.IS - 571 5151

MINNI APPELSÍNUHÚÐ Á 20 DÖGUM

Snyrtivörufatnaður frá Lytess hefur verið á markaði frá árinu 2003 en hann er búinn grenningarformúlu sem er ofin inn í fatnaðinn og verður formúlan virk við snertingu og núning við húð. Lytess er leiðandi á markaði og er með einkaleyfi á þessari tegund fatnaðar en 180 prósentu aukning hefur verið í sölu á vörum fyrirtækisins undanfarnin fimm ár. Nýjasta gerðin vinnur sérstaklega á appelsínuhúð.


Lytess-fatnaðurinn kemur í staðinn fyrir krem og aðrar grenningarlausnir sem lofa viðskiptavinum ummálsminnkun. Krem þarf að bera á kvöld og morgna og þarf oftast en ekki nokkrar túbú til að árangur sjáist. Snyrtistofur sem bjóða grenningar meðferðir þarf að heimsækja reglulega og aðrar lausnir þarf að hafa með. Lytess-fatnaðinum þarf að klæðast í minnst átta klukkutíma á dag yfir meðferðartímann en ekki þarf að leiða hugann að því neitt frekar. Virku efni í vörunni eru til staðar í sex mánuði, þannig að endurtaka má meðferðina eins oft og vilji er til á þeim tíma.

Kosturinn sem Lytess hefur umfram aðrar grenningarvörur er að meðferðin virkar allan daginn og þegar fatnaðurinn er í notkun er stöðug dreifing á formúlunni á þeim svæðum sem fatnaðurinn hylur. Það er því mælt með því að

takmarka efnismagn undir flíkinni. Snyrtimeðferð þarf að endurtaka nokkrum sinnum og hún stendur mun skemur yfir í einu. Kostnaðurinn er sömuleiðis mun minni enda hægt að nota flíkurnar aftur og aftur.

Lytess-fatnaðurinn er saumlaus, án parabena og þolir þvott. Hann inniheldur meðal annars koffín, forskólín, sishuan, piparkjarna og bókhveiti en þessi efni auka brennslu og losa um fitufrumur. Þá er í honum ruscus, rauðir þörungar, japanskt pagoda og ginkgo biloba sem allt er þekkt fyrir að vera vatnslosandi. Að endingu er í þeim mangósmjör, shea butter og sætar möndlur sem eru nærandi og rakagefandi. Framtíðarplön Lytess eru að framleiða fatnað sem tekur á ýmsum líkamskvillum svo sem þurri húð, exemi, húðsliti, æðahnútum, bakverkjum og liðverkjum svo dæmi séu nefnd.

Þó nokkrar gerðir af Lytess-fatnaði fást hér á landi.



Slim Express

Í Slim Express-fatnaðinum eru efni sem minnka umfang á aðeins tíu dögum. Í fatnaðinum eru efni sem brenna fitu, eru vatnslosandi og hreinsandi. Fatnaðurinn er þægilegur og sést ekki undir fötum.

Sculpt & Slim

Sculpt & Slim er átján daga meðferð. Hún endurmótarar vöxtinn, grennir og nærir húðina og gefur gott aðhald. Fatnaðurinn styður við bak og maga án þess að þrengja að, en útkoman er sléttari magi.

Fatnaður og snyrtivara í senn

Fatnaðurinn er móandi. Innihaldsefni eru vatnslosandi, auka brennslu og næra húðina. Fatnaðurinn er án parabena og má þvo hann í þvottavél.

Stop Cellulite

Nýjasta gerðin, Stop Cellulite, minnkar appelsínuhúð ásamt því að gera húðina stinnari og næra hana. Þó engin lækning sé til við appelsínuhúð þá er hægt að draga verulega úr henni og er margt sem bendir til þess að mikilvægt sé að halda blóðrásinni virkri og sjá til þess að hún losi líkamann við úrgangsefni sem talin eru koma við sögu þegar appelsínuhúð myndast. Stop Cellulite-fatnaðurinn nuddast stöðugt við húðina og örvar þannig blóðrásina. Virk innihaldsefni eru vatnslosandi, nærandi og styrkjandi og frásogast um leið og gengið er í buxunum. Notandinn getur sinnt sínum daglegu störfum á meðan fatnaðurinn gerir sitt gagn. Sjáanlegur árangur kemur fram eftir tuttugu daga.

Slim Express

Slim Express er tíu daga meðferð og fæst í þremur gerðum. Í Slim Express-fatnaðinum eru efni sem leiða til sýnilegs munar á útlínunum líkamans á aðeins tíu dögum. Þó

er mælt með því að fatnaðurinn sé notaður í að minnsta kosti mánuð til að ná fram hámarksárangri. Í Slim express eru öflug efni sem brenna fitu og virka vatnslosandi og hreinsandi. Þau fyrirbyggja uppsöfnun fitufrumna, grenna og sléttu húðina.

Sculpt & Slim

Sculpt & Slim er átján daga meðferð sem endurmótar vöxtinn, grennir og nærir húðina og gefur gott aðhald. Árangurinn sést eftir átján daga en mælt er með því að fatnaðurinn sé notaður í að minnsta kosti mánuð. Fatnaðurinn styður við maga og bak án þess að þrengja að, en útkoman er sléttari magi. Sculpt & Slim fæst í tveimur gerðum. Annars vegar er um að ræða aðhaldsbuxur þar sem áhersla er lögð á mitti, bak og maga. Hin gerðin er fyrir bak, mitti, mjaðmir, rass og læri.

Sculpt & Lift

Sculpt & Lift er tuttugu daga meðferð. Um er að ræða brjóstahaldara sem lagfærir, styrkir, mótar og nærir brjóstin. Sjá-

anlegur árangur kemur fram eftir tuttugu daga. Haldarinn inniheldur elemi, sem herðir vefina og styrkir húðina. Vefnaðurinn endurmótar brjóstin og styrkir bakið.

Samkvæmt markaðsrannsóknunum ihuga flestar konur að minnsta kosti einu sinni á ári að fara í megrun. Nýlegar kannanir sýna að því miður eru flestar konur óánægðar með einhvern hluta líkama síns og telja að þeim myndi líða betur ef þær grenntust. Margar konur eru stöðugt að leita leiða til þess að grennast, vilja losna við appelsínuhúð eða fá stinnari líkama. Flestar kannast við að byrja í einhverju prógrammi eða meðferð en oft fjarar átakið út. Margar bera fyrir sig tímaskorti. Það vandamál er úr sögunni með Lytess. Árangurinn verður vissulega meiri ef hugað er að mataræði og hreyfingu samhliða meðferð en varan virkar þó ein og sér.

Lytess-aðhaldsfatnaðurinn fæst í Lyfjum og heilsu, Lyfjaveri, Árbæjarapóteki, Apóteki Garðabæjar og Apóteki Ólafsvíkur.

Helstu eiginleikar

Vatnslosandi

Rautt þang og pagoda-kjarnar bjóta niður fitu og ýta undir vatnslosun.

Stinnandi

Copaiba og Amazon elemi trjákoða sjá til þess að húðin verður þéttari og mýkri.

Nærandi

Mangósmjör og sætar möndlur næra og gefa húðinni aukinn raka.

Mótunarvefnaðurinn örvar blóðrásina, nuddar og mýkir húðina. Hann inniheldur sömuleiðis hunang sem dregur úr appelsínuhúð. Vefnaðurinn er saumlaus sem tryggir hámarksþægindi.





Ósk ágústsdóttir hefur sérhæft sig í augnháralengingum.

SNYRTING AUGNHÁRALENGINGAR ERU KOMNAR TIL AÐ VERA

Ósk Ágústsdóttir snyrtifræðingur varar við augnháralengingum sem ekki eru gerðar af sérhæfðu fagfólki og segir að augnháralengingar eigi ekki að eyðileggja eigin augnhár.

Ég lærði þetta af sérfræðingi frá LA árið 2007 en hef einnig sótt námskeið og fékk réttindi erlendis. Mér fannst þetta svo áhugavert þar sem mikið af stórstjörnum voru að fá sér augnháralengingar en þetta er algjörlega komið til að vera í snyrtifræðinni,“ segir Ósk Ágústsdóttir, snyrtifræðingur hjá Heilsu og fegurð. Ósk hefur starfað við fagið í tíu ár og hefur sérhæft sig í augnháralengingum.

Vinsældir augnháralenginga hafa síaukist undanfarnin ár og í kjölfar eftirspurnarinnar hafa fleiri boðið upp á þessa þjónustu með misjöfnun árangri. „Það skiptir gríðarlegu máli að gera þetta rétt og nota hár og lím sem henta hverjum og einum því það eru til misjafnar þykktir, lengdir og lögun rétt eins og með gervineglurnar. Þú notar ekki augnhár sem eru sveigð á augu sem eru bein,“ útskýrir Ósk. Augnhárin eiga að haldast í 3-5 vikur og segist Ósk vera með viðskiptavinum sem hafa verið með lengingu samfleytt í þrjú ár. Hún segir mikinn misskilning vera að augnhár vaxi ekki aftur og konur eigi jafnframt ekki að missa hár vegna lenginga. „Þær sem hafa lært þessa ásetningu þurfa að kunna öll grunnatriðin hvað varðar sótt-



Eitt og eitt hár er límt á þín eigin augnhár og eru til misjafnar lengdir og þykktir. Augnhárin haldast í 3-5 vikur í senn en þá er hægt að láta lagfæra augnhárin.



hreinsun, ofnæmi og önnur frávik. Konur geta misst augnhárin við ofnotkun af lími og áreiti. Það er því miður staðreynd að sumar konur hafa verið að gera þetta í heimahúsum og útkoman er eftir því,“ útskýrir Ósk.

Ósk er umboðsaðili Uberlash á Íslandi sem er bresk framleiðsla en vörurnar eru þróaðar af læknum. Meðal annars er boðið upp á augnháranæringu sem er ætluð til þess að styrkja og þétta þín eigin augnhár. „Þetta er nýlegt á markaðnum og hægt er að nota nær-

inguna með augnháralengingu, eftir veikindi eða annað augnháralúður. Árangurinn sést eftir tvær til þrjár vikur.

Fram undan hjá Ósk er kennsla í diplómanámi í augnháralengingum hjá Elite Fashion Academy.

„Það eru margar aðferðir í augnháralengingum því ekki er hægt að setja eins á alla. Þú getur sérmenntað þig í þessum lengingum því það eru jú nýjungar í þessu eins og öllu öðru.“ segir hún að lokum. Meira um vörurnar á augnhar.is.

Jólaævintýri Café Flóru 2013

MARENTZA POULSEN BER FRAM EINSTAKAN JÓLAKVÖLDVERÐ Í TÖFRANDI UMHVERFI CAFÉ FLÓRU Í GRASAGARÐI REYKJAVÍKUR.

Ævintýraleg matarupplifun helst í hendur við rótgrónar danskar hefðir.

Monika Abendroth leikur á hörpu undir borðhaldi.

Opið verður öll fimmtudags, föstudags og laugardagskvöld frá 22. nóvember til 21. desember.

Borðapantanir og nánari upplýsingar í síma: 5538872 eða á netfanginu cafe flora@cafe flora.is



Hópar eru velkomnir alla daga.
Veisluþjónusta fyrir minni og stærri hópa.

Cellini
Amelia & Susanna Balla

CAFÉ FLÓRA
•Grasagarðinum•



ÉG MÆTI
Á JÓLATÓNLEIKANA
Á HVERJU ÁRI
ÞEIR ERU ALLTAF
JAFN DÁSAMLEGIR



GJÖF SEM SKEMMTIR

Hvort sem þú vilt gleðja tónlistarunnandann eða dansáhugamanninn, hvort sem viðtakandinn vill eiga kvöldstund í leikhúsinu eða styðja liðið sitt á íþróttavellinum, getur þú verið viss um að gjafakort frá midi.is uppfylli óskir vina og vandamanna. Það er auðvelt að gefa réttu gjöfina þegar úrvalið er nær óendanlegur fjöldi viðburða.

Gjafakortin fást á midi.is og í verslunum Brims, Laugavegi 71 og Kringlunni.



...SPJÖRUNUM ÚR

Áslaug María Friðriksdóttir

ALDUR: 44
STARF: Borgarfulltrúi

Hvern faðmaðir þú síðast? Köttinn minn.

En kysstir?
Ég kyssti börnin.

Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?
Kötturinn sem hafði lagt sig í þvottavélinni og spratt út úr henni á mjög óvæntan hátt þegar átti að fara að þvo.

Hvaða galla í eigin fari ertu búin að umbera allt of lengi?
Ég reyni að þæla sem minnst í öllum göllum, það er svo leiðinlegt.

Ertu hörundsár? Oftast ekki, en kannski stundum.

Dansarðu þegar enginn sér til? Já, en oftast þegar margir sjá til.

Hvenær gerðirðu þig síðast að fifli og hvernig? Fyrir nokkrum dögum settist ég inn í bíl og hélt að það væri vinkona mín að sækja mig. Ég setti á mig beltið í rólegheitum og var byrjuð að kjafta við hana þegar ég fattaði að ég þekkti bílstjórann ekki neitt og hann starði á mig með undrun en skelli hló svo bara þegar hann uppgötvaði í hvaða fátánlegu stöðu ég var búin að koma mér.

Hringirðu stundum í vælubilinn?
Nei, það er óþarfi að eyða símtali í það.

Tekurðu strætó?
Alltof sjaldan.

Hvað eyðirðu miklum tíma á Facebook á dag?
Nú í prófkjörsbaráttunni er ég stanslaust með Facebook opna og er auðvitað að gera vini mína geðveika með alls kyns áróðri. En nú er bara síðasti spretturinn eftir og þá er spurning hvort maður reyni ekki að slaka aðeins á Facebook-notkuninni.

Ferðu hjá þér þegar þú hittir fræga eða heilsarðu þeim?
Heilsa þeim ef ég kannast við þá, fer nú ekkert sérstaklega hjá mér, held ég.


Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig? Já.

Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina?
Rólegheit verða ekki á dagskrá, ég ætla að gefa síðustu klukkutímum í prófkjöri alla mína orku.

HELGARMATURINN TORTELLINI SEM KRAKKAR ELSKA

Eva Ösp Bergþórsdóttir
er hjúkrunarfræðingur og starfar í Kaupmannahöfn. Hún hefur áhuga á matargerð með einfaldleikann í fyrirrúmi. Eva Ösp er tveggja barna móðir og mælir með góðum og fjölskylduvænum tortellini-rétti með ciabatta-brauði með sólburrkuðum tómötum.


500 g tortellini
500 ml matreiðslurjómi
150 g kotasæla
100 g tómatur
150 g skinka
100 g pepperoni
300 g sveppir
2 laukar
2-3 hvítlauksrif
250 g rifinn ostur
2-3 tómatar
Salt og pipar eftir smekk



1 stk. ciabatta-brauð með sólburrkuðum tómötum (ef það fæst ekki má bara nota það brauð sem manni finnst gott)

Blandið rjóma, kotasælu og tómaturrunni saman í skál og hrærið saman. Skerið sveppi, pepperoni, laukinn, hvítlaukinn og skinku niður og setjið út í rjóma-blönduna. Sjóðið tortellini-pasta. Þegar pastað er soðið, hellið vatninu af því og hellið rjóma-blöndunni yfir pastað

og blandið því vel saman. Hellið svo blöndunni í eldfast mót, stráið rifna ostinum yfir, skerið tómata í sneiðar og raðið ofan á. Hitið ofninn í 180 gráður. Setjið réttinn inn í ofn í ca. 20 mínútur. Ciabatta-brauðið sett í ofn í ca. 10 mínútur. Gott að bera fram með ciabatta-brauði með sólburrkuðum tómötum og góðu salati.



PLÖTUSPILARAR



CROSLY
PLÖTUSPILARI
59.900,-



Plötuspilari
39.900,-



Plötuspilari
59.900,-



Plötuspilari
39.900,-

MYCONCEPTSTORE.IS

Graníthöllin

Legsteinar

Allt innifalið!
Tilboð út nóvember
á legsteinum ásamt
beðramma og fylgihlutum



Einnig til í Paradiso (Brúnleitt)

Fullt verð: 475.000,-

Tilboð: 325.000,-



Einnig til í Shanxi Black (Svart)

Fullt verð: 400.000,-

Tilboð: 278.000,-



Eingöngu til í Shanxi Black (Svart)

Fullt verð: 515.000,-

Tilboð: 349.000,-

Innifalið í tilboði:

Beðrammi, undirlag og hvít möl.

Granítlukt, fjölnota batterískerti og granítvasi.

Áletrun sem og ein ígráfin mynd t.d. kross, rós o.fl.

Uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og nágrennabyggðalögum
og einnig þökkun fyrir landsbyggðina.



Lukt

Vasi

Kerti

Beðrammi

ATH!
Setjum upp
legsteina allt árið!

Dæmi um uppstillingu



Einnig bjóðum við 20% afslátt
af öllum öðrum legsteinum



Graníthöllin
Bæjarhrauni 26
220 Hafnarfirði
Sími 555-3888
www.granithollin.is

BÍLAR & FARARTÆKI



TILBOÐ 3.990.000.-
BMW 523 I .Árg.2007,ekinn aðeins 69.þ km,bensín,sjálfskiptur,mjög flott eintak,filmur,topplúga ofl, er á staðnum.Rnr.103333.S:562-1717



TILBOÐ 2.490.000.-
BMW M5 401 HÖ. Árgerð 1999,ek. aðeins 146.þ km,6 girar,hrikalega vel með farinn,nýjar M5 felgur og bremsur,ný olfu á öllu,er á staðnum. Rnr.104009.S:562-1717.



100 % LÁN MÖGULEGT
OPEL CORSA SWING.Árgerð 1999, ekinn aðeins 142.þ km, sjálfskiptur,er á staðnum.TILBOÐ 390.000.- Rnr.321157. S:562-1717.



TILBOÐ 3.990.000.-
M.BENZ SPRINTER 313 CDI 4X4 - 9 MANNA.Árg.'06,ek.aðeins 115.þ km,einn eigandi,litur vel út,háþekja,5 gíra,er á staðnum.Rnr.104036. S:562-1717.

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18
www.bilalif.is

BÍLALIND.is



SUZUKI Swift GL 4wd. Árgerð 2011, ekinn 43 ÞKM, bensín, 5 girar. Verð 1.850.000. Rnr.151029.



NISSAN X-trail Dísel. Árgerð 2007, ekinn 67 ÞKM, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.410608.

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
www.bilalind.is



Polaris Sportsman 850 efi Árgerð 2011 Ekið 1000km Kastarar, Bighorn dekk ofl. Verð 2.890.000.- Tilboð 2.500.000.- www.ellingsen.is

Ellingsen
Fiskislóð 1, 101 Reykjavík
http://www.ellingsen.is



VW Polo 1.2. Árgerð 12/2004, ekinn 115 ÞKM, bensín, 5 girar,álfelgur,flott einta , er á staðnum. Verð 770.000. Rnr.133748

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirilt á plani
http://www.stora.is



Chevrolet AVEO 2012 árg ek 40þ KM ssk bensín Fallegur bíll verð aðeins 2390P Raðnúmer 320001



AUDI A4 AVANT 2012 árg ek 56þ km ssk dísel Fallegur bíll verð aðeins 5190 raðnúmer 320004



TOYOTA LANDRUISER 100 VX 2005 árg ek 159þ KM dísel 35"breyttur á góðum dekkjum og ný máludum felgum. Raðnúmer 104485 Glæsilegur jeppi á 6390þ

Bíla kaup
Funahöfða 13, 110 Reykjavík
Sími: 577 1111
http://www.bilakaup.com



VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINI!!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bíllinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.
www.100bilar.is



VOLVO Xc90 2.5 turbo. Árgerð 2005, ekinn 191 ÞKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.990439.



KIA Ceed h/b ix 1.6 dísel sjálfsk.. Árgerð 2012, ekinn 48 ÞKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.850.000. Rnr.210156. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð



MAZDA 3. Árgerð 2008, ekinn 56 ÞKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.140852.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

Bílar til sölu



Rafmagn og Bensín. Nissan Leaf Rafbíll frá 2.995þ, Ford Focus Rafbíll frá 3.995þ, Chevrolet Volt Raf+Bensín frá 3.995þ Toyota Prius Plug-in Raf+Bensín frá 3.995þ, Toyota RAV4 Tesla rafbíll frá 4.995þ. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000.

250-499 þús.



SJÁLFSKIPTUR SMÁJEPPI
Honda Hrv 3dya ,00" ek. 217þ. Sjálfskiptur topplúga Dráttarbensli ofl. Ný skoðaður góður bíll Verð 550þ. TILBOÐ 350þ. Uppl. í s. 666 0675.



SPARIBAUKUR!
DAIHATSU SIRION 1.0 Twin Cam árg'98 ek 127 þús, nýleg tímareim (skipt um í 115 þús) nýleg naglalaus vetrard, sko ,14, 5 dyra bs, í góðu standi, frábær snattari eyðir aðeins 5 ltr á 100 verð 320 þús. Möguleiki á 100% lani visa/euro. S.841 8955

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ +. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Varahlutir

VW - SKODA - VARAHLUTIR

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurriffs og uppgerðar. Bílabúð, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

SMÁPARTAR.IS

Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyota Yaris til viðgerðar eða niðurriffs. S. 892 7852.

til sölu



- NOTAÐIR BÍLAR -
www.bilaland.is



RENAULT Megane Scenic. Nýskr. 09/04, ekinn 137 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 890.000. 100% VISA/ EURO lán mögulegt. Rnr.141810.



HYUNDAI Getz. Nýskr. 10/07, ekinn 60 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.370.000. Rnr.280593.



CITROEN C5. Nýskr. 09/05, ekinn 108 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 950.000. 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.120278.



HONDA Accord Sport. Nýskr. 09/07, ekinn 72 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000
Tilboðsverð 1.990.000. Rnr.141726.



LEXUS RX300. Árgerð 2005, ekinn 92 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.280974.



NISSAN Quest. Nýskr. 09/05, ekinn 92 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð Ásett verð 1.990.000
Tilboðsverð 1.390.000. Rnr.280825.



TOYOTA Avensis SOL. Nýskr. 04/09, ekinn 105 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.990.000. Rnr.281081.

Kletthálsi 11
525 8000
www.bilaland.is

til sölu

TIL SÖLU

FORD F350 - CREW 4X4 Dísel



Árgerð 2005 ekinn 74.000km. Bifreið er til sýnis að Suðurhrauni 3 Garðabæ hjá Krók. Tilboð skulu berast á uppboðsvef bilauppbod.is í síðasta lagi 20.11.2013 fyrir kl. 20:00

bilauppbod.is

til sölu

www.toyotakletthalsi.is

Notaðir bílar Kletthálsi

Land Cruiser 150 VX feb. 2012
Ekinn 19.000 km. dísil, sjálfsk.
60th anniversary, filmur ofl.
Verð: 10.990.000 kr.
Tilboð: 9.900.000 kr.



Toyota Kletthálsi
Kletthálsi 2
Sími: 570 5220
kletthals@toyota.is



ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

FAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA

Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

VIÐHÁLD

fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- tresmiðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- rafhlagnir
- flisalagnir
- jarðvinnu
- heilulagnir

Sími 567 6699

kristjan@vidhald.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN

BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI TRIBECA 2013

THE FRENCH CONNECTION SUN: 20.00 (16)

ERNEST & CELESTINA LAU & SUN: 16.00

SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Jólahátíð

SKOPPU & SKRÍTLU

Frumsgýning 16. nóvember



Miðasala
er hafin
Tryggðu þér
miða strax!



Næstu sýningar:

- 16. nóv. - kl. 13 - Frumsgýning Uppselt
- 16. nóv. - kl. 15 - Uppselt
- 17. nóv. - kl. 13 - Uppselt
- 17. nóv. - kl. 14:30 - Aukas. örfá sæti laus
- 23. nóv. - kl. 13 - örfá sæti laus
- 24. nóv. - kl. 11 - Laus sæti
- 24. nóv. - kl. 13 - örfá sæti laus
- 30. nóv. - kl. 11 - Augasýning laus sæti
- 30. nóv. - kl. 13 - Uppselt
- 30. nóv. - kl. 14:30 - Laus sæti
- 1. des. - kl. 11 - örfá sæti laus
- 1. des. - kl. 13 - Uppselt
- 1. des. - kl. 14:30 - Uppselt



ÍSLAND KRÓATÍA Í KVÖLD

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu hefur fjórtán sinnum spilað leiki í nóvember. Óhætt er að segja að okkar menn hafi ekki riðið feittum hesti frá viðureignum sínum í fyrsta heila vetrarmánuðinum. Aðeins einn sigur hefur unnist, jafnteflin hafa verið þrjú en töpin tíu.

Reyndar hafa flestir



leikjanna eða átta verið vináttuleikir. Eini sigurinn kom í einum slíkum þegar Heiðar Helguson skoraði sigurmarkið í 1-0 útisgri á Möltu á Valletta 2008. Þá hafði Ísland reynt fyrir sér tíu sinnum í nóvember án sigurs.

Bestu úrslitin í nóvember voru líklega markalaust jafntefli Íslands á Írlandi í undankeppni HM 1998 en markalaust jafntefli gegn Mexíkó í æfingaleik árið 2003 voru sömuleiðis flott úrslit. - kt

Króatar nýttu ekki miðakvótann sinn

FÓTBOLTI „Við funduðum með fulltrúum Króata í kvöld (gærkvöldi) og þeir eru tiltölulega rólegir yfir þessu,“ segir Víðir Reynisson, öryggisstjóri á Laugardalsvelli. Nokkur viðbúnaður hefur verið hjá Víði og félagum vegna mögulegrar komu fótboltaþullna frá Króatíu á landsleikinn gegn Íslandi í kvöld.

„Það hefur oft gerst að miðalausir menn hafi mætt og verið til vandræða. Hvort það gerist skýrist ekki fyrr en rétt fyrir leik,“ segir Víðir. Reyni einhver að ryðjast inn eða klífra yfir girðingar verði bæði lögregla og öryggisverðir klár í slaginn.

Króatískum stuðningsmönnum eru ætluð tvö hólf í austurstúkunnar sem hvort um sig rúmar 350 stuðningsmenn eða 700 manns samanlagt. Króatarnir fara inn um sér hlið, þurfa að framvísa vegabréfi með miðum sínum og mega ekki yfirgefa völinn fyrr en í leikslok.

Víðir segir ljóst að stuðningsmennirnir verði töluvert færri en reiknað var með. Líklega ekki nema um helmingur. Því er ljóst að nokkur hundruð miða sem ætluð voru króatískum stuðningsmönnum verða ekki nýttir á morgun.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ,



MIDALEYSI Færri íslenskir stuðningsmenn komast að en vilja í Laugardalnum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sagði í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að óskandi væri að miðarnir gætu farið til Íslendinga. Af öryggisástæðum væri það hins vegar því miður ekki mögulegt. - kt

ÍSLAND KRÓATÍA

í beinni útsendingu á Bylgjunni

Gummi Ben lýsir mikilvægasta leik íslenska landsliðsins til þessa, í dag, kl. 19:00



Bylgjan er í Útvarpinu
Útvarpið má nálgast á Google Play eða App Store
undir leitarorðinu "Bylgjan"

Þú getur hlustað á Bylgjuna í gegnum



UNDIR PRESSU Króatar treysta á að þjóðhetjan Niko Kovac leiði lið sitt til sigurs gegn Íslandi. Kovac er reynslumikill leikmaður en reynslulítill þjálfari. Fjölmíðlamenn ytra telja engan betur til þess fallinn að bæta gengi Króata en Kovac. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sama pressa á Íslandi

Þjálfari Króata telur mikinn kost að fá síðari leikinn gegn Íslandi á heimavelli. Hans hlutverk sé aðeins að vekja sína leikmenn sem kunni vel að spila fótbolta.

FÓTBOLTI Niko Kovac, þjálfari Króata, virkaði fullur sjálfs-trausts þegar hann mætti á fund með blaðamönnum í kjallara Laugardalsvallar í gær. Hann ýmist blikkaði eða heilsaði króatískum blaðamönnum áður en hann svaraði spurningum.

„Auðvitað vildum við æfa á keppnisvöllinum en fyrst það var ekki hægt vegna aðstæðna breyttum við einfaldlega dagskrá okkar lítillaga,“ sagði Kovac. Hvorugt landsliðið fékk að æfa á Laugardalsvelli vegna veðurs í gær en eftirlitsmaður FIFA tók þá ákvörðun að best væri að hvíla völinn fyrir leikinn.

Kovac sagði sína menn úthvílda og einbeitta fyrir leikinn. Engin hætta væri á því að þeir vanmætu þá íslensku.

„Ísland hafnaði í öðru sæti síns riðils líkt og við. Það segir sína sögu,“ sagði Kovac. „Sem leikmaður vanmat ég aldrei andstæðing-

inn og það mun ég ekki heldur gera sem þjálfari.“

Kovac stýrir liðinu í fyrsta sinn í kvöld en hann tók við af fyrrverandi féлага sínum í landsliðinu til margra ára, Igor Stimac. Þrátt fyrir að vera þjóðhetja hefur Kovac tiltölulega litla reynslu sem þjálfari. Fjórir leikir með 21 árs landslið Króata og eitt ár sem aðstoðarmaður New York Red Bulls í MLS-deildinni.

„Okkar menn hafa ekki sýnt sitt rétta andlit í undankeppninni. Mitt eina hlutverk er að vekja leikmennina. Þeir kunna að spila fótbolta, gera það í hverri viku í bestu deildum Evrópu. Þeir munu sýna hvað þeir geta fyrir króatísku þjóðina.“

Kovac telur það kláran kost að fá síðari leikinn á heimavelli. Enginn vafi sé í hans huga að íslenska liðið hefði kosið það. Meiri óvissa sé í fyrri leiknum en í þeim síðari vita menn nákvæmlega hvað þurfi að gera.

„Við eigum von á fullum leikvangi í Zagreb og betri stuðningi en áður þótt hann sé alltaf góður,“ sagði Kovac um síðari leikinn.

Þjálfarinn segir pressuna jafnmikla á báðum landsliðum enda hið sama í húfi. Hann vildi ekki ræða veikleika íslenska liðsins. Þeir hefðu þó horft á alla leiki liðsins og greint í þaula. Markmiðið væri að skora í kvöld en Kovac vildi ekki skilgreina nánar hvað væru viðunandi úrslit.

„Það er mikilvægt að ná að skora.“

Ellefu leikmenn Króata eru á gulu spjaldi. Annað gult spjald þýðir leikbann í síðari leiknum í Króatíu.

„Ég hef engar áhyggjur af því. Það er svipað vandamál hjá íslenska liðinu. Við eigum nóg af leikmönnum á bekknum ef einhver fær sitt annað gula spjald.“

kolbeintumi@frettabladid.is

Lykilmaður Íslands er Lagerbäck

Fyrirliði Króata segir vind og kulda enga afsökun fyrir sína menn í kvöld.

FÓTBOLTI „Við höfum verið meðvit- aðir um mögulegar veðurastæður frá fyrsta degi. Íslensku strákarnir eru líklega vanari sviptivindum og kulda. Það er samt engin afsökun fyrir okkur,“ segir Dario Srna, fyrirliði Króata.

Srna, sem á að baki 108 landsleiki og 20 mörk með landsliðinu, segir marga leikmenn Króata hafa spilað við erfiðar aðstæður. Jafn margir leikmenn séu í liðunum og aðstæður þær sömu fyrir bæði lið.

Hægri bakvörðurinn vildi ekki nefna nein nöfn þegar hann var spurður út í hættulegustu leikmenn íslenska liðsins.

„Þeirra lykilmaður er þjálfarinn, Lars Lagerbäck. Hann er gamalreynndur þjálfari og þekkir vel til Króata,“ segir Kovac. Sá sænski stýrði landsliði Svía í þrí-gang gegn Króötum en allir leik-

irnir töpuðust. Leikurinn í kvöld verður því fjórða tilraun Lagerbäck's gegn Króötum.

Srna, sem spilar með Shakhtar Donetsk í Úkraínu, segir Króata bera mikla virðingu fyrir íslenska liðinu. Engin hætta sé á vanmati. „Þeir höfnuðu ekki í 2. sæti riðilsins fyrir slysi. Þeir sýndu hve mikinn karakter liðið hefur með því að jafna í 4-4 eftir að hafa lent 4-1 undir gegn Sviss á útivelli,“ segir bakvörðurinn sóknjarfi.

Srna er þó hvergi banginn og segir það hafa afar mikla þýðingu fyrir króatísku þjóðina að liðið tryggi sér sæti í HM. Þjóðin þurfi á einhverju að halda til að hlakka til næstu mánuði.

„Við höfum trú á okkur og þjálfurum okkar. Ef við spilum í takt við leiðbeiningar hans þá förum við á HM.“



KALT Dario Srna var heldur kuldalegur við komuna til Reykjavíkur á miðvikudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Í Áfram Ísland

Við höldum
vængjadaginn
hátíðlegan
í dag vegna
landsleiks
Íslendinga
og Króata

25
Hot Wings™ á
2399
KR.



svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI WWW.KFC.IS

OLÍS-DEILD KARLA

FRAM - AKUREYRI 23-22
Fram - Mörk (skot): Stefán Baldvin Stefánsson 5 (7), Sigfús Páll Sigfússon 4 (5), Garðar B. Sigurjónsson 4/2 (6/2), Arnar Freyr Ársælsson 3 (3), Stefán Darri Þórssón 2 (2), Elías Bóasson 2 (3), Sveinn Þorgeirsson 2 (8), Sigurður Örn Þorsteinsson 1 (2), Ragnar Kjartansson (1/1), Ólafur Magnússon (2/1).
Varin skot: Stephen Nielsen 10 (31/1, 32%), Svavar Már Ólafsson (1/1, 0%).
Utan vallar: 8 mínútur.

Akureyri - Mörk (skot): Bjarni Fritzzson 5/2 (8/2), Heimir Örn Árnason 4 (5), Kristján Orri Jóhannsson 4 (5), Práundur Gíslason 3 (3), Valbjörn Guðrúnarson 3 (6), Andri Snær Stefánsson 2 (3), Sigbór Heimisson 1 (2), Halldór Logi Árnason (1), Gunnar Þórssón (2).
Varin skot: Jovan Kukobat 13/2 (36/4, 36%).

FH - HK 29-24
FH - Mörk (skot): Ásbjörn Friðriksson 10/4 (10/4), Einar Rafn Eðsson 6 (7), Halldór Guðjónsson 3 (4), Ísak Rafnsson 2 (2), Sigurður Ágústsson 2 (2), Valdimar Fannar Þórssón 2 (5), Magnús Óli Magnússon 2 (7), Atli Rúnar Steinþórssón 1 (2), Andri Berg Haraldsson 1 (3).
Varin skot: Daniel Freyr Andrésson 23 (46/2, 50%), Ágúst Elí Björgvinsson (1/1, 0%).

HK - Mörk (skot): Leó Snær Pétursson 7/3 (8/3), Ólafur Víðir Ólafsson 5 (8), Atli Karl Bachmann 5 (13), Tryggvi Þór Tryggvason 3 (4), Jóhann Reynir Gunnlaugsson 3 (10/1), Garðar Svansson 1 (8), Eyþór Már Magnússon (4),
Varin skot: Helgi Hlynsson 12 (41/4, 29%).

HAUKAR - VALUR 27-27
Haukar - Mörk (skot): Árni Steinn Steinþórssón 7 (13), Sigurbergur Sveinsson 6/3 (15/3), Jón Þorbjörn Jóhannsson 3 (3), Þróstur Þráinsson 3 (3), Elías Már Halldórsson 3 (5), Tjörvi Þorgeirsson 3 (8), Þórður Rafn Guðmundsson 2 (2), Adam Haukar Baumruk (1), Einar Pétur Einarsson (3),
Varin skot: Giedrius Morkunas 9 (33, 27%).

Valur - Mörk (skot): Geir Guðmundsson 7 (9), Guðmundur Hólmur Helgason 7 (9), Sveinn Aron Sveinsson 6 (6), Þorgeirur Smári Ólafsson 2 (2), Finnur Ingi Stefánsson 2 (3), Júlíus Þórir Stefánsson 1 (1), Orri Freyr Gíslason 1 (4), Atli Már Báruson 1 (5), Vignir Stefánsson (1).
Varin skot: Hlynur Morthens 17 (44/3, 39%).

DOMINOS KARLA SKALLAGRÍMUR - KEFLAVÍK 67-96
Skallagrímur: Grétar Ingi Erlendsson 19/12 fráköst, Egill Egilsson 18/4 fráköst, Orri Jónsson 12/9 stoðsendingar/6 stolnir, Davíð Guðmundsson 6, Trausti Eiríksson 5/12 fráköst, Sigurður Þórarinnsson 5, Davíð Ásgeirsson 2.
Keflavík: Darrel Keith Lewis 20, Guðmundur Jónsson 14/5 stolnir, Michael Craion 13/12 fráköst, Gunnar Ólafsson 11, Þróstur Leó Jóhannsson 11, Arnar Freyr Jónsson 9/5 fráköst/7 stoðsendingar, Valur Orri Valsson 7, Almar Stefán Guðbrandsson 6/6 fráköst, Hafliði Már Brynjarsson 5.

KR - NJARÐVÍK 96-72
KR: Martin Hermannsson 24/4 fráköst, Pavel Ermoliniskij 16/16 fráköst/7 stoðsendingar, Brynjar Þór Björnsson 14, Darri Hilmarsson 14/4 fráköst, Ingvaldur Magni Hafsteinnsson 12, Terry Leake Jr. 12/4 fráköst, Helgi Már Magnússon 4.
Njarðvík: Elvar Már Friðriksson 28/6 fráköst, Nigel Moore 11/7 fráköst, Ágúst Orrason 10, Logi Gunnarsson 8, Hjörtur Hrafn Einarsson 7, Óli Ragnar Alexandersson 4, Friðrik E. Stefánsson 3/7 fráköst, Halldór Örn Halldórsson 1.

GRINDAVÍK - STJARNAN 87-67
Grindavík: Earnest Lewis Clinch Jr. 17/5 stoðsendingar, Ómar Örn Sævarsson 17/8 fráköst, Jóhann Arni Ólafsson 14, Jón Axel Guðmundsson 12, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 8/8 fráköst, Þorleifur Ólafsson 7, Ólafur Ólafsson 6/9 fráköst, Jens Valgeir Óskarsson 3, Daniél Guðmundsson 3.
Stjarnan: Dagur Kár Jónsson 17, Matthew James Hairston 16/13 fráköst, Justin Shouse 12, Marvín Valdimarsson 11, Kjartan Atli Kjartansson 5/7 fráköst, Fannar Freyr Helgason 4/4 fráköst, Daði Lár Jónsson 2.

ÍR - SNÆFELL 77-110
ÍR: Sveinbjörn Claessen 21/4 fráköst/3 varin skot, Matthías Orri Sigurðarson 18/5 stoðsendingar, Calvin Lennox Henry 18/7 fráköst, Hjalti Friðriksson 9, Þorgeirur Kári Emilsson 5, Birgir Þór Sverrisson 3, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 2/5 fráköst, Ragnar Örn Bragason 1.
Snæfelli: Vance Cooksey 30/7 stoðsendingar, Jón Ólafur Jónsson 30/9 fráköst, Sigurður Á. Þorvaldsson 14/8 fráköst, Kristján Pétur Andrésson 12, Sveinn Arnar Davíðsson 7/5 fráköst, Finnur Atli Magnússon 6, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 5, Stefán Karel Torfason 4, Hafþór Ingi Gunnarsson 2.

VALUR - ÞÓR P. 97-89
Valur: Chris Woods 30/24 fráköst/5 stoðsendingar, Birgir Björn Pétursson 23/25 fráköst, Oddur Ólafsson 20/4 fráköst/5 stoðsendingar, Rúnar Ingi Erlingsson 6, Benedikt Blöndal 6, Gunnlaugur H. Elsuson 5/4 fráköst, Ragnar Gylfason 5/4 fráköst/5 stoðsendingar, Kristinn Ólafsson 2.
Þór P.: Mike Cook Jr. 32/7 fráköst, Baldur Þór Ragnarsson 16/4 fráköst/6 stoðsendingar, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 14/10 fráköst/10 varin skot, Nemanja Sovic 12/7 fráköst, Þorsteinn Már Ragnarsson 9, Tómas Heiðar Tómasson 6/5 fráköst.

visir.is

Allt um leiki gærkvöldsins



ALLT UNDIR Landsliðið verður í eldflunni á Laugardalsvöllum í kvöld en liðið mætir því króatíska í fyrri leik liðanna um sæti á HM í Brasilíu á næsta ári. Heimir, Lagerbäck og Aron Einar voru borubratir á blaðamannafundi í gær. Árangur liðsins hefur ekki komið þjálfaranum á óvart, þetta var alltaf markmiðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ástand vallarins skiptir máli

Stærsti leikur karlalandsliðs Íslands fer fram í kvöld þegar Króatar mæta á Laugardalsvöllinn. Þjálfarateymið hefur ákveðið byrjunarliðið en það verður tilkynnt leikmönnum liðsins síðar í dag. Svíinn vill að íslenska liðið haldi markinu hreinu en ástand Laugardalsvallarins mun ráða því hvernig leikskipulagið verður.

FÓTBOLTI „Við erum ekkert að undirbúa liðið öðru vísi núna en áður í þessari undankeppni,“ sagði Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari Íslands, á blaðamannafundi á Hótel Nordica í gær.

Ísland mætir Króatíu í kvöld á Laugardalsvöllum í fyrri leik liðanna í umspilinu um sæti á heimsmeistaramótinu í Brasilíu á næsta ári.

„Það er mikilvægt að halda markinu hreinu í leiknum og því mun ég leggja leikinn upp með tilliti til þess, en annars er þetta bara venjulegur leikur fyrir okkur. Allir leikmenn liðsins eru heilir og gátu tekið þátt á æfingunni í dag.“

Íslenska landsliðið æfði innandyrja í gær á meðan króatíska landsliðið æfði á Kópavogsvelli.

„Við tókum þá ákvörðun þegar í ljós kom að veðrið var mjög slæmt að betra yrði að æfa innandyrja. Ég get betur náð til leikmannanna inni í knattspyrnuhöll og allar aðstæður mun rólegri en hefði verið úti við þessar aðstæður.“

Króatíska landsliðið er gríðarlega vel mannað og leikmenn í liðinu á algjörum heimsmeikvarða.

Þar má meðal annars nefna Luka Modric, leikmann Real Madrid, og Mario Mandžukic, leikmann Bayern München.

„Leikmenn liðsins hafa skoðað andstæðinginn vel og við erum búnir að undirbúa okkur eins vel fyrir þessa leiki og mögulegt er.“

Birkir Már Sævarsson verður í leikbanni í leiknum í kvöld en hann hefur gegnt stöðu hægri bakvarðar alla undankeppnina. Hausverkur Lars Lagerbäck og Heimis Hallgrímssonar aðstoðarlandsliðsþjálfara hefur því verið að velja þann leikmann sem mun leysa Birki af hólmi í kvöld.

Byrjunarliðið klárt

„Við höfum rætt það mál fram og til baka og að lokum komumst við að sameiginlegri ákvörðun um hægri bakvarðarstöðuna. Leikmenn íslenska landsliðsins hafa ekki fengið sjálfir að vita byrjunarliðið en það verður tilkynnt á fundi á morgun.“

Dúkur hefur verið yfir Laugardalsvöllum undanfarna daga til þess að vernda grasið. Liðin fengu ekki að æfa á völlum fyrir leik-

inn í kvöld og hefur það vissulega mikið að segja varðandi leikskipulag liðanna í leiknum sjálfum. Mikil óvissa er í raun um ástand Laugardalsvallarins.

„Þetta er ekki staða sem þjálfari myndi óska sér fyrir leik en þetta er það sem við þurfum að vinna með. Það mun ráða töluverðu hvernig upphitun fer og hvernig leikmennirnir ná að fóta sig á grasinu varðandi það leikskipulag sem við leggjum upp með í leiknum sjálfum. Ef völlum er í slæmu standi munum við leggja leikinn upp á sem auðveldastan hátt fyrir leikmennina sjálfa.“

Ísland hefur aldrei áður komist svona langt í undankeppni heimsmeistaramóts og því um mikilvægasta landsleik íslenska karlalandsliðsins í sögunni að ræða.

„Þetta er það sem liðið hefur unnið að síðustu tvö árin og því gríðarlega mikið undir. Þegar ég tók við liðinu settist ég niður með Heimi og við settum okkur markmið. Það var skýrt, liðið ætlaði sér að hafna í tveimur efstu sætum riðilsins. Þessi árangur liðsins hefur því alls ekki komið okkur

neitt sérstaklega á óvart.“

Niko Kovac tók við króatíska landsliðinu eftir undankeppnina en Igor Štimac var sagt upp sem landsliðsþjálfari liðsins. Króatía lék í raun skelfilega undir lok riðlakeppninnar og slapp því með skrekkin að komast í umspilið.

Vita lítið um stíl nýja þjálfarans

„Það verður vissulega nokkuð erfitt fyrir okkur að greina króatíska liðið en nýr þjálfari getur komið inn með nýjar áherslur og því ómögulegt fyrir okkur að vita hvort liðið verður sóknarsinna í leik sínum eða leggi upp með að liggja aftarlega og verjast. Ég býst við Króótunum mjög öguðum og einbeittum og það verður erfitt fyrir okkur að brjóta þá á bak aftur. Þetta lið er vel skipað og með hættulega menn í nánast öllum stöðum. [Dario] Srna er ávallt með hættuleg skot, miðjumenn liðsins eru frábærir og Mario Mandžukic hættulegur fram á við. Þetta verður án efa mjög erfiður leikur fyrir okkar leikmenn en liðið er klárt.“

stefanp@frettabladid.is

Króatíska liðið hefur verið í mikilli lægð

Króatískur íþróttafréttamaður telur að liðið eigi að fara áfram úr einvíginu en það verði ekki auðvelt.

FÓTBOLTI „Það fara allir fram á það í Króatíu að liðið fari nokkuð auðveldlega áfram,“ segir Frane Vulas, króatískur íþróttafréttamaður hjá blaðinu Slobodna Dalmacija í heimalandinu.

Króatar voru til að mynda í riðli með Belgíu og Serbíu í undankeppninni og byrjaði liðið stórkostlega. Undir lokin fór að halla undan fæti hjá liðinu og náði Króatía aðeins í eitt stig í síðustu fjórum leikjunum. Króatar rétt sluppu inn í umspilið og var þáverandi þjálfari liðsins Igor Štimac rekinn strax eftir riðlakeppnina og Niko Kovac tók við.

„Króatíska liðið hefur verið gjörsamlega úr takti í undanförunum leikjum og það var í raun nauðsynlegt að láta Štimac fara. Kovac er mjög hæfileikaríkur þjálfari en vissulega mjög ungur og vantar sennilega nokkra leiki í reynslubankann. Hann stóð sig vel með U-21 árs landslið Króata og lá því beint við að ráða hann.“

Þegar dregið var um það hvaða þjóðir myndu mætast í umspilinu vildu þær allar fá íslenska landsliðið.

„Það fögnuðu allir gríðarlega í Króatíu þegar ljóst var að við

myndum mæta Íslendingum. Á blaði er Ísland veikasti andstæðingurinn en í raun verður þetta ekki auðvelt fyrir okkur Króata. Íslendingar hafa verið að spila vel að undanförunu á meðan króatíska liðið er í raun í lægð. Takist liðinu aftur á móti að komast á HM mun það breyta öllu og landslagið allt annað fyrir króatíska knattspyrnusambandið.“

Vulas hefur mikið álit á miðjumanninum Luka Modric og er á því að þegar Modric á góða leiki, þá spili landsliðið vel. Aftur á móti þegar Modric á slæman dag hrynur oft leikur króatíska landsliðsins.

„Þrjú leikmenn mynda ákveðinn hrygg í króatíska landsliðinu og eru í raun mikilvægustu menn liðsins. Modric tengir liðið allt saman. Mandžukic er okkar hættulegasti leikmaður fram á við og svo er það Stipe Pletikosa sem er gríðarlega mikilvægur þessu liði en hann hefur oft en ekki staðið sig vel í markinu. Josip Šimunic er einnig mikilvægur fyrir liðið í öftustu víglínu, mikill reynslubolti sem stjórna vörninni vel.“

- sáþ



STÓRSTJÓRNUR Luka Modric og Mario Mandžukic og félagar í króatíska landsliðinu æfðu á Kópavogsvöllum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SALAN HEFST Á MIÐNÆTTI Í KVÖLD Í NETTÓ GRANDA OG NETTÓ MJÓDD!

100 FYRSTU KAUPENDURNIR FÁ ÁRITUÐ EINTÖK



MIÐNÆTUR SPRENGJA!



Útkallsbækur Óttars Sveinssonar eru eitt vinsælasta lesefni Íslendinga 20 ár í röð

Magnþrungnar frásagnir úr íslenskum veruleika. Hér er lýst fórnfýsi og þrautseigju hversdagsfólks á úrslitastundum. Hver einustu jólfurfa þúsundir Íslendinga sig niður í Útkallsbækurnar.

Eftir að jeppa er ekið yfir sprungu á Langjökli í janúar 2010 á sér stað slys. Móðir og sjö ára sonur hennar falla niður í sprungu og festast á dýpi sem svarar til átta hæða húss.

Tólf íslenskir síldveiðisjómenn höfðu verið hátt í viku í björgunarbátum í Norður-Íshafi þegar fólk í landi fór loks að sakna þeirra.

3.594 KR

nettó *bækur*
Kræsingar & kostakjör

Tilboðið gildir í Nettó Mjódd og Nettó Granda frá miðnætti í kvöld, 15.11.2013 til kl 02:00 16.11.2013

www.netto.is

Sjónvarpið kl 18.25 Landsleikur í fótbolta

Bein útsending frá fyrri leiknum við Króata um sæti á HM í Brasilíu næsta sumar. Leikurinn, sem er mikilvægasti leikur íslenskrar knattspyrnusögu hefst kl. 19.00.



Í KVÖLD



Family Guy

SKJÁR EINN KL. 20.05 Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á Skjá Einn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.

TV.COM 8,8 **IMDb** 8,4



Twenty Four

STÖÐ 2 GULL KL. 21.30 Nina reynir að aðstoða Jack við að finna Teri með því að rekja símtöl hennar. Nýr yfirmaður tekur við af Jack og Palmer grunar að Carl ætli að myrða sálfræðing Keiths.

TV.COM 9,0 **IMDb** 8,4



Harry Potter og fanginn frá Azkaban

STÖÐ 2 KL. 21.05 Mögnuð ævintýramynd sem fjallar um Harry Potter sem er nú á þriðja ári sínu í Hogwarts og kemst að því að hættulegur glæpamaður hefur sloppið úr Azkaban-galdrangelsinu.

TV.COM 9,0 **IMDb** 7,7

Bylgjan kl. 10.00 Ívar Guðmundsson

Ívar Guðmundsson sér um morgnana frá 10-13 og er þátturinn hans fyrsti og fremsti skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útvarp. Ívar er dagskrárstjóri Bylgjunnar.



HM 2014 UMSPIL

RONALDO-ZLATAN



OZ

Fylgstu með leiknum á OZ-inu á meðan Ísland-Króatía stendur yfir!

PORTÚGAL-SVÍPJDÖÐ

Í kvöld kl. 19:35

Nú er komið að lokasprettinum í undankeppni HM. Tveir af bestu fótboldamönnum heims mætast, Cristiano Ronaldo og Zlatan Ibrahimovic. Annar þeirra kemst á HM í Brasilíu, hinn situr eftir. Tekst nágrönnum okkar frá Svíþjóð að slá út stórlíð Portúgal?

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is



STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Malcolm In The Middle
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.20 Drop Dead Diva
- 11.05 Fairly Legal
- 11.50 Dallas
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Mistresses
- 13.45 Splitting Heirs
- 15.15 Waybuloo
- 15.35 Skógardýrið Húgó
- 16.00 Geimkeppni Jóna björns
- 16.25 Ellen
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Popp og kók Flottur og ferskur þáttur með Unni Eggertsdóttur.
- 19.50 The Simpsons
- 20.15 Hello Ladies (7:8)
- 20.50 Logi í beinni Laufléttur og skemmtilegur þáttur í umsjá Loga Bergmann.
- 21.40 Harry Potter og fangann frá Azkaban Mögnuð ævintýramynd sem fjallar um Harry Potter sem er nú á þriðja ári sínu í Hogwarts og kemst að því að hættulegur glæpamaður hefur sloppið úr Azkaban-galdrangelsinu.
- 00.05 Red Lights Spennumynd frá 2012 með Sigourney Weaver, Robert De Niro og Cillian Murphy í aðalhlutverkum. Sálfræðingurinn Margaret Matheson og aðstoðarmaður hennar Tom Buckley eru sérfræðingar í að fletta ofan af svikhröppum sem segjast búa yfir yfirnáttúrulegum kröftum.
- 02.00 The Cell 2 Hörkuspennandi hrollvekja en hér er á ferðinni framhald af fyrri mynd sem sló í gegn árið 2000.
- 03.30 Streets of Blood
- 05.00 Splitting Heirs
- 06.25 The Simpsons

SPORT besta sætið

- 15.00 Formúla 1 - Bandaríkin - Æfing 1 Bein útsending
- 16.50 Króatía - Ísland Útsending frá leik Króatíu og Íslands sem fram fór 26. maí 2005 í undankeppni HM árið 2006.
- 18.30 Þór Þorlákshöfn Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominosdeild karla í körfubolta.
- 19.05 Meistaradeild Evrópu - fréttarþáttur
- 19.35 Portúgal - Svíþjóð Bein útsending
- 21.40 Þór Þorlákshöfn
- 22.10 Sportspjallið
- 22.40 Portúgal - Svíþjóð
- 00.20 England - Síle

SPORT 2 enski boltinn

- 16.30 Chelsea - WBA
- 18.10 Liverpool - Fulham
- 19.50 England - Síle Bein útsending
- 21.55 Football League Show
- 22.25 Premier League World
- 22.55 Aston Villa - Cardiff City
- 00.35 Tottenham - Newcastle



20.00 Hrafnabing 21.00 Randver í lðnó 21.30 Eldað með Holta

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

- 16.25 Jamie's Ministry of Food
- 17.15 Raising Hope
- 17.40 Don't Trust The B...in Ap
- 18.05 Cougar Town
- 18.30 Funny or Die
- 19.00 The Great Escape
- 19.40 Smash (10:17)
- 20.25 Super Fun Night (6:13)
- 20.50 The X-Factor US (16:26)
- 21.30 Grimm (1:22) Önnur þáttaröðin um persónur úr ævintýrum Grimmbræðra sem hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning. Nick Burkhardt er rannsóknarlögreglumaður sem sér hluti sem aðrir sjá ekki og hefur það hlutverk að elta uppi uppi alls kyns kynjaverur sem lifa meðal mannfólksins.
- 22.15 Strike back (10:10)
- 23.00 The Great Escape (10:10)
- 23.40 Smash
- 00.25 Super Fun Night
- 00.50 The X-Factor US
- 01.30 Grimm
- 02.15 Strike back
- 03.05 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

- 07.00 Dóra könnuður 07.23 Mörgæsirnar frá Madagaskar 07.45 Doddi litli og Eyrnastór 07.55 Sumardalsmyllan 08.00 Áfram Diego, áfram! 08.24 Svampur Sveins 08.48 Latibær 09.00 Ævintýri Tinna 09.22 Skoppa og Skríttla 09.35 Strumparnir 10.00 Lukku-Láki 10.24 Ofurhundurinn Krypto 10.45 UKI 10.50 Hvellur keppnisbíll 11.00 Dóra könnuður 11.23 Mörgæsirnar frá Madagaskar 11.45 Doddi litli og Eyrnastór 11.55 Sumardalsmyllan 12.00 Áfram Diego, áfram! 12.24 Svampur Sveins 12.48 Latibær 13.00 Ævintýri Tinna 13.22 Skoppa og Skríttla 13.35 Strumparnir 14.00 Lukku láki 14.24 Ofurhundurinn Krypto 14.45 UKI 14.50 Hvellur keppnisbíll 15.00 Dóra könnuður 15.23 Mörgæsirnar frá Madagaskar 15.45 Doddi litli og Eyrnastór 15.55 Sumardalsmyllan 16.00 Áfram Diego, áfram! 16.24 Svampur Sveins 16.48 Latibær 17.00 Ævintýri Tinna 17.22 Skoppa og Skríttla 17.35 Strumparnir 18.00 Lukku-Láki 18.24 Ofurhundurinn Krypto 18.45 UKI 18.50 Hvellur keppnisbíll 19.00 Rauðhetta 20.30 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 17.55 Strákarnir
- 18.25 Friends
- 18.45 Seinfeld
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men (17:22)
- 20.00 Það var lagið
- 21.05 It's Always Sunny In Philadelphia (4:15)
- 21.30 Twenty Four (10:24)
- 22.55 A Touch of Frost
- 00.40 The Kennedys (2:8)
- 01.25 Gavin and Stacey
- 02.00 Footballers Wives
- 02.55 Það var lagið
- 04.00 It's Always Sunny In Philadelphia
- 04.25 Twenty Four
- 05.50 A Touch of Frost

BÍÓ

- 11.50 Happy Gilmore
- 13.25 Mr. Popper's Penguins
- 15.00 The Descendants
- 16.55 Happy Gilmore
- 18.30 Mr. Popper's Penguins
- 20.05 The Descendants
- 22.00 What to Expect When You are Expecting
- 23.50 Savages
- 02.00 The Matrix Reloaded
- 04.15 What to Expect When You are Expecting

RÚV

- 14.20 Íslenski boltinn
- 14.50 Villt og grænt
- 15.20 Ástareldur (Sturm der Liebe)
- 17.00 Litli prinsinn
- 17.23 Hið mikla Bé
- 17.45 Tákn málsfréttir
- 18.00 Fréttir og veður
- 18.25 Landsleikur í fótbolta (Ísland - Króatía) Bein útsending frá fyrri leiknum við Króata um sæti á HM í Brasilíu næsta sumar. Leikurinn hefst kl. 19.00.
- 21.20 Útvarp (Kópavogur - Rangárbing eystra) Spurningakeppni sveitarfélaga. Í þessum þætti keppa lið Kópavogs og Rangárbings eystra. Umsjónarmenn eru Sigmur Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.
- 22.30 Jötuninn ógurlegi (The Incredible Hulk) Erfðafræðingurinn dr. Bruce Banner varð fyrir óhappi þegar hann var að gera tilraun og eftir það breyttist hann í grænan jötun ef hann kemst í uppnám. Nú hefur hermaður breytt sér í ógnvekjandi skrímsli með sömu aðferð og jötuninn þarf að takast á við það.
- 00.20 Beck - Lögfræðingurinn (Beck. Advokaten)
- 01.50 Útvarpsfréttir


SKJÁR EINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.25 Dr. Phil
- 09.10 Pepsi MAX tónlist
- 15.40 Once Upon A Time
- 16.30 Secret Street Crew
- 17.20 Borð fyrir fimm
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 Happy Endings
- 18.55 Minute To Win It
- 19.40 America's Funniest Home Videos (5:44)
- 20.05 Family Guy (2:21) Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á Skjá Einn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.
- 20.30 The Voice (8:13) Spennandi söngþættir þar sem röddin ein sker úr um framtíð söngvarans. Heimsþekktar poppstjörnur skipa sem fyrr dómnefndina en Christina Aguilera og Cee Lo Green snúa nú aftur eftir hlé.
- 23.00 French Kiss Rómantísk gamanmynd frá árinu 1995 með þeim Meg Ryan, Kevin Kline og Timothy Hutton í aðalhlutverkum. Kate er trúlofuð og með allt á hreinu en þegar unnustinn fellur fyrir annarri konu í París yfirstígur hún flughræðsluna og flýgur til Frakklands til að taka í taumana.
- 00.55 Excused
- 01.20 The Bachelor
- 02.50 Ringer
- 03.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 Eurosport 08.00 DP World Tour 2013
- 13.00 DP World Tour 2013 17.00 Inside the PGA Tour 17.25 DP World Tour 2013 19.00 OHL Classic 2013 22.00 OHL Classic 2013 01.00 Eurosport

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 Kaninn
- FM 102,2 Útv. Latibær
- FM 102,9 Lindin
- FM 105,5 Útvarp Boðun



Endurminningar Ragnars Stefánssonar jarðskjálftafræðings

Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur hefur lengi verið áberandi í íslensku þjóðlífi. Í þessari bók rekur hann dramatíska fjölskyldusögu sína, uppvöxt og áhrifavalda, starf sitt í áratugi sem einn helsti jarðskjálftafræðingur okkar, og ekki síst pólitísk afskipti sín en hann varð snemma tákngevingur fyrir pólitískt andóf gegn hersetu Bandaríkjanna á Íslandi, Víetnamstríðinu, og fyrir baráttu íslenskrar alþýðu fyrir bættum kjörum.

**Opinská og heiðarleg baráttusaga,
og jafnframt stórskemmtileg!**

Ólafur Haukur í essinu sínu!

Strákurinn Óli er að verða að manni – og skáldi. Glæsilegur lokahnykkur á þrileiknum sem hófst með *Flugu á vegg* og *Fuglalífi á Framnesvegi*.

„Bókin er rosalega vel skrifuð ... dásamlegar lýsingar ...“

Egill Helgason, Kiljunni 30. okt.

„Það er virkilega hægt að hafa gaman að þessari bók.“

Soffía Auður Birgisdóttir, Kiljunni 30. okt.



Skáldaspegill – nýjasta bók Ólafs Ormssonar

Tímar Lystræningjans. Hér er sögð ævintýraleg saga þessa merka menningartímarits. Sagt er frá skáldum og bóhemum á 8., 9. og 10. áratug aldarinnar, skrautlegum uppkomum, baráttunni við Bakkus og jafnframt er hún frábær lýsing á tíðarandanum í Reykjavík á síðustu árum 20. aldar.

„... dregur upp skarpar og skemmtilegar myndir af íslensku þjóðlífi síðustu áratuga - ekki síst af pólitík og menningarlífi. ... Margar mannlýsingar hans eru eftirminnilegar. Virkilega fín bók ...“

Ólafur P. Harðarson

„Bráðskemmtilegar og áhugaverðar lýsingar á mönnum og málefnum þessara ára og fram á okkar dag.“

Sveinn Guðjónsson



SKRUDDA

www.skrudda.is

HELGIN



Ég ætla að byrja helgina á að fara á landsleikinn og sjá þennan magnaða leik. Á laugardaginn ætla ég út að borða með konunni og á sunnudaginn ætjum við í spa. Ég þarf að mýkja hana upp því á mánudaginn flýg ég út til Englands.

Gunnar Jarl Jónsson knattspyrnudómari

Retro Stefson í hollensku lagi

Hollenska rafhljómsveitin Kraak&Smaak fékk Retro Stefson í lið með sér.

„Þetta gekk allt mjög vel, lagið er mjög gott,“ segir Logi Pedro Stefánsson í hljómsveitinni Retro Stefson en hann söng, ásamt Unnsteini Manúel, bróður sínum, í lagi með hollensku rafhljómsveitinni Kraak&Smaak.

Retro Stefson var á tónleikaferðalagi þegar hugmynd um samstarf kom upp. „Þeir höfðu heyrt okkur spila og höfðu samband. Vildu fá okkur til að syngja í einu lagi. Þeir vissu að við áttum nokkra frídaga í Berlín, svo þeir flugu frá Hollandi og leigðu hljóðver,“ bætir Logi við. Kraak&Smaak er afar vinsæl í raftónlistargeiranum og kom meðal annars fram í spjallþætti Jimmy Kimmel í Bandaríkjunum. Þetta lag var þó ekki eina samstarfsverkefni sveitanna

veggja. „Þeir endurhljóðblönduðu lagið okkar Qween. Það kom ótrúlega vel út.“

Annars er í nógu að snúast hjá Retro Stefson. Sveitin heldur svokallað Blokkpartí um helgina vegna plátínusölu á plötu sveitarinnar, sem ber einnig nafnið Retro Stefson, á skemmtistaðnum Harlem. Plötusnúðar munu sjá um að skemmta gestum.

kjartan@frettabladid.is



ÁNÆGDUR MEÐ ÚTKOMUNA Logi Pedro er ánægður með samstarfið við Kraak&Smaak.

Óhefðbundin jólaplata

Sigríður Thorlacius túlkar fallegan einfaldleika jóllanna.

„Þetta eru allt saman ný lög við gömul jólaljód þar sem yrkisefnið er ljós og kerti og friður, en ekki jólasveinar og jólapakkar,“ segir Sigríður Thorlacius söngkona, sem hefur sent frá sér nýja jólaplöt.

Lögin á plötunni eru samin af Guðmundi Óskari Guðmundssyni bassaleikara og Bjarna Frímanni Bjarnasyni, píanó- og fíðuleikara. Auk þeirra leika þeir Ómar Guðjónsson gítarleikari og Helgi Svavar Helgason trommuleikari á plötunni.

Textarnir á plötunni spanna nokkuð langt tímabil, þeir elstu eiga rætur sínar að rekja til aldamótanna 1900 en þeir yngstu ná allt til aldamótanna 2000. Á meðal þeirra skálda sem eiga ljóð á plötunni eru Jóhannes úr Kötlum og Jakobína Sigurðardóttir. Platan, sem heitir Jólakveðja,



NÝ JÓLALÖG Sigríður Thorlacius sendir frá sér plötuna Jólakveðja.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

er ekki hin dæmigerða jólaplata því lítið er um jólabjöllur og jólahljóð. „Þetta er í raun plata sem gæti verið spiluð allt árið um kring en það er samt hátíðarbragur yfir henni,“ bætir Sigríður við að lokum.

- glp

Baltasar gerir fangelsismynd með Universal

Leikstjórinn Baltasar Kormákur er kominn á góðan stað í kvikmyndabransanum vestan hafs. Hann hefur tökur á myndinni Everest strax eftir áramót og skrifaði nýverið undir samning hjá kvikmyndarísanum Universal um að gera fangelsismynd.

„Ég flýg út til Nepal 6. janúar og byrja á tökum á kvikmyndinni Everest tveimur dögum seinna. Ég verð þar í tæpan mánuð, fer síðan til Ítalíu og tek upp í Dólómítáfjöllum. Því næst verða einhverjar tökur í London og svo kem ég hingað heim þar sem ég verð aðallega í eftirvinnslu á myndinni,“ segir leikstjórinn Baltasar Kormákur. Hann er búinn að tryggja sér fjármagn til að taka upp myndina Everest sem byggð er á bókinni Into Thin Air eftir Jon Krakauer.

Með aðalhlutverk í myndinni fara Jake Gyllenhaal, Josh Brolin, John Hawkes og Jason Clark. Ekki er þó víst að Íslendingar fái að berja þessar stórstjörnur augum.

„Það gætu orðið einhverjar tökur á Íslandi en óljóst er hvort leikararnir koma til landsins. Það fer mikill tími í eftirvinnslu á myndinni og hún er ansi flókin. Stór hluti er unninn í tölvu og auk þess er myndin í þrívídd. Það eru hátt í hundrað manns sem vinna við eftirvinnslu þannig að það er allavega eitt ár þangað til ég skila af mér myndinni. Það væri ánægjulegt að ná henni í kvikmyndahús jólin 2014 en það er langsótt að

það takist,“ segir Baltasar. Hann er með mörg járn í eldinum, næstum því of mörg, og veit ekki nákvæmlega hvaða verkefni hann ræðst næst í þegar tökum á Everest lýkur.

„Universal er búid að semja við mig um að gera fangelsismynd sem ég framleiði, skrifa og hugsanlega leikstýri ef ég kæri mig um. Það er spennandi verkefni. Ég held samt að ég reyni að komast í víkingamyndina sem ég ætla að gera næst sem er öll

KOMA KANNSKI

Ekki er víst að stjörnur á borð við Jake Gyllenhaal og Josh Brolin komi til Íslands vegna Everest.



tekin á Íslandi. Svo vil ég mynda Grafarþögn og Sjálfstætt fólk og sjónvarpsseriuna Ófærð og aðra í tengslum við tölvuleikinn Eve Online,“ segir Baltasar. Auk þess að vinna að eigin hugmyndum fær hann reglulega tilboð frá stóru kvikmyndaverunum vestan hafs.

„Ég hef hafnað þeim hingað til. Ég fékk til dæmis boð um að leikstýra Fast & the Furious 7 en ég hafnaði því. Ég hafði einfaldlega ekki áhuga. Það er mjög góð tilfinning að vera í þeirri stöðu að segja nei. Ég vil gera verkefni sem vekja áhuga minn. Ég vil fara í metnaðarfullri verkefni. Það er frábær staða að fá þessi boð en maður getur fest í því að gera risamyndir og það er lúppa sem maður kemst ekki auðveldlega út úr. Það er eins og að taka í höndina á djöflinum. Maður selur sig allan. Það er gott að finna hitann og verma sig við hann en ég forða mér áður en ég brenni mig. Ég vil ekki gera eitthvað sem gerir mömmu ekki stolta af mér og auðvitað vill maður að fólk í kringum mann sé ánæggt með það sem maður er að gera.“

lijakatrin@frettabladid.is

Á HRADRI UPPLEID

Tilboðunum rignir yfir Baltasar. Hann vill frekar gera myndir sem vekja áhuga hans en selja sálu sína stórum kvikmynda-verum.

SAGA SEM LIFIR MEÐ ÞJÓÐINNI

SIGRÚN OG FRIDGEIR - FERÐASAGA



SIGRÚN PÁLSDÓTTIR SKRIFAR UM EINSTAKT FÓLK OG STRÍÐSTÍMA AF FÁGÆTU NÆMI.



Útgáfuhóf og kynning í Þjóðmenningarhúsinu á morgun, laugardag, kl. 17. Verið velkomin!

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Brjáluð móðir drepur Helga

Rapparn Helgi Sæmundur úr sveitinni Úlfur Úlfur leikur í nýrri kvikmynd.

„Þetta var rosalega skemmtileg reynsla,“ segir rapptónlistarmaðurinn Helgi Sæmundur Guðmundsson úr hljómsveitinni Úlfur Úlfur leikur hlutverk í leiknu heimildarmyndinni Walkers, sem fjallar um afturgöngur á Íslandi. Helgi leikur vinnumann sem á í ástarsambandi við stúlku þvert á vilja móður hennar. „Móðirin er svo ósátt við þetta ástarsamband að á endanum drepur hún mig,“ segir Helgi. Myndin er samstarfsverkefni ungra kvikmyndagerðarmanna sem safna nú á vef Karolina Fund, í von um að ná að fjármagna lokastig myndarinnar. Að sjálfsögðu vonast Helgi til þess að myndin verði kláruð. En aðkomu Helga að kvikmyndinni bar skjótt að höndum. „Ég fékk óvænt símtal frá einum aðstandanda myndarinnar. Ég hef ekki leikið áður og það er ekki í mínum plönnum að hella mér út í leiklistina. En ef einhverjum leikstjóra líst vel á mig í myndinni þá er ég mjög til í að leika meira.“



TEKUR SIG VEL ÚT

Hér má sjá Helga Sæmundur í leikaragírnum í kvikmyndinni Walkers.

Hljómsveitin Úlfur Úlfur vinnur nú að útgáfu nýrrar plötu. „Við stefnum á að gefa hana út í febrúar. Við höfum verið að skoða útgáfumál. Nokkrir útgefendur hafa rætt við okkur, en það gæti endað með því að við gefum plötuna bara út sjálfir.“ Helgi er nú fluttur úr höfuðborginni og býr á Hellu, ásamt kærustu sinni sem er dýralæknir

í Rangársveit. „Það gerir samstarf okkar Arnars (Freys Frostasonar) aðeins erfiðara. Ég er með hljóðver herna heima og bíð eftir því að hann komi í kjúkling og rapp,“ segir Helgi en lítið er eftir af plötunni að hans sögn. „Þetta er mestmegnis einhver frágangsvinna sem er eftir. Hún er nánast fullkláruð.“

kjartan@frettabladid.is

VIÐ LÖGÐUM OKKAR AF MÖRKUM FYRIR LANDSLEIKINN

Þegar mikið liggur við og þörf er á
skjótum viðbrögðum, kemur
TVG-Zimsen með lausnina.

TVG-Zimsen sá um flutning vallardúksins
sem KSÍ lét leggja á Laugardalsvöll
fyrir komandi átök.

TVG-ZIMSEN

ÁFRAM ÍSLAND!

TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMÉDLON

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stúlka fædd

Sjónvarpskonan **Helga Arnardóttir** eignaðist stúlku á miðvikudag með manni sínum, Lottó-pulnum Reyni Erni Prastarsyni. Er þetta fyrsta barn þeirra saman en fyrir á Reynir strák úr fyrra sambandi. Heilsast fjölskyldunnar afar vel og eru allir í skýjunum með nýja fjölskyldu-meðliminn.



Öskrar eins og smástelpa

Vikan hefur verið viðburðarík hjá söngvaranum **Valdimari Guðmundssyni**. Hann hlaut Súluna, menningarverðlaun Reykjanesbæjar, með hljómsveit sinni Valdimar fyrr í vikunni. Í gærmorgun flaug hann síðan til London á tónleika með hljómsveitinni National. Var hann afar spenntur fyrir tónleikunum og lýsti því á Facebook-síðu sinni: „Ég hugsa að ég muni kasta nærbuxunum mínum upp á svið og öskra eins og smástelpa.“ - lkg



Mest lesið **VÍSIR**

- Francisca fær nýja tölvu frá Tölvu-listanum
- Leita að fartölvu fyrir Franciscu
- Skálmöld spilaði fyrir drottninguna
- Fékk grjóthnullung frá vörubíl í rúðuna með kornabarn í aftursætinu
- Segir dýra skó ódýrari en ódýrir skór

LÆRDÓMSRIT BÓKMENNTAFÉLAGSINS



Fjölbreytt – skemmtileg – fræðandi
Nú 86 titlar. Nánar á www.hib.is

HÍÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG



744 hundar - 83 tegundir - 26 ungir sýnendur

Hundaræktarfélag Íslands - félag allra hundaeigenda - stofnað 1969

Alþjóðleg hundasýning Hundaræktarfélags Íslands

16. - 17. nóvember að Klettagörðum 6, 104 Reykjavík

Dómarar sýningar eru frá Íslandi, Írlandi, Hollandi, Slóveníu og Finnlandi
Sýningin stendur frá kl. 9-17 laugardag og sunnudag
Keppni ungra sýnenda fer fram föstudaginn 15. nóvember kl. 20:00

Meðal viðburða

Hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna
Virðulegir öldungar láta ljós sitt skína
Fallegustu hundar sýningar valdir
Viðamikil starfsemi HRFÍ kynnt

Kynning á hundategundum
Sölu- og kynningabásar
- ýmis sértíloboð
Veitingasala



Sjá dagskrá á hrfi.is

Fullorðnir 700 kr. Börn yngri en 12 ára
og í fylgd með fullorðnum fá fritt inn, annars 400 kr.

